

ÁRSSKÝRSLA 2004-2005



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Fjögur meginmarkmið í starfi Samtaka atvinnulífsins

- Að vera heildarsamtök íslenskra atvinnurekenda og málsvari þeirra í almennum hagsmunamálum atvinnulífsins.
- Að hafa mótandi áhrif á starfsumhverfi atvinnulífsins og stuðla að samkeppnishæfum og arðsömum atvinnurekstri.
- Að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi atvinnurekenda að sameiginlegum hagsmunamálum.
- Að annast samskipti við stéttarfélög og gera kjarasamninga fyrir hönd aðildarfyrirtækja sem falið hafa samtökunum umboð til þess. Jafnframt að leiðbeina aðildarfyrirtækjum um framkvæmd kjarasamninga og önnur vinnumarkaðsmál.

ÁRSSKÝRSLA 2004–2005

AÐALFUNDUR
3. MAÍ 2005



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

EFNISYFIRLIT

Ávarp formanns	3
1. kafli: Stjórnir, nefndir og aðildarfélög Samtaka atvinnulífsins	4
2. kafli: Efnahags- og atvinnumál	7
3. kafli: Kjara- og samningamál	12
4. kafli: Stofnanir á vinnumarkaði	16
5. kafli: Jafnréttismál.	19
6. kafli: Lífeyrismál	21
7. kafli: Umhverfismál og vinnuvernd	23
8. kafli: Alþingi og dómstólar	25
9. kafli: Alþjóðamál.	28
10. kafli: Menntastarf Samtaka atvinnulífsins	32
11. kafli: Útgáfa og kynning	36
12. kafli: Rekstur samtakanna, innra starf og skipulag	39
Skipurit Samtaka atvinnulífsins	42
Áritun endurskoðanda.	43
Ársreikningur Samtaka atvinnulífsins 2003	44
Ársreikningur Réttarverndarsjóðs SA	45
Ársreikningur Vinnudeilusjóðs SA	46

Ritstjórn og umsjón með ársskýrslu: Gústaf Adolf Skúlason

Ljósmyndir: Bragi Þór Jósefsson, Kristján Maack, Hreiðar Þór Björnsson, starfsfólk SA o.fl.

Hönnun og umbrot: Árni Pétursson, Odda hf.

Prentvinnsla Oddi hf.

ÁVARP FORMANNS



Ingimundur Sigurpálsson
formaður Samtaka atvinnulífsins

Líkt og á síðasta starfsári hefur gerð kjarasamninga borið hvað hæst í starfsemi Samtaka atvinnulífsins undanfarið ár. Frá því í mars 2004 hafa samtökin átt aðild að gerð hátt á annað hundrað kjarasamninga, sem flestir gilda til ársloka 2007, og er samningalotu samtakanna nú lokið í bili. Meðal annarra málaflokka, sem fengið hafa mikla umfjöllun, má nefna lífeyrismál og málefni erlends starfsfólks á íslenskum vinnumarkaði. Þá hafa samtökin að vanda beitt sér í ýmsum málum, er varða starfsumhverfi íslenskra fyrirtækja, svo sem á sviði efnahagsmála, skattamála, umhverfismála og eftirlits með atvinnustarfsemi.

Óhætt er að segja, að á undanförunum árum hafi mikill árangur náðst í íslensku atvinnulífi. Hagvöxtur hefur verið með allra mesta móti hér á landi og bendir flest til þess að svo verði enn, ef fram heldur sem horfir. Íslendingar eru ofarlega á lista OECD yfir ríkustu þjóðir heims, og er íslenskt hagkerfi jafnframt á listum yfir samkeppnishæfustu hagkerfi í viðri veröld. Erlend fjárfesting hér á landi er í sögulegu hámarki vegna stóriðjuframkvæmda, fjölmörg íslensk fyrirtæki hafa treyst stöðu sína á innlendum markaði, mörg þeirra hafa margfaldað umsvif sín erlendis og verulegur uppgangur hefur verið á hlutabréfamarkaði. Það má því með sanni segja, að íslenskt atvinnulíf leiki um þessar mundir í úrvalsdeild.

Sæti í þeirri deild er þó engan veginn sjálfgefið. Mikilvægustu viðfangsefnin nú um stundir tengjast hagstjórnarlegum vanda þess góðæris, sem Íslendingar búa almennt við. Aukin fjárfesting vegna stóriðjuframkvæmda og aukin einkaneysla, meðal annars vegna breytinga á lánakjörum á íbúðalánamarkaði, skrúfa upp eftirspurn eftir vörum og þjónustu og ógna stöðugleika verðlags og launa. Á sama tíma hafa Samtök atvinnulífsins ítrekað lagt áherslu á nauðsyn mótvægisáðgerða með auknu aðhaldi í fjármálum ríkis og sveitarfélaga. Í því skyni að sporna gegn hækkun verðlags hefur Seðlabankinn talið þörf á tíðum vaxtahækkunum. Í kjölfar þeirra hefur gengi krónunnar hækkað mjög, viðskiptahalli fer vaxandi og samkeppnisstaða atvinnugreina í alþjóðlegri samkeppni er orðin afar erfið.

Sú einkennilega staða er uppi, að á sama tíma og Seðlabankinn reynir að sporna gegn þenslu með hækkun vaxta er önnur ríkisstofnun, Íbúðalánasjóður, í harðri samkeppni við einkaaðila á lánamarkaði. Afleiðing þess kemur ótvírætt fram í ört hækkandi húsnæðisverði og stendur húsnæðisliðurinn að baki rúmum helmingi hækkunar verðlags. Það er því ljóst, að full þörf er á endurskoðun á hlutverki Íbúðalánasjóðs og er vandséð, að hann þjóni sérstökum tilgangi á lánamarkaði í samkeppni við þau fyrirtæki, sem haft hafa forgöngu um lækkun vaxta á húsnæðislánunum.

Þegar til lengdar lætur skipta umbætur í starfsskilyrðum atvinnulífsins afar miklu máli. Á undanförunum árum hafa fjölmörg skref verið stigin af framsýni, sem leitt hafa til verulegra umbóta á skattalegu umhverfi fyrirtækja hér á landi. Enn má þó betur gera í þeim efnum og leggja Samtök atvinnulífsins nú fram vandlega ígrundaðar tillögur á því sviði, sem meðal annars byggja á skýrslu, sem ráðgjafarfyrirtækið Deloitte vann að beiðni samtakanna. Í skýrslunni eru bornir saman greiddir skattar íslenskra og erlendra fyrirtækja.

Samtök atvinnulífsins leggja nú fram tillögur í ellefu málaflokkum, sem ætlað er að stuðla að bættu starfsumhverfi íslenskra fyrirtækja og þar með áframhaldandi þátttöku í úrvalsdeild. Tillögurnar eru lagðar fram í nýrri útgáfu ritsins Áherslur atvinnulífsins, sem tíu málefnaþópar á vegum samtakanna hafa lagt drög að með öflugum málefnaþarfi undanfarna mánuði.

Á tímum hnattvæðingar er lífsnauðsyn að fylgjast grannt með breytingum á starfsskilyrðum fyrirtækja í samkeppnislöndum og fylgja skjótt eftir nauðsynlegum breytingum á rekstrarumhverfi fyrirtækja hér á landi. Bættar samgöngur og aukin samskipti þjóða í milli fela í sér mikil tækifæri til vaxandi hagvaxtar víða um heim en gera jafnframt kröfur um virka þátttöku og ögrandi mótleiki. Ætli menn ekki að sitja eftir er eini leikurinn í stöðunni að spila með. Þar eiga Íslendingar mikla möguleika og munu Samtök atvinnulífsins leggja krafta sína í að tryggja Íslandi sæti í úrvalsdeild til frambúðar.

STJÓRNIR, NEFNDIR OG AÐILDARFÉLÖG SAMTAKA ATVINNULÍFSINS



1.1 AÐALFUNDUR SA 2004

Aðalfundur Samtaka atvinnulífsins var haldinn 4. maí 2004. Sagt er frá störfum fundarins í 12. kafla ársskýrslunnar.

1.2 FRAMKVÆMDASTJÓRN SA

Sagt er frá störfum framkvæmdastjórnar í 12. kafla ársskýrslunnar

Ingimundur Sigurpálsson formaður
Íslandsþóstur hf.

Þorgeir Baldursson varaformaður
Oddi hf. Prentsmiðja

Friðrik J. Arngrímsson
Landssamband ísl. útvegsmanna

Hreiðar Már Sigurðsson
KB-banki hf.

Kristín Jóhannesdóttir
Fjárfestingafél. Gaumur ehf.

Sigurður Á. Sigurðsson
Búr hf.

Vilmundur Jósefsson
Gæðafæði hf.

1.3 STJÓRN SA

Sagt er frá störfum stjórnar í 12. kafla ársskýrslunnar

Ingimundur Sigurpálsson formaður
Íslandsþóstur hf.

Þorgeir Baldursson varaformaður
Oddi hf. Prentsmiðja

Arnar Sigurmundsson
Samtök fiskvinnslustöðva

Björgólfur Jóhannsson
Síldarvinnslan hf.

Brynjólfur Bjarnason
Landssími Íslands hf.

Eiríkur Tómasson
Þorbjörn-Fiskanes hf.

Finnur Ingólfsson
Vátryggingafélag Íslands hf.

Friðrik J. Arngrímsson
Landssamband ísl. útvegsmanna

Grímur Sæmundsen
Bláa lónið hf.

Hjörleifur Jakobsson
Olíufélagið ehf.

Hreiðar Már Sigurðsson
KB-banki hf.

Jens Pétur Jóhannsson
Rafmagnsverkst. Jens Péturs

Kristín Jóhannesdóttir
Fjárfestingafél. Gaumur ehf.

Kristján Björn Garðarsson
Kísiliðjan hf.

Rannveig Rist
Alcan á Íslandi hf.

Sigurður Helgason
Icelandair ehf.

Sigurður Á. Sigurðsson
Búr hf.

Stefán Friðfinnsson
Íslenskir aðalverktakar hf.

Sveinn S. Hannesson
Samtök iðnaðarins

Vilmundur Jósefsson
Gæðafæði ehf.

Þorsteinn Már Baldvinsson
Samherji hf.

1.4 STJÓRN VINNUDEILUSJÓÐS SA

Arnar Sigurmundsson, SF
Bjarni Ármannsson, Íslandsbanki hf.
Þorgeir Baldursson, Oddi hf. prentsmiðja

1.5 STJÓRN RÉTTARVERNDARSJÓÐS SA

Friðrik J. Arngrímsson, LÍÚ
Jón Steindór Valdimarsson, SI
Ragnar Aðalsteinsson, SA

1.6 AÐILDARFÉLÖG SA OG STJÓRNIR ÞEIRRA

Stjórn LÍÚ

Björgólfur Jóhannsson formaður
Einar Valur Kristjánsson
Eiríkur Tómasson
Elfar Aðalsteinsson
Guðmundur Kristjánsson
Guðrún Lárusdóttir
Hjörtur Gíslason
Kristján Loftsson
Magnús Kristinnsson
Ólafur Marteinsson
Ólafur Rögnvaldsson
Sigurður Bjarnason
Sigurgeir B. Kristgeirsson
Þorsteinn Már Baldvinsson
Þorsteinn Erlingsson

Stjórn SAF

Jón Karl Ólafsson formaður
Anna Sverrisdóttir
Gunnar Guðmundsson
Hrönn Greipisdóttir
Ólafur Torfason
Stefán Eyjólfsson
Steingrímur Birgisson

Stjórn SART

Jens Pétur Jóhannsson formaður
Arnbjörn Óskarsson
Ásmundur Einarsson
Guðmundur G. Breiðfjörð
Guðmundur H. Jóhannsson
Magnús Gíslason
Jóhann Kristján Einarsson
Óskar Smári Haraldsson
Reynir Ásberg Nielsson
Sævar Óskarsson
Tómas R. Zoega

Stjórn SF

Arnar Sigurmundsson formaður
Gunnar Tómasson
Aðalsteinn Helgason
Einar Jónatansson
Ellert Kristinnsson
Guðmundur Smári Guðmundsson
Gunnar Larsen
Hermann Stefánsson
Jóhann Pétur Andersen
Jóhannes Pálsson
Jón E. Friðriksson
Kristján G. Jóakimsson
Kristján Hjaltason
Óskar Garðarsson
Sigurður Viggósson
Svavar Svavarsson
Örn Viðar Skúlason

Stjórn SFF

Hreiðar Már Sigurðsson formaður
Finnur Ingólfsson
Jón Sólnes

Stjórn SI

Vilmundur Jósefsson formaður
Aðalheiður Héðinsdóttir
Halla Bogadóttir
Hreinn Jakobsson
Hörður Arnarsson
Loftur Árnason
Sigurður Bragi Guðmundsson
Þorsteinn Viglundsson

Stjórn SVP

Hrund Rudolfsdóttir formaður
Björn Ágústsson
Brynjólfur Bjarnason
Finnur Árnason
Guðmundur Arason
Hjörleifur Jakobsson
Ingvi I. Ingason

1.7 SKRÁ YFIR NEFNDIR OG RÁÐ SEM SA EIGA AÐILD AÐ

ATVINNULEYSI OG VINNUMÍÐLUN

Atvinnuleysisstryggingasjóður – stjórn
Aðalm: Jón H. Magnússon, SA
Aðalm: Erna Hauksdóttir, SAF
Aðalm: Jón Rúnar Pálsson, SA
Varam: Hannes G. Sigurðsson, SA
Varam: Ragnar Árnason, SA
Varam: Kristín Jónsdóttir, SA

**Atvinnuleysistryggingar og vinnu-
markaðsaðgerðir**

Aðalm: Ragnar Árnason, SA
Varam: Hrafnhildur Stefánsdóttir, SA

Ábyrgðasjóður launa

Aðalm: Álfheiður M. Sívertsen, SA
Varam: Jón H. Magnússon, SA

Stjórn Vinnuálastofnunar

Aðalm: Jón H. Magnússon, SA
Varam: Hannes G. Sigurðsson, SA
Aðalm: Jón Rúnar Pálsson, SA
Varam: Ragnar Árnason, SA

Svæðisráð vinnumiðlana

SA skipa þrjá aðalmenn og varamenn þeirra í átta svæðisráð á landinu.

Úthlutunarnefndir atvinnuleysisbóta

SA skipa tvo aðalmenn og varamenn þeirra í níu úthlutunarnefndir atvinnuleysisbóta á landinu.

Langtímaatvinnuleysi og atvinnuleysi ungs fólks

Jón Rúnar Pálsson, SA

Ráðgjafarnefnd á sviði vinnuverndar

Aðalm: Jón Rúnar Pálsson, SA
Varam: Pétur Reimarsson, SA

Staða miðaldra og eldra fólks á vinnumarkaði

Aðalm: Jón H. Magnússon, SA
Varam: Gústaf Adolf Skúlason, SA

ALPJÓÐAMÁL**ILO-þing árið 2004 – fulltrúar SA**

Aðalm: Hrafnhildur Stefánsdóttir, SA
Varam: Jón H. Magnússon, SA

Sérfræðinganefnd ILO um starfsskilyrði á fiskiskipum

Jón H. Magnússon, SA

Evrópuþing ILO

Hrafnhildur Stefánsdóttir, SA

Samráðsnefnd Alþjóða vinnumálastofnunarinnar

Hrafnhildur Stefánsdóttir, SA

Ráðgjafarnefnd EFTA

Aðalm: Gústaf Adolf Skúlason, SA
Varam: Hannes G. Sigurðsson, SA

Eftirlitsnefnd með framkvæmd laga nr. 47/1993 um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan EES

Aðalm: Hrafnhildur Stefánsdóttir, SA
Varam: Jón H. Magnússon, SA

Samráðsnefnd félagsmálaráðuneytis vegna EES samningsins

Aðalm: Hrafnhildur Stefánsdóttir, SA
Varam: Jón Rúnar Pálsson, SA

Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands

Gústaf Adolf Skúlason, SA

Evrópufræðasetur við Viðskiptaháskólann á Bifröst

Aðalm: Gústaf Adolf Skúlason, SA
Varam: Hrafnhildur Stefánsdóttir, SA

FÉLAGS- OG KJARAMÁL**Kjararannsóknarnefnd**

Hannes G. Sigurðsson, SA
Sigurður Jónsson, SVÞ

Kaupskrárnefnd varnarsvæða

Aðalm: Hannes G. Sigurðsson, SA
Varam: Ragnar Árnason, SA

Kærunefnd vegna Kaupskrárnefndar

Aðalm: Jón H. Magnússon, SA
Varam: Álfheiður M. Sívertsen, SA

Nefnd SA og ASÍ um samningsforsendur

Ari Edwald, SA
Hannes G. Sigurðsson, SA

Ráðgjafarnefnd Hagstofu Íslands um vísitölu neysluverðs

Guðlaugur Stefánsson, SA

Ráðgjafarnefnd Hagstofu Íslands um vinnumarkaðsrannsóknir

Hannes G. Sigurðsson, SA

Notendahópur Hagstofu Íslands um þjóðhagsreikninga

Hannes G. Sigurðsson, SA

Samráðshópur um opinber innkaup

Álfheiður M. Sívertsen, SA
Kristrún Heimisdóttir, SI
Brynja Halldórsdóttir, BYKO hf.

Nefnd til að yfirfara stöðu leigumarkaðar og tillögur um hvernig megi auka framboð leiguhúsnæðis

Hannes G. Sigurðsson, SA

FÉLAGSDÓMUR**Félagisdómur**

Aðalm: Valgeir Pálsson, Tryggingamiðstöðin hf.
Varam: Pétur Guðmundarson, Logos lögmannsstofa

JAFNRÉTTISMÁL**Jafnréttisráð**

Aðalm: Gústaf Adolf Skúlason, SA
Varam: Hrafnhildur Stefánsdóttir, SA

LIFEYRISJÓÐIR

SA tilnefna 36 fulltrúa atvinnurekenda og varamenn þeirra í stjórnir 14 lifeyrissjóða skv. reglugerðum sjóðanna. *Sjá 6. kafla ársskýrslunnar um lifeyrismál*

MENNTAMÁL

SA tilnefna í ýmis ráð og nefndir er varða menntamál.
Sjá nánar í 10. kafla ársskýrslunnar um menntamál.

Vísinda- og tækniráð

Aðalm: Ingvar Kristinsson, Hugvit hf.
Aðalm: Kristján Þórarinnsson, LIÚ
Varam: Hilmar Janusson, Össur hf.
Varam: Kristinn Andersen, Marel hf.

Ráðgjafarnefnd Rannsóknarstofnunar byggingariðnaðarinnar

Sigfús Thorarensen, ÍSTAK hf.

Stjórn Rannsóknarþjónustu Háskóla Íslands

Hermann Kristjánsson, VAKI-DNG ehf.
Davíð Stefánsson, IMG ráðgjöf
Guðrún Hálfánardóttir,
Morgunblaðið – Árvakur hf.

SAMGÖNGUMÁL**Flugráð**

Aðalm: Jens Bjarnason, Icelandair ehf.
Varam: Hallgrímur Jónsson, Icelandair ehf.
Aðalm: Jón Karl Ólafsson, Flugfélag Íslands hf.
Varam: Friðrik Adolffsson, Flugfélag Íslands hf.

Hafnarráð

Aðalm: Friðrik J. Arngrímsson, LIÚ
Varam: Ólafur J. Briem, SÍK

UMHVERFISMÁL

Starfshópur til að undirbúa gildisstöku laganna um varnir gegn mengun hafs og stranda
Pétur Reimarsson, SA

Samráðshópur stjórnar Sorpu og SA

Pétur Reimarsson, SA
Sveinn Hannesson, SI
Sigurður Jónsson, SVÞ



Umhverfisfræðsluráð

Aðalm: Pétur Reimarsson, SA
Varam: Jónína Gissurardóttir, SA

Fjórða Umhverfisþing – starfshópur til undirbúnings

Pétur Reimarsson, SA

Dagur umhverfisins 25. apríl – ákvörðun viðurkenninga

Pétur Reimarsson, SA

Umhverfismerkisráð

Pétur Reimarsson, SA

Neysluvatnsmál – nefnd

Bryndís Skúladóttir, SI

Endurskoðun á lögum um landmælingar og kortagerð

Reimar Pétursson, SA

Nefnd sem hafi það verkefni að gera tillögur um skýra verka- og kostnaðarskiptingu milli úrvinnslusjóðs og sveitarfélaga

Sveinn Hannesson, SI

UPPLYSINGA- OG TÖLVUMÁL**Samráðshópur um fjarskiptaáætlun 2005–2010**

Guðni B. Guðnason, ANZA hf.
Guðfinnur Johnsen, LÍÚ

Stýrihópur um tilraunasamfélög fyrir rafræn viðskipti í Evrópu

Haukur Oddsson, Íslandsbanki hf.

ÚTFLUTNINGS- OG SAMKEPPNISMÁL**Samráðsnefnd atvinnulífs og stjórnvalda um utanríkisviðskipti og útflutningsaðstoð**

Ari Edwald, SA

VINNUVERNDAR-, ÖRYGGIS- OG HEILBRIGÐISMÁL**Vinnueftirlit ríkisins – stjórn**

Aðalm: Pétur Reimarsson, SA
Aðalm: Jón Rúnar Pálsson, SA
Varam: Ragnheiður Héðinsdóttir, SI
Varam: Ásbjörn Einarsson, Mjöll-Frigg hf.

Heilsuvernd starfsmanna

Aðalm: Pétur Reimarsson, SA
Varam: Jón Rúnar Pálsson, SA

HEILBRIGÐISNEFNDIR**Umhverfis- og heilbrigðisnefnd Reykjavíkur**

Aðalm: Ólafur Jónsson, Skeljungur hf.
Varam: Erna Hauksdóttir,
Samtök ferðaþjónustunnar

Heilbrigðisnefnd Vesturlands

Aðalm: Sigrún Pálsdóttir,
Íslenska járnblendifélagið hf.
Varam: Guðmundur Páll Jónsson,
HB Grandi hf.

Heilbrigðisnefnd Vestfjarða

Aðalm: Einar Valur Kristjánsson,
Hraðfrystihúsið-Gunnvör hf.
Varam: Örn Ingólfsson, Póls hf.

**Heilbrigðisnefnd Norðurlandssvæðis vestra**

Aðalm: Steinar Svavarsson,
Þormóður rammi-Sæberg hf.
Varam: Rúnar Marteinson,
Þormóður rammi – Sæberg hf.

Heilbrigðisnefnd Norðurlandssvæðis eystra

Aðalm: Ólafur Jónsson, Bústólpi ehf.
Varam: Guðmundur H. Sigurðarson,
Arkitekta- og verkfræðistofa
Hauks ehf.

Heilbrigðisnefnd Austurlandssvæðis

Aðalm: Benedikt Jóhannsson, Eskja hf.
Varam: Svanbjörn Stefánsson,
Sildarvinnslan hf.

Heilbrigðisnefnd Suðurlands

Aðalm: Guðmundur Eliasson, Víkurskálinn ehf.
Varam: Lúðvík Börkur Jónsson, Berghóll ehf.

Heilbrigðisnefnd Suðurnesja

Aðalm: Kristín Gísladóttir, Bláa lónið hf.
Varam: Stefán Sigurðsson,
Skipasmíðastöð Njarðvíkur hf.

Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogsvæðis

Aðalm: Gestur Pétursson, InPro ehf.
Varam: Bryndís Hilmarsdóttir,
Síld og fiskur ehf.

Heilbrigðisnefnd Kjósarsvæðis

Aðalm: Þóra Gréta Þórisdóttir, Sigurplast hf.
Varam: Bjarni Óli Haraldsson,
Veislan-veitingaeldhús ehf.

YMSAR NEFNDIR**Eftirfylgni með verðmyndun garðyrkjuafurða og ávaxta**

Ari Edwald, SA

Nefnd til ráðgjafar um eftirlit á vegum hins opinbera og framkvæmd laganna. Fimm manna nefnd skipuð af forsætisráðuneyti

Ari Edwald, SA

Landsnefnd alþjóða verslunarráðsins – ICC

Ari Edwald, SA

Starfshópur sem geri tillögur að bættri þjónustu á sviði starfsendurhæfingar

Ragnar Árnason, SA

Nefnd til að endurskoða lög um heilbrigðisþjónustu

Hannes G. Sigurðsson, SA.

**Nefnd til að gera tillögur um fyrirkomulag á flutningi raforku, þar á meðal um stærð flutningskerfisins, kerfisstjórnunar og fleira**

Hannes G. Sigurðsson, SA.

Samráðsnefnd um framkvæmd raforkulaganna

Sveinn Hannesson, SI

Samráðshópur til að semja drög að lyfjastefnu og nýjum lyfjalögum

Ingí Guðjónsson, framkvæmdastjóri, Lyfja hf.

Verkefnisráð um réttindi til að stjórna vinnuvélum

Árni Jóhannsson, SI

Nefnd um málefni langveikra barna

Hrafnhildur Stefánsdóttir, SA

Brunamálaráð

Gestur Pétursson, InPro ehf.
Kári Arngrímsson, Keflavíkurverktakar hf.

Atvinnumálhópur á Húsavík

Helgi Pálsson, framkvstj.
Skipaafgreiðslu Húsavíkur ehf.

Staðlaráð Íslands

Víglundur Þorsteinsson, BM-Vallá hf.

Konur og stjórnun fyrirtækja

Hrafnhildur Stefánsdóttir, SA

Starfshópur til að kanna stöðu starfsmannaleigu á íslenskum markaði

Hrafnhildur Stefánsdóttir, SA

Samstarfsnefnd um atvinnuréttindi útlendinga

Aðalm: Ragnar Árnason, SA
Varam: Jón H. Magnússon, SA

ICEPRO, nefnd um verklag í viðskiptum

Jón H. Magnússon, SA

Starfshópur vegna rannsókna og undirbúnings á stofnun átaks í Evrópu í anda átaksins Iceland Naturally.

Jón Karl Ólafsson, Flugfélag Íslands hf.

Stjórn NEMIA

Ari Edwald, SA

EFNAHAGS- OG ATVINNUMÁL

Efnahagsmálahópur SA er skipaður starfsfólki SA, aðildarfélagum og aðildarfyrirtækja. Hópurinn fundaði tvisvar sinnum á starfsárinu, meðal annars til að leggja drög að uppfærðum áherslum atvinnulífsins á þessu sviði.

2.1 VAXANDI HAGVÖXTUR OG ÞJÓÐARÚTGJÖLD


Uppsveiflan sem hófst á árinu 2003 hefur reynst mjög kröftug. Verg landsframleiðsla jókst um 4,2% á árinu 2003, á síðasta ári er áætlað að vöxturinn hafi numið 5,2% og í ár spáir Seðlabankinn 6,4% hagvexti. Er vöxturinn mjög mikill hvort sem lítið er til hagsögunnar hér á landi undanfarna áratugi eða hagvaxtar í ríkjum sem við berum okkur saman við.

Helsta skýring á miklum hagvexti er mikil aukning fjárfestinga og einkaneyslu. Fjárfesting á þessu ári er meiri en áður var gert ráð fyrir þar eð framkvæmdir vegna stóriðju hafa með auknum þunga færst yfir á árið 2005. Í kjölfar breytinga um mitt síðasta ár á lánareglum Íbúðalánasjóðs, sem miðuðu að aukningu opinberra íbúðalána, hafa fasteignaveðlán bankanna aukist mjög mikið. Þessi aukna skuldsetning heimilanna hefur haft í för með sér mikinn vöxt einkaneyslu. Ójafnvægi í þjóðarþúskapnum vex hröðum skrefum. Vöxtur þjóðarútgjalda umfram framleiðslugetu veldur vaxandi viðskiptahalla og verðbólguþrýstingi.

2.2 VIÐSKIPTAHALLI STEFNIR Í MET


Viðskiptahalli á síðasta ári reyndist talsvert meiri en áður hafði verið áætlað eða tæplega 69 milljarðar króna, sem er um 8% af landsframleiðslu. Er þetta áþekkt hlutfall og var til jafnaðar á þensluárunum 1998–2000. Á þessu ári stefnir í

Hagvöxtur á Íslandi og í OECD-ríkjum



Heimild: Hagstofan, OECD, Seðlabankinn

Viðskiptajöfnuður Hlutfall af landsframleiðslu



Heimild: Hagstofan, Seðlabankinn

að viðskiptahalli verði meiri en nokkru sinni fyrr eða yfir 12% af landsframleiðslu. Þessi mikli halli verður þó við aðrar aðstæður en í fyrri uppsveiflu, þar sem raungengi er mjög hátt og erlendir vextir í sögulegu lágmarki. Halli þáttatekjufafnaðar, þar sem vaxtagreiðslur vega þyngst, hefur því ekki aukist í samræmi við vöxt erlendra skulda, en í lok síðasta árs höfðu þær fjórfaldast á síðustu sex árum. Ef veruleg hækkun verður á erlendum vöxtum síðar á þessu ári, gæti viðskiptahalli orðið ennþá meiri en í framangreindri áætlun felst.

Verðmæti útflutnings vöru og þjónustu varð ríflega 8% meira en árið áður á föstu verði, en halli á jöfnuði þáttatekna jókst lítils háttar milli sömu ára. Vaxandi viðskiptahalli skýrist því fyrst og fremst af því að innflutningur á vöru og þjónustu jókst verulega eða um ríflega 14% milli umræddra ára. Í ár er gert ráð fyrir að innflutningur á vöru og þjónustu vaxi um tæplega 20% á föstu verði en útflutningur um tæp 5%. Viðskipta-



hallinn mun að sjálfsgöðu minnka þegar dregur úr innflutningi á fjárfestingarvöru vegna stóriðju, en jafnframt mun þá draga úr innstreymi erlends fjármagns vegna þeirra fjárfestinga. Verulegur hluti aukins viðskiptahalla á hins vegar rætur í vaxandi einkaneyslu. Ef ekki dregur úr þeim hluta fljótlega er hætt við að gengi krónunnar gæti fallið verulega.

2.3 VERÐBÓLGA UMFRAM POLMÖRK SEÐLABANKA


Verðbólguþáttur Seðlabankans er skilgreint sem 2,5% hækkun vísitölu neysluverðs miðað við 12 mánaða tímabil, með 1,5% þolmörkum til hvorrar áttar. Á árinu 2003 og fram á vor 2004 var verðbólga oftast undir 2,5% markmiðinu. Verðbólgan jókst síðan talsvert fyrir miðbik síðasta árs, meðal annars vegna hækkunar á bensíni og olíum, en hélt þó innan 4% þolmarka fram í ársbyrjun 2005. Í febrúar 2005 mældist verðbólga hins vegar 4,5% og 4,7% í mars, en verðbólga umfram þolmörk kallar á að Seðlabankinn geri ríkisstjórninni grein fyrir á hvern veg hann hyggst koma verðbólgunni að markmiðinu á nýjan leik.

Húsnæðisliður vísitölu neysluverðs hefur knúið verðbólguna áfram, enda hefur markaðsverð á húsnæði hækkað jafnt og þétt allt frá því á árinu 1997. Undanfarna mánuði hefur verðhækkun húsnæðis verið sérlega mikil og verðbólguáhrifin því verið enn meiri en áður. Af 4,7% hækkun á vísitölu neysluverðs í mars síðastliðnum miðað við sama tímabil árið áður skýrist rúmur helmingur af hækkun húsnæðisliðar vísitölunnar.


Auk húsnæðis hefur verðlag á opinberri þjónustu hækkað talsvert umfram verðbólguþáttum undanfarna mánuði sem og verðlag á þjónustu einkaaðila, en þó í minni mæli. Þá hefur verðlag á innlendra búvöru hækkað nokkuð. Að frátöldu bensíni hefur hins vegar orðið lítilsháttar verðlækkun á innfluttum vörum.

Eftirspurnarþensla vegna mikillar aukningar í þjóðarútgjöldum kyndir undir verðbólgu en hækkandi gengi krónunnar vinnur þar á móti. Hátt gengi á fyrstu mánuðum þessa árs skýrist af tímabundnu gjaldeyrisinnstreymi vegna hárra skammtímavaxta hér á landi, erlendri fjárfestingu og fleiru, en það samræmist hvorki ytra né innra jafnvægi í þjóðarþáttum og hlýtur fyrir en síðar að færast í átt að langtíma jafnvægisgengi. Álitamál er hvert jafnvægisraungengið er. Gengisvísitala í kringum 130 er nærri lagi, en það er um 15% lægra gengi en var eftir vaxtahækkun Seðlabankans þann 29. mars.

Verðbólga með og án húsnæðisliðar



Vísitala gengisskráningar




Heimild: Seðlabanki Íslands

2.4 LAUNABREYTINGAR MINNKA TÍMABUNDIÐ


Laun hækkuðu á almennum markaði um 4,5% að meðaltali á árinu 2004. Var það heldur minni hækkun en næstu ár á undan. Stefndi þróunin því í átt til minna misræmis í hækkun launakostnaðar hér á landi miðað við viðskiptalöndin, þar sem árleg launahækkun hefur verið um og undir 3%. Samkvæmt spá Seðlabankans er hins vegar gert ráð fyrir 6% hækkun launa á þessu ári og sömu hækkun á því næsta. Gangi þessi spá eftir, verður hækkun launakostnaðar hér á landi fast að tvöföld á árunum 2005 og 2006 miðað við viðskiptalöndin. Á síðari hluta þess fjögurra ára samningstíma sem samist hefur um milli SA og verkalýðsfélaganna verða samningsbundnar launahækkningar minni og mun taktur launabreytinga þá á ný færast nær meðaltalinu í viðskiptalöndunum, að því gefnu að aðstæður kalli ekki fram mikið launaskrið.

Launabróun á Íslandi og í viðskiptalöndunum




Heimild: Hagstofan, Seðlabankinn (spá 2005-2006), OECD Economic Outlook

Framleiðsla á vinnustund 2002-2004



Heimild: Hagstofa Íslands

Hluttur launa og tengdra gjalda í verðmæta-sköpuninni (skiptingin milli launa og fjármagns)



Heimild: Eurostat, Hagstofa Íslands, mars 2005

um 4,2% en áætlað vinnumagn (margfeldi starfandi manna og meðalvinnutíma) dróst saman um 2,6%. Í því felst að framleiðsla á vinnustund jókst um 7%. Árið 2004 jókst landsframleiðsla um 5,2% en vinnumagnið stóð nánast í stað. Framleiðni vinnuafls jókst því um rösklega 5%.

Framleiðni vinnuafls vex jafnan í upphafi efnahagsbata í hagkerfinu þegar vannýtt framleiðslugeta er tekin í notkun. Minnkandi vinnuaflsnotkun á árunum 2002 og 2003 bendir til þess að vinnusparandi fjárfestingar fyrri ára, í tölvutækni og hugbúnaði, komi fram með þessari töf. Til skamms tíma eru slíkrí framleiðni-aukningu þó takmörk sett, og leiðir framleiðslu-aukning um síðir til aukinnar eftirspurnar eftir vinnuafli.

2.5 HÁTT LAUNAHLUTFALL

Skipting virðisaukans sem verður til í atvinnurekstri milli launa og vergs rekstrarhagnaðar gefur mikilvæga vísbendingu um hag atvinnurekstrar. Launahlutfallið er mun hærra á Íslandi en hjá öðrum Evrópuþjóðum. Í Evrópusambandinu í heild var hlutfallið 60% árið 2003 og hefur verið fremur stöðugt undanfarin ár. Hér á landi hækkaði þetta hlutfall mikið á árunum 1998 og 1999, og hefur verið á bilinu 68-70% en áður var hlutfallið nær því sem almennt gerist í ESB-löndum. Þetta háa hlutfall hér á landi fær vart staðist til lengdar og mun bitna á fjárfestingum og draga úr hagvexti í framtíðinni.

2.6 MIKIL FRAMLEIÐNIAUKNING

Aukin framleiðni er forsenda fyrir auknum kaupmætti og bættum hag. Vísbendingar eru um að framleiðni vinnuafls hafi aukist mikið bæði árið 2003 og 2004. Árið 2003 jókst landsframleiðsla

2.7 ATVINNULEYSI FER MINNKANDI

Þrátt fyrir mikinn hagvöxt á árinu 2003 fór atvinnuleysi vaxandi miðað við fyrra ár, og lengst af á síðasta ári var atvinnuleysi litlu minna en árið áður. Undir lok síðasta árs og á fyrstu mánuðum þessa árs hefur hins vegar dregið verulega úr atvinnuleysi. Hefur hlutfallslegt atvinnuleysi, sem leiðrétt er fyrir árstíðarsveiflu, minnkað ört síðustu mánuði.

Aðrar vísbendingar um stöðu á vinnumarkaði sýna einnig að eftirspurn eftir starfsfólki hefur vaxið ört á síðustu mánuðum. Framboð af lausum störfum hefur vaxið mikið. Í febrúar 2004 voru laus störf í boði 357 en ári síðar hafði þeim fjölgað í 1.178. Talsverður hluti þeirra tengist stóriðjuframkvæmdum á Austurlandi, en þegar litið er burt frá þeim varð engu að síður meir en tvöföldun á lausum störfum. Á árinu 2004 voru gefin út alls 3.750 atvinnuleyfi, sem var talsverð aukning frá árinu áður, þegar útgefin leyfi voru



alls 3.299. Fyrstu tvo mánuði þessa árs voru þó gefin út heldur færri atvinnuleyfi en á sama tíma árið áður eða 507 samanborið við 624.


2.8 AÐHALDSSTIG OPINBERRA FJÁRMÁLA ÓFULLNÆGJANDI

Óvenju kröftug uppsveifla vegna aukningar í fjárfestingum og einkaneyslu gerir miklar kröfur til hagstjórnar. Þarf stjórn peningamála og opinberra fjármála að beinast að því með samhæfðum hætti að varðveita stöðugleika verðlags og launa. Að framan var fjallað um að þrátt fyrir mjög aukið aðhald peningastefnunnar hefði verðbólga vaxið umfram þolmörk. Við núverandi aðstæður er því einkar mikilvægt að stjórn opinberra fjármála dragi úr sveiflum fremur en að magna þær.

Réttur mælikvarði á framlag opinberra fjármála til hagstjórnar er ekki mæld afkoma ríkissjóðs og sveitarstöða, heldur afkoma að teknu tilliti til stöðu hagsveiflunnar, enda aukast tekjur hins opinbera sjálfkrafa í uppsveiflu. Ætla má að hagsveifluleiðrétt afkoma fyrir árið 2004 hafi verið neikvæð sem nemur um ½% af landsframleiðslu og fyrir þetta ár má gera ráð fyrir að sveifluleiðrétt afkoma verði einnig talsvert lakari en áætluð útkoma samkvæmt fjárlögum. Til samanburðar má nefna að í uppsveiflunni 1999 og 2000, sem var ekki eins kröftug og nú, var hagsveifluleiðréttur afgangur samkvæmt sömu aðferð meiri, eða 1½–2% af landsframleiðslu. Hvað sem þessu líður er mikilvægt að markmiðum fjárlaga hverju sinni sé fylgt fast eftir, enda sýnir reynslan að endanleg rekstrarafkoma ríkissjóðs hefur oft orðið mun lakari en fjárlög gerðu ráð fyrir.


Árangur í opinberum fjármálum er mun verri þegar lítið er til reksturs sveitarfélaga. Samkvæmt tölum Hagstofunnar frá mars 2005 er talið að 9,7 ma.kr. halli hafi verið á rekstri sveitarfélaganna á árinu 2004, sem samsvarar 9,8% af tekjum þeirra

Atvinnuleysi - árstíðaleiðrétt



Heimild: Vinnuálfstofnun

Rekstrarafkoma ríkissjóðs skv. fjárlögum og niðurstöðu ríkisreiknings, % af landsframleiðslu



Heimildir: Frumvörp til fjárlaga 2000-2004



og 1,1% af landsframleiðslu. Afgangur ríkissjóðs samkvæmt sömu heimild er talinn vera 4 ma.kr. Var rekstrarhalli hins opinbera á síðasta ári því samtals 5,7 ma.kr. eða 0,7% af landsframleiðslu. Af framansögðu er ljóst að verulega skortir á að aðhaldsstig í fjármálum hins opinbera geti talist viðunandi við núverandi aðstæður. Er sérstaklega brýnt að umbætur verði gerðar á fjármálastjórn sveitarfélaga og séð til þess að rekstur sveitarfélaga samrýmist markmiðum opinberrar hagstjórnar.

2.9 VAXTAMUNUR VIÐ ÚTLÖND EYKST MIKIÐ

Frá febrúar 2003 til maí 2004 voru stýrivextir Seðlabankans 5,3%. Frá þeim tíma hafa þeir verið hækkaðir átta sinnum (miðað við 15. apríl 2005), og eftir 0,25% hækkan í mars 2005 höfðu þeir hækkað í 9%. Í viðskiptalöndunum í Evrópu hafa millibankavextir (EURIBOR) á sama tíma





verið lágir og einungis rösklega 2% síðasta árið. Hefur því vaxtamunur milli Íslands og Evrópu farið jafnt og þétt vaxandi og var í mars á þessu ári orðinn tæplega 7%. Á þennan mælikvarða hefur því aðhald peningastefnunnar aukist mikið.

2.10 SAMKEPPNISSTAÐAN VERSNAR


Mikil styrking á gengi krónunnar í kjölfar ítrekaðra hækkana á stýrivöxtum Seðlabankans á undanförunum mánuðum hefur dregið úr verðbólgunni. Þótt vænta megi að gengi krónunnar haldist áfram hátt um sinn, er ljóst að viðskiptahallinn fær ekki staðist, jafnvel þótt stóriðjufjárfestingar séu frátaldar, auk þess sem gengisþróunin skaðar illilega atvinnugreinar sem búa við alþjóðlega samkeppni. Í febrúarmánuði síðastliðnum gerðu SA lauslega athugun á afleiðingu þessarar þróunar fyrir afkomu í fiskvinnslu og var niðurstaðan sú að framlegð í fiskvinnslu fyrir fjármagnsliði hefði lækkað úr tæpum 9% árið

2003 í tæp 4% miðað við stöðu í janúar 2005. Var þá meðal annars tekið tillit til þess að verðlag á útfluttum sjávarafurðum hafði hækkað. Eftir það hefur gengi krónunnar enn styrkst umtalsvert og samkeppnisstaða því versnað enn. Á það ekki síður við um ferðaþjónustu, iðnað og aðrar greinar í alþjóðlegri samkeppni, þar sem engin verðhækkun hefur orðið í erlendri mynt á seldri vöru eða þjónustu og herra gengi hefur að fullu komið fram í skertum tekjum.


Raugengi á mælikvarða verðlags er tiltölulega einfaldur mælikvarði á samkeppnistöðu atvinnulífsins gagnvart erlendum keppinautum. Raugengisvísitalan var á síðasta ári hærri en hún hefur verið undanfarin 10 ár. Hækkunin sem varð á raugengi krónunnar vegna mikillar styrkingar á gengi á 4. ársfjórðungi síðasta árs og 1. fjórðungi þessa árs á sér þó engin fordæmi í hagsögu undanfarinna 15 ára. Þetta er að sjálfsögðu mikið áhyggjuefni þar sem áhrif þessa háa raugengis eru þau að íslensk framleiðsla og þjónusta verður í mörgum tilvikum ósamkeppnishæf við erlenda samkeppni og leggst annað hvort af eða flyst úr landi. Neikvæð áhrif hins háa raugengis eru einnig, og ekki síður, þau að koma í veg fyrir að ýmsir fjárfestingarkostir verði að veruleika. Aðsemi þeirra verður ekki nægjanleg.

Vaxtamunur milli Íslands og Evrópu

(mánuðir þegar Seðlabankavöxtum er breytt eru sýndir)



Raugengi krónunnar m.v. verðlag 1980=100



Heimild: Seðlabanki Íslands

2.11 GÓÐ AFKOMA SKRÁÐRA FYRIRTÆKJA EN MÖRG FÉLÖG AFSKRÁÐ

Afkoma fyrirtækja sem skráð voru í Kauphöll Íslands var almennt góð á árinu 2004 þegar á heildina er litið. Samkvæmt úrtaki Seðlabankans á reikningum 24 skráðra fyrirtækja, þ.e. skráð fyrirtæki önnur en fjármála- og tryggingafyrirtæki, nam hagnaður þeirra fyrir afskriftir og fjármagnsliði 11,7% af veltu á árinu 2004 en 12,2% árið áður. Í sjávarútvegi versnaði afkoma úr 20,8% af veltu árið 2003 í 17,7% árið 2004. Afkoma fyrirtækja í samgöngum batnaði úr 7% í 10,7%, í iðnaði úr 16,7% í 18,7%, en í upplýsingatækni var afkoma nánast óbreytt eða 19,6% árið 2004 og 19,2% árið áður. Þótt markaðsvirði skráðra félaga hafi aukist á árinu 2004 um 64%, fækkaði hins vegar skráðum félögum mikið á árinu 2004 eða úr 48 í 34 og hefur sú þróun haldið áfram á þessu ári. Á árinu 2003 voru skráð fyrirtæki í sjávarútvegi 11 og 10 í iðnaði. Af þeim félögum sem afskráð voru á síðasta ári og það sem af er þessu ári hefur meirihlutinn verið úr þessum atvinnugreinum. Vegna afskráninga gefa upplýsingar um afkomu skráðra fyrirtækja sífellt þrengri mynd af afkomu atvinnurekstrar.

KJARA- OG SAMNINGAMÁL

3.1 GERÐ KJARASAMNINGA 2004/2005

Við ritun ársskýrslu í apríl 2004 var enn ólokið við gerð nokkurra kjarasamninga sem runnu út í ársbyrjun 2004. Verður hér annars vegar gerð grein fyrir lyktum þeirra samninga og hins vegar samningum sem féllu úr gildi á síðari hluta ársins 2004 og voru endurnýjaðir á liðnum vetri.

3.2 MATVÍS

Kjarasamningur SA og MATVÍS vegna bakara, framreiðslumanna, kjötiðnaðarmanna og matreiðslumanna var undirritaður 24. apríl 2004 og gildir til 31. desember 2007 líkt og aðrir kjarasamningar landsambanda Alþýðusambandsins. Almennar launahækkningar á samningstímabilinu eru þær sömu og í samningum SA við önnur félög iðnaðarmanna. Sett var upp ný launatafla þar sem taxtar eru færðir nær greiddu kaupí og samræmd ákvæði hópanna um vaktavinnu og vaktaálög. Þær meginbreytingar voru gerðar á samningi iðnnema að meðalvaktaálag er innifalið í mánaðarlaunum þeirra.

3.3 SAMIÐN

Kjarasamningur var undirritaður 29. apríl 2004 og nær hann til allra aðildarféлага Samiðnar, þ.e. byggingarmanna, málmíðnaðarmanna, biliðnaðarmanna, hársnyrta og skrudgarðyrkjumanna. Gildir hann til 31. desember 2007. Lágmarkskauptaxtar tóku sérstakri hækkun umfram almennar launahækkningar og voru færðir mun nær greiddum launum en áður. Var með því komið til móts við sjónarmið byggingarmanna og málmíðnaðarmanna sem höfðu lýst þeim áhyggjum að kauptaxtar væru töluvert frá markaðslaunum og byði það upp á innflutning erlendra iðnaðarmanna á mjög lágum launum. Slík „félagsleg undirboð“ (e. social dumping) skaði jafnt hagsmuni launamanna sem og samkeppnisstöðu þeirra fyrirtækja sem hafa íslenska starfsmenn í vinnu.

3.4 MJÓLKURFRÆÐINGAR

Þann 6. maí 2004 náðust kjarasamningar við Mjólkurfræðingafélag Íslands (MFFÍ). Samningur þessi markar ákveðin tímamót. Með samningnum var svokallað vinnuskýldugjald mjólkurfræðinga vegna vinnu á helgidögum og skiptivaktargjald (15%) fellt inn í gildandi launataxta, sem gerir launakjör þeirra gagnsæri og sambærilegri við aðra iðnaðarmenn. Að öðru leyti eru efnisatriði og hækkningar samningsins sambærilegar við aðra kjarasamninga iðnaðarmanna.

3.5 ÞÖRUNGAVERKSMÍÐJAN

Samningur vegna Þörungaverksmiðjunnar á Reykhólum var undirritaður 18. maí 2004 og gildir hann til 31. desember 2007. Með samningnum var hluti mætingabónuss færður inn í grunnlaun sem og bílastyrkur og aðrar sérgreiðslur.

3.6 VERKSTJÓRAR

Samningar við Verkstjórásamband Íslands (VSSÍ) voru undirritaðir þann 27. maí 2004 með gildistíma frá 1. maí, enda höfðu samningar verið handsalaðir nokkru áður. Undirritun samninganna tafðist vegna ágreinings og óánægju VSSÍ með nýtt ákvæði í kjarasamningi Samiðnar og SA, þar sem fjallað var um störf verkstjóra, þ.e. verkstjórahugtakið var tekið upp og notað í samningnum. Með þessu ákvæði taldi VSSÍ að SA hefði hugsanlega brotið á forgangsrétti verkstjóra til starfa skv. gildandi kjarasamningi þeirra við SA og kom það fram í sérstakri bókun VSSÍ með samningnum en í yfirlýsingu SA var áréttað að sú skoðun væri á misskilningi byggð. Engir lágmarkslaunataxtar eru sem fyrr í kjarasamningi verkstjóra en áfangahækkningar launa, gildistími og aðrar breytingar á réttindum verkstjóra eru þær sömu og hjá iðnaðarmönnum.

3.7 BÓKAGERÐARMENN

Kjarasamningur SA og FBM var undirritaður 27. maí 2004 og gildir hann til 31. desember 2007. Verulegar breytingar voru gerðar á vaktaákvæðum kjarasamningsins, launataxtar voru færðir nær greiddum launum í greininni og uppsagnarfrestur var endurskoðaður.

3.8 LYFJAFRÆÐINGAR

Samningar við Lyfjafræðingafélag Íslands voru undirritaðir þann 28. maí 2004 vegna apóteka



og þann 10. júní vegna lyfjaframleiðenda. Gilda báðir samningarnir til ársloka 2007. Voru þeir í takt við aðra samninga sem gerðir höfðu verið, með sérstakri áherslu á markaðslaunakerfi.

3.9 VÉLSTJÓRAR Í FRYSTIHÚSUM OG VERKSMÍÐJUM

Samningur náðist við Vélstjórafélag Íslands 10. júní 2004 vegna vélstjóra í landi og gildir hann til 31. desember 2007. Kauptaxtar voru færðir nær greiddum launum í greininni og einnig var samið um aukið samstarf í starfsmenntamálum.

3.10 MÚRARAR OG PÍPULAGNINGAMENN

Kjarasamningar við múrara, pípulagningamenn og veggfóðrara voru undirritaðir 29. júní og gilda til 31. desember 2007. Eru þeir mjög áþekkir kjarasamningum Samiðnar enda um sambærilega hópa að ræða. Síðustu vikurnar fóru viðræður fram undir stjórn Ríkissáttasemjara.

3.11 FISKIMENN

Þann 30. október voru gerðir kjarasamningar við Sjómannasamband Íslands, Alþýðusamband Austurlands, Alþýðusamband Vestfjarða og Farmanna- og fiskimannasamband Íslands. Samningarnir sem gilda til 31. maí 2008 marka tímamót í samskiptum aðila og eru árangur mikillar sameiginlegrar vinnu. Þótt samningurinn kosti útvegs-menn talsverða fjármuni skapast með honum möguleikar á hagræðingu sem eiga að geta skilað báðum aðilum meiri tekjum. Kjarasamningur við Vélstjórafélag Íslands sem gerður var í maí 2001 gildir til ársloka 2005. Viðræður eru við VSFÍ um endurskoðun þess samnings og framlengingu til sama tíma og samninga annarra skipverja en ekki sér fyrir endann á þeirri vinnu þegar þetta er ritað.

3.12 KAUPSKIP OG SANDDÆLUSKIP

Samningar við félög skipverja á kaupskipum og sanddæluskipum snerust að meginefni um einfölnun samningsákvæða og breytt launafyrirkomulag. Samningar við Vélstjórafélag Íslands, Félag skipstjórnarmanna og bryta á millilandskipum voru gerðir í maí og við Matvís vegna matreiðslumanna í september 2004. Gilda allir samningarnir til ársloka 2007 og eru almennar launahækkunar þær sömu og í samningum verkafólks í landi. Í stað þess að ákvarða mánaðarlaun miðað við 40 stunda vinnuviku var samið við öll önnur félög en Sjómannafélag Reykjavíkur um heildarlaun á ári og fjölda þeirra vinnudaga

sem ber að skila fyrir ársloununum. Mestar efnisbreytingar urðu á samningi við Félag skipstjórnarmanna (FS) þar sem kjarasamningar skipstjóra og stýrimanna voru sameinaðir í einn samning skipstjórnarmanna á millilandskipum. Þá hefur að ósk FS verið unnið að sérstökum samningi um kaup og kjör skipstjóra og stýrimanna á ferjum, flóabátum og öðrum skipum í innanlandssiglingum.

Samningur við Sjómannafélag Reykjavíkur (SR) vegna undirmanna á kaupskipum var gerður í desember 2004 og gildir hann til ársloka 2007. Samkvæmt samningnum er heimilt að taka upp fastlaunakerfi eftir nánara samkomulagi við SR. Þá er ný grein varðandi skipverja sem ráða sig til útgerðar í stað þess að vera ráðnir á ákveðið skip eins og tíðkast hefur. Þeir samþykkja tilfærslur á milli skipa og lengist uppsagnarfrestur þeirra í þrjá mánuði eftir þriggja ára starf.

Samningur við FS um fastlaunakerfi skipstjóra og stýrimanna á sanddæluskipum var gerður í janúar 2005 og gildir hann til ársloka 2007. Hafði undirbúningsvinna nýs launakerfis staðið síðan í júní 2004. Ekki tókst að ná samkomulagi við SR um fastlaunakerfi fyrir háseta í samningi sem var gerður í febrúar 2005 en greiðsluákvæði samningsins voru einfölduð verulega frá því sem áður var. Þegar þetta er ritað er verið að vinna að fastlaunasamningi fyrir vélstjóra skipanna og eru líkur á því að honum ljúki í apríl.

3.13 FLUGLÍÐAR

Samtök atvinnulífsins gera kjarasamninga við stéttarfélög flugmanna, flugfreyja, flugvirkja og flugumsjónarmanna. Um er að ræða ellefu kjarasamninga vegna Icelandair, Flugfélags Íslands, Tækniþjónustunnar á Keflavíkurflugvelli (ITS), Íslandsflugs og Iceland Express. Gilda þeir almennt til ársloka 2007.

3.14 BLAÐAMENN

Kjarasamningur Blaðamannafélags Íslands og SA féll úr gildi 31. október 2004 en í stað þess að endurnýja samninginn með sama hætti og aðra kjarasamninga var undirritað viðræðuáætlun 13. nóvember 2004 sem framlengdi samninginn til 20. nóvember 2005. Í tengslum við viðræðuáætlunina var gert samkomulag um 3% launahækkun frá 1. nóvember 2004, auk hækkunar á desember- og júlíuppbót og móttframlagi í lífeyrissjóð. Kjarasamningur Blaðamannafélags Íslands við Íslenska útvarpsfélagið (nú 365 ljósvakamiðlar) var framlengdur af hálfu SA með sambærilegum hætti.



3.15 BANKAMENN

Fyrsti kjarasamningur Samtaka atvinnulífsins og Sambands íslenskra bankamanna var undirritaður 8. desember 2004 og gildir hann til 1. október 2008. Er með því mörkuð sú stefna að SA verði framvegis í forsvari í kjaraviðræðum við bankamenn. Samningurinn kveður fyrst og fremst á um beinar launabreytingar, mest til þeirra sem taka laun skv. kaupþöxtum kjarasamningsins.

3.16 SLEIPNIR

Undirritaður var nýr kjarasamningur milli SA og Bifreiðastjórufélagsins Sleipnis þann 14. desember 2004 með gildistíma frá 1. desember 2004. Önnur efnisatriði kjarasamnings, svo sem launataxtar og fleira eru nákvæmlega þau sömu og Starfsgreinasambandið og Flóabandalagið höfðu áður samið um fyrir hönd 90% hópferðabifreiðastjóra. Til að samræma samning Sleipnis var fallist á að hækka yfirvinnuálag Sleipnis í 80% en vaktalög voru lækkuð á móti til samræmis við Starfsgreinasambandið. Einnig var í fyrsta sinn samið um frítökurétt Sleipnismanna, þegar hvíld fer niður fyrir 11 klst. á sólarhring, en um þennan rétt höfðu öll önnur stéttarfélag samið í kjarasamningum sínum árið 1997.

3.17 ALCAN (ÍSAL)

Stéttarfélagin sem aðild eiga að kjarasamningi Alcan í Straumsvík lögðu fram sameiginlega kröfugerð og skipuðu sameiginlega samninganefnd. Fljótlega voru skipaðar þrjár undirnefndir til að fjalla um launaþróun starfsmanna Alcan á síðasta samningstímabili samanborið við aðra starfshópa, bónuskerfið og vinnufyrirkomulag. Hópar um launaþróun og vinnufyrirkomulag luku fljótlega störfum en mikil vinna var lögð í endurskoðun bónuskerfisins til að viðhalda hvata í kerfinu. Var hámarksbónus í því skyni hækkaður verulega. Fjölmargar aðrar breytingar voru gerðar svo sem um flýtt starfslok og upptöku mánaðarlauna í stað tveggja vikna launa. Kjarasamningurinn var undirritaður 21. janúar 2005 og gildi til 30. nóvember 2008. Hann var hins vegar felldur í atkvæðagreiðslu starfsmanna og hófust þá kjaraviðræður að nýju. Óánægja starfsmanna beindist að stórum hluta að mánaðarlaunum, það er að starfsmenn gætu ekki verið áfram á tveggja vikna launum. Þrátt fyrir að verulegt óhagræði fylgi því að vera með tvenns konar launafyrirkomulag var samþykkt að gefa starfsmönnum val en samið var um sérstaka umbun fyrir þá starfsmenn sem velja mánaðarlaun. Nýr samningur var undirritaður 1. mars 2005.

Kjarasamningsgerð Samtaka atvinnulífsins frá mars 2004 til apríl 2005

	Fjöldi samninga	Fjöldi starfsmanna
Landssambönd og félag í ASÍ		
Landssamband verslunarmanna (22 félag)	22	24.731
Starfsgreinasambandið (30 félag)	30	22.968
Samiðn (20 félag)	20	5.894
Sjómannasamband Ísl. v. fiskimanna (26 félag)	1	2.566
Rafiðnaðarsambandið (10 félag)	1	1.948
Matvís (4 félag)	1	1.242
Bókagerðarmenn	1	1.189
Virkjunarsamningur	1	937
Leiðsögumenn	1	540
Mjólkurfræðingar	1	108
Félag utan ASÍ		
SÍB - Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja	1	3.936
Verkstjórásamband Íslands	1	1.705
Félag skipstjórnarmanna v. fiskimanna	1	939
Félag byggingarmanna utan Samiðnar	4	567
Vélstjórar í landi	1	400
Lyfjafræðingar	2	160
Bifreiðastjórufélagið Sleipnir	1	41
Samningar fyrir hönd einstakra fyrirtækja		
Síma- og fjölmiðlafyrirtæki	5	1.151
Flugfélag	11	1.085
Orkufrekur iðnaður	5	614
Farskip og önnur skip	7	232
Fiskimjölverksmiðjur (18 verksmiðjur)	8	173
Ýmsar atvinnugreinar	6	1.487
Samtals	132	74.613

3.18 JÁRNBLENDIÐ

Kjarasamningar Járnblendifélagsins höfðu til þessa verið gerðir „innan húss“, það er beint á milli forsvarsmanna fyrirtækisins og trúnaðarmanna. Í byrjun leit út fyrir að viðhalda mætti því fyrirkomulagi en fljótlega kom í ljós að Verkalýðsfélag Akraness taldi sínum málum betur borgið undir stjórn Ríkissáttasemjara og vísaði félagið deilunni til hans þegar í október. Viðræður snerust fyrst og fremst um endurnýjun bónuskerfisins, kröfu starfsmanna um hagnaðarhlutdeild og gildissvið samningsins. Eftir töluverð átök var samningur undirritaður 1. febrúar 2005 með gildistíma til 30. nóvember 2008 en starfsmenn felldu hann í atkvæðagreiðslu. Nýr samningur var undirritaður 14. mars 2005.

3.19 RAFIÐNAÐARMENN

Auk almenns kjarasamnings og stóriðjusamninga gera SA kjarasamninga við RSÍ vegna einstakra fyrirtækja.

Rafmagnsveitur ríkisins

Kjarasamningur var undirritaður 10. mars 2005 og var gildistími til 30. nóvember 2008. Megináherslan var lögð á nýja launatöflu og breyttar skilgreiningar starfsheita. Niðurstaða atkvæðagreiðslu var sú að 83 greiddu atkvæði, 40 sögðu já, 41 sagði nei og tveir seðlar voru auðir. Samningurinn var því samþykktur enda var hann ekki felldur með meirihluta greiddra atkvæða eins og tilskilið er í lögum. Að beiðni RARIK voru þó gerðar smávægilegar breytingar á samningnum með samkomulagi við RSÍ 8. apríl 2005.

Síminn

Gerðir eru tveir kjarasamningar við RSÍ, annars vegar vegna Félags Íslenskra símamanna, það er starfsmanna 118, þjónustuvæðing, verslana og skrifstofu, og hins vegar vegna tæknimanna, það er rafeindavirkja og símsmiða. Samningur vegna FÍS var gerður 4. febrúar 2005 og gildir hann til 30. nóvember 2008. Með samningnum voru miklar breytingar gerðar á starfsaldursþrepum og tóku lægstu taxtar sérstakri hækkun. Tæknimenn Símans eru fyrst og fremst markaðslaunahópur og var því kjarasamningur vegna þeirra, sem undirritaður var 13. janúar 2005, gerður á sömu nótum og aðrir slíkir samningar. Samið var um lágmarkstaxta og þeir færðir nær greiddum launum hjá fyrirtækinu. Gildistími var til 30. nóvember 2008. Nokkurrar óánægju gætti með samninginn meðal símsmiða og var hann felldur í atkvæðagreiðslu. Nýr samningur var gerður 22. febrúar 2005.

Íslenska útvarpsfélagið

Samtök atvinnulífsins tóku á liðnum vetri yfir samningamál Íslenska útvarpsfélagsins, þar á

meðal við RSÍ vegna tæknimanna. Kjarasamningur var undirritaður 4. febrúar 2005 og gildir hann til 30. nóvember 2008.

Norðurorka

Lögð hefur verið fram kröfugerð vegna rafiðnaðarmanna hjá Norðurorku en þegar þetta er ritað eru viðræður skammt á veg komnar.

3.20 LEIÐSÖGUMENN

Viðræður við Félag leiðsögumanna hófust í lok september. Viðræður gengu hægt en helstu kröfur leiðsögumanna voru umtalsverðar launahækkunarir og breytingar á vinnutímaákvæðum. Samningaviðræður eru langt komnar þegar þetta er ritað, en áherslan hefur aðallega verið á að gera samninginn ítarlegri. Aðrar líklegar breytingar eru hækkunir á álagsgreiðslum og skilgreining vinnutímabíla.

3.21 ÝMSIR VINNUSTAÐASAMNINGAR

Sementsverksmiðjan

Kjarasamningur vegna Sementsverksmiðjunnar var undirritaður 11. febrúar 2005 og gildir hann til 30. nóvember 2008. Lögð var áhersla á að kaupaxtar endurspegluðu betur launakjör og voru í því skyni kaupaukar vegna tiltekinna verka, bónuskerfi og vaktaskiptagjald felld inn í nýja launataxta.

Steinullarverksmiðjan

Kjarasamningur Steinullarverksmiðjunnar var gerður 2. mars 2005 og gildir til ársloka 2008.

Hitaveita Suðurnesja

Gerður var kjarasamningur 3. desember 2004 við Starfsmannafélög Suðurnesja, Hafnarfjarðar og Vestmannaeyja og nær hann til allra almennra starfsmanna fyrirtækisins nema vélstjóra. Kjarasamningur SA og Vélstjórafélags Íslands rann út í árslok 2004 en viðræður eru ekki hafnar þegar þetta er ritað.

Íslandspóstur

Stjórnendur Íslandspósts leiddu viðræður við Póstmannafélag Íslands og var kjarasamningur undirritaður 25. febrúar 2005. Gildir hann til 31. desember 2007.

Kísilgúrverksmiðjan og Áburðarverksmiðjan

Þar sem fyrir liggur að starfsemi verksmiðjanna hefur verið hætt kemur ekki til endurnýjunar á þessum kjarasamningum.



STOFNANIR Á VINNUMARKAÐI

4.1 ÁBYRGÐASJÓÐUR LAUNA

Fjárhagsstaða sjóðsins var áfram mikið áhyggju-efni en útgjöld hans hafa verið langt umfram tekjur síðastliðin ár. Heildargreiðslur úr sjóðnum voru um 720 milljónir kr. árið 2004. Þar af voru um 345 milljónir vegna launa og orlofs og um 218 milljónir vegna lífeyrissjóða. Heildartekjur voru um 330 milljónir kr., þar af 140 milljónir vegna úthlutunar úr þrotabúum og ábyrgðargjald um 190 milljónir. Skuldir sjóðsins við ríkissjóð voru þannig um 480 milljónir kr. í lok árs 2004.

Sjóðurinn lét á árinu gera sérstaka úttekt á ástæðum útgjaldaaukningarinnar. Þar kemur fram að auk gífurlegrar fjölgunar gjaldþrota reynist æ erfiðara að koma fram gjaldþrotum vegna flöskuhálsa sem verða við framkvæmd fjárnáma og hefur Sýslumannsembættið í Reykjavík sætt talsverðri gagnrýni fyrir mikinn seinangang í afgreiðslu fjárnámsbeiðna. Það hefur svo gefið tækifæri til kennitölulflakks og undanskota á eignum. Breytt viðskiptaumhverfi hefur leitt af sér allsherjarveð lánastofnana í öllum eignum fyrirtækja, sem hefur átt sinn þátt í að lítið fæst upp í kröfur annarra kröfuhafa.

Ekkert bendir til að staða sjóðsins batni í nánustu framtíð.

4.2 ATVINNULEYSISTRÝGGINGA-SJÓÐUR

Eigið fé sjóðsins í árslok 2004 er áætlað um 7.885 milljónir króna í stað 8.503 milljóna í árslok 2003. Tekjustofn sjóðsins er atvinnuþryggingagjald sem reiknast af sama gjaldstofni og almennt tryggingagjald. Samkvæmt lögum nr. 113/1990 um tryggingagjald skal atvinnuþryggingagjald hækka eða lækka eftir fjárþörfum sjóðsins. Atvinnuþryggingagjald sem var 0,8% er 0,65% frá ársbyrjun 2005. Meðalatvinnuleysi var 3,1% á árinu 2004 en var komið í 2,8% í febrúar 2005. Samkvæmt spá efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins verður meðalatvinnuleysi ársins 2005 um 2,7%. Gangi sú spá eftir má gera ráð fyrir því að höfuðstóll sjóðsins rýrni um 514 milljónir kr., miðað við lækkað atvinnuþryggingagjald í 0,65% úr 0,8%.

Árið 2004 voru heildarútgjöld sjóðsins um 4.867 milljónir króna, en 4.640 milljónir árið á undan. Greiddar atvinnuleysisbætur voru 4.140 milljónir og þar af var greidd 101 milljón til fiskvinnslufyrirtækja vegna vinnslustöðvna, sem er lækkun um 24 milljónir frá árinu á undan. Atvinnuleysisbætur eru kr. 91.426 á mánuði frá 1. janúar 2005 og til viðbótar eru bótáþegum greiddar kr. 3.662 á mánuði með hverju barni.

Styrkir til sérstakra verkefna á vegum svæðisvinnumiðlana (átaksverkefna) námu 74 milljónum króna í stað 76 milljóna árið áður. Framlög til ýmissa úrræða fyrir atvinnuleitendur lækkuðu um 64 milljónir króna frá árinu áður og námu 84 milljónum króna. Á árinu 2004 námu nefndararlaun vegna starfa í úthlutunarnefndum og þóknun til stéttarféлага samtals 53 milljónum króna í stað 71 milljóna árið áður. Meginhluti greiðslnanna rennur til tveggja stéttarféлага, Eflingar og VR, sem annast afgreiðslu atvinnuleysisbóta á höfuðborgarsvæðinu. Fengu þau samtals 45,5 milljónir króna í stað 64 milljóna króna árið 2003. Stjórn sjóðsins sagði upp samningum við félögin og hóf jafnframt viðræður við Vinnu-málastofnun um að taka að sér úthlutun bóta á höfuðborgarsvæðinu á sama hátt og úti á landi. Niðurstaðan varð sú að stjórn sjóðsins gerði nýja samninga við stéttarfélögin þar sem náð var framverulegri lækkun greiðslna frá því sem áður var.

Framlag til starfsmenntunar í atvinnulífnum var 122 milljónir króna og framlag til Starfsmennta-sjóðs 60 milljónir.

Atvinnuleysistryggingasjóður greiðir verulegan hluta kostnaðar við rekstur Vinnu-málastofnunar og svæðisvinnumiðlana. Námu greiðslurnar 202 milljónum króna á árinu 2004. Stjórn sjóðsins hefur itrekað óskað eftir því að gera þjónustusamning við Vinnu-málastofnun, þar sem skilgreind væri þjónusta stofnunarinnar við sjóðinn og greiðslur fyrir þjónustuna. Í stjórnsýsluendurskoðun Ríkisendurskoðunar árið 2003 var tekið undir nauðsyn þess að gerður yrði þjónustusamningur og leiddi það til þess að skriður komst á málið. Gert var samkomulag við Vinnu-málastofnun í ársbyrjun 2004 um að vinna að gerð þjónustusamnings en ekki hefur enn tekist að ljúka gerð hans.

Atvinnuleysistryggingasjóður verður 50 ára vorið 2006. Af því tilefni hefur stjórn sjóðsins ákveðið að skrifuð verði saga sjóðsins og atvinnuleysistrygginga á Íslandi. Stjórnin hefur skipað þriggja manna ritnefnd og ráðið Þorgrím Gestsson til að skrifa sögu sjóðsins sem mun koma út vorið 2006.

Félagsmálaráðherra hefur skipað nefnd til að endurskoða lög um atvinnuleysistryggingar og lög um vinnu- og atvinnuleysisbætur. SA eiga fulltrúa í nefndinni og er henni ætlað að skila skýrslu til ráðherra fyrir miðjan júní.

4.3 VINNUMÁLASTOFNUN

Vinnu-málastofnun starfar samkvæmt lögum nr. 13/1997 um vinnu- og atvinnuleysisbætur. Opinber



vinnumiðlun í landinu heyrir undir stofnunina og rekur hún átta svæðisvinnumiðlanir víðs vegar um landið. Auk þess eru fjölmargir upplýsinga- og skráningarstaðir á hverju svæði fyrir atvinnulausa og þá sem eru í atvinnuleit.

Við hverja svæðisvinnumiðlun starfar svæðisráð sem í eiga sæti fulltrúar atvinnurekenda, stéttarféлага, sveitarstjórna og skóla á svæðinu. Þau nýmæli voru nýverið samþykkt í stjórn stofnunarinnar að hvert svæðisráð fengi árlega úthlutað ákveðinni fjárhæð til að kosta úrræði fyrir atvinnulausa. Við ákvörðun fjárhæðarinnar mun tekið mið af atvinnuástandi og horfum á svæðinu. Fram til þessa hefur svæðisvinnumiðlun þurft að sækja sérstaklega um fjárveitingar til stofnunarinnar fyrir hvert úrræði. Er gert ráð fyrir að þessari nýbreytni verði vel tekið og muni auðvelda það að mæta fyrirsjáanlegum þörfum.

Vinnuálastofnun annast sjóðsvörslu, reikningshald og daglega afgreiðslu fyrir Atvinnuleysis-tryggingasjóð í umboði sjóðstjórnar og undir umsjá og eftirliti hennar. Starfsmenn svæðisvinnumiðlana utan höfuðborgarsvæðis annast bæði vinnumiðlun og afgreiðslu atvinnuleysisbóta en á höfuðborgarsvæðinu annast stéttarfélagin Efling og Verzlunarmannafélag Reykjavíkur afgreiðslu atvinnuleysisbóta.

Í umboði félagsmálaráðuneytis annast Vinnuálastofnun afgreiðslu atvinnuleyfa útlendinga sem koma frá löndum utan EES. Í nóvember lét stofnunin gera skýrslu um mannaflapörf við stóriðju- og virkjanaf framkvæmdir á árunum 2005–2007. Í skýrslunni sem birt er á vef stofnunarinnar, vinnuálastofnun.is, kemur fram að gera má ráð fyrir að gefa þurfi út milli 1.300 og 1.800 atvinnuleyfi næstu þrjú ár vegna þeirra framkvæmda sem þegar eru hafnar við uppbyggingu virkjana og stóriðju.

4.4 ERLENT STARFSFÓLK

Stækkun ESB

Stækkun ESB kom til framkvæmda 1. maí 2004 og bættust þá 10 ný ríki við EES og hinn sameiginlega markað. Sú meginregla gildir innan ESB að launafólk geti leitað sér að vinnu í öllum ríkjum sambandsins og þurfi ekki atvinnuleyfi. Við stækkun sambandsins voru þó gerðir fyrirvarar um aðlögunarfresti til að draga úr áhrifum stækkunarinnar á vinnuarkaði „gömlu“ ríkjanna. Hér á landi var lögfest að ríkisborgarar frá átta af tíu nýju ríkjanna þurfi atvinnuleyfi til að starfa hér á landi, að minnsta kosti til 1. maí 2006. Einungis borgarar frá Möltu og Kýpur njóta fulls frelsis til

atvinnuleitar. Framangreindar takmarkanir gilda einungis þegar launamenn ráða sig til starfa hjá íslensku fyrirtæki en þegar um þjónustuviðskipti er að ræða er ekki gerð krafa um atvinnuleyfi. Fyrirtæki sem hafa staðfestu á EES-svæðinu, þar á meðal í nýju ríkjunum, hafa rétt á að fara á milli landa með starfsfólk sitt og taka þar að sér verkefni, það er að stunda þjónustuviðskipti, án þess að starfsfólkið þurfi atvinnuleyfi.

Tilkynna ber erlent starfsfólk

Töluverður misbrestur er á því að fyrirtækin tilkynni um erlenda starfsmenn til Útlendingastofnunar. Komi útlendingur til starfa hér á landi á vegum erlends fyrirtækis sem tekið hefur að sér verkefni fyrir fyrirtæki hér á landi skal hið innlenda fyrirtæki tilkynna Útlendingastofnun um það fyrirfram og tilgreina nafn hins erlenda vinnuveitanda. Útlendingastofnun skal á grundvelli slíkrar tilkynningar sjá til þess að hinu erlenda fyrirtæki verði gert viðvart um tilkynningarskyldu sína samkvæmt reglugerð um útlendinga. Sama gildir um íslensk fyrirtæki sem ráða til sín útlendinga, einnig skal tilkynna um þá til Útlendingastofnunar.

Kjarasamningar ákvarða lágmarkskjör

Umræðan um innflutning erlends starfsfólks til Íslands hefur oft verið á neikvæðum nótum og ganga margir út frá því að fyrirtækin séu með því að draga úr launakostnaði. Ekki er litið til þess að fyrirtækin bjóða oft á tíðum fríar ferðir og gistingu til viðbótar við laun án þess að það sé skylt skv. lögum eða kjarasamningum. Þá þarf að hafa í huga að hér á landi eru skýr lagaákvæði um að laun starfsmanna megi ekki vera lægri en kjarasamningar í viðkomandi starfsgrein ákveða. Á það jafnt við um erlent starfsfólk og íslenskt. Um réttarstöðu starfsfólks sem starfar tímabundið á Íslandi á vegum erlendra fyrirtækja, þar með talið starfsmannaleiga, gilda sérstök lög sem tryggja þessu starfsfólki að farið skuli að íslenskum lögum hvað varðar lágmarkslaunakjör, aðbúnað og hollustuhætti, orlof og önnur starfskjör þess.

Ný reglugerð um atvinnuréttindi útlendinga

Félagsmálaráðherra gaf í marslok út nýja reglugerð um atvinnuréttindi útlendinga. Samtök atvinnulífsins höfðu andmælt ýmsum ákvæðum sem var að finna í drögum að reglugerðinni og töldu óeðlilegt að auka ætti enn frekar formkröfurnar á sama tíma og mikil þörf væri á erlendu starfsfólki. Má þar nefna auknar kröfur vegna



staðfestingar á iðnréttindum og starfstengdum réttindum. Samtök atvinnulífsins töldu það skipta samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja miklu máli að geta fengið erlent starfsfólk til landsins með einföldum og skilvirkum hætti. Ekki var orðið að óskum samtakanna í þessum efnum.

Breytinga er þörf

Samtök atvinnulífsins hafa talið mikilvægt að löggjöf um útlendinga og atvinnuleyfi erlends starfsfólks sé sveigjanleg og kerfið skilvirkt. Ef ljóst sé að starfsmenn vanti í tiltekna atvinnugreinar þá eigi það að vera forgangsverkefni að greiða fyrir komu starfsfólks. Engin ástæða sé til að tefja það ferli. Í því skyni að auka skilvirkni þá sé mikilvægt að endurskoða fyrirkomulag atvinnuleyfa. Nokkur áfangi náðist í þeim efnum í árslok 2004 en þá tóku félagsmálaráðherra og dómsmálaráðherra þá stefnumarkandi ákvörðun að einn aðili skyldi annast útgáfu atvinnu- og dvalarleyfa. Var nefnd falið að útfæra nánar þessa ákvörðun. Innan Vinnuástandafundar og Útlendingastofnunar var einnig hafin vinna við að hraða afgreiðslu umsókna með því að sam- tengja tölvakerfi stofnananna.

4.5 KJARARANNSÓKNARNEFND

Haustið 2004 gerðu Kjararannsóknarnefnd og Hagstofa Íslands með sér samstarfssamning um launakannanir og aðrar vinnumarkaðsrannsóknir. Markmið samningsins er að auka skilvirkni þannig að þekking og fjármunir sem veitt er til hagskýrslugerðar á sviði vinnumarkaðar nýtist sem best og að tölfraðilegar upplýsingar um laun, launakostnað og vinnutíma nái sem fyrst til allra helstu atvinnugreina og starfsgreina á vinnumarkaðnum. Frá og með 1. janúar 2005 er launakönnun Kjararannsóknarnefndar gerð af Hagstofu Íslands og hætti nefndin skrifstofu- rekstri frá þeim tíma.

Kjararannsóknarnefnd verður áfram til sem samstarfsvettvangur Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins um launakannanir á samningssviði samtakanna, en nefndin hefur staðið að gerð launakannana á almennum vinnumarkaði frá árinu 1963. Kjararannsóknarnefnd verður í hlutverki verkkaupa gagnvart Hagstofu Íslands. Sérstök ráðgjafarnefnd sérfræðinga Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins mun starfa með Hagstofunni. Ráðgjafarnefndinni er ætlað það hlutverk að fylgjast með framkvæmd samningsins og vera Hagstofunni til ráðgjafar um gerð vinnumarkaðsrannsókna, einkum launakannana.

Launakönnun Hagstofunnar á almenna vinnumarkaðnum byggir á handahófsúrtaki fyrirtækja með tíu eða fleiri starfsmenn. Úrtakið nær yfir fiskvinnslu, flestar greinar iðnaðar, byggingarstarfsemi, verslun og samgöngur. Senn hillir undir að fiskveiðar, fjármálastarfsemi og hótél- og veitingastarfsemi verði hluti af launakönnuninni. Markmiðið er að upplýsingum verði safnað frá öllum helstu atvinnugreinum og starfsgreinum á vinnumarkaðnum.

4.6 NEFNDIR

Í fyrsta kafla ársskýrslunnar er skrá yfir nefndir og ráð á sviði vinnumarkaðsmála sem SA eiga aðild að.



JAFNRÉTTISMÁL

Jafnréttishópur SA er skipaður starfsfólki SA, aðildarfélag og aðildarfyrirtækja. Hópurinn fundaði tvisvar sinnum á starfsárinu, meðal annars til að leggja drög að uppfærðum áherslum atvinnulífsins á þessu sviði.

5.1 JAFNRÉTTISRÁÐ

Meginverkefni Jafnréttisráðs er að vinna að jöfnum rétti karla og kvenna á vinnumarkaði og gefa ráð um það efni. Þriðjudaginn 26. október gekkst ráðið fyrir málþingi um gerð jafnréttisáætla. Árni Magnússon félagsmálaráðherra ávarpaði málþingið en auk hans fluttu þar erindi Fanný Gunnarsdóttir formaður Jafnréttisráðs, Ingunn H. Bjarnadóttir sérfræðingur á Jafnréttisstofu, María Ágústsdóttir viðskiptalögfræðingur, Ragnar Árnason forstöðumaður vinnumarkaðssviðs Samtaka atvinnulífsins, Hildur Jónsdóttir jafnréttisráðgjafi Reykjavíkurborgar og Lind Einarsdóttir framkvæmdastjóri starfsmannasviðs ALCAN.

Í febrúar gerði IMG Gallup könnun fyrir Jafnréttisráð þar sem kannað var hvort kennaraverkfallið hefði haft í för með sér röskun í starfi fyrir foreldra grunnskólabarna, og jafnframt hvort starfsdagar, vetrarfrí og þess háttar í leik- og grunnskólum hefðu slíka röskun í för með sér. Samkvæmt könnuninni olli kennaraverkfallið talsverðri röskun á störfum foreldra grunnskólabarna, en alls sögðu rúm 30% foreldra röskunina

hafa verið mjög eða frekar mikla. Talsvert hærra hlutfall kvenna en karla varð fyrir röskun í starfi vegna verkfallsins, eða 37% á móti 27%. Munurinn var þó ekki tölfræðilega marktækur, en fjöldi svara takmarkaðist við fólk á vinnumarkaði með börn í grunnskóla.

Starfsdagar, vetrarfrí og aðrir dagar þar sem börnin sækja ekki skóla valda hins vegar almennt mun minni röskun á högum foreldra samkvæmt könnuninni, sem kemur kannski ekki á óvart enda bæði um að ræða mun færri daga og að fyrirvarinn er oftast nokkuð langur. Rúm 11% foreldra verða þó fyrir frekar eða mjög mikilli röskun í starfi vegna þeirra. Röskunin virðist ívið meiri á störfum kvenna en karla, eða rúm 12% á móti tæplega 11%. Munurinn er þó ekki tölfræðilega marktækur, en hér takmarkaðist fjöldi svara við fólk á vinnumarkaði með börn í leik- eða grunnskóla.

Á árinu veitti Jafnréttisráð að vanda viðurkenningu fyrir störf að jafnréttismálum í samráði við félagsmálaráðherra. Guðfríður Lilja Grétarsdóttir forseti Skáksambands Íslands hlaut verðlaunin að þessu sinni. Þá fundaði ráðið með ýmsum aðilum sem fjalla um jafnréttismál, meðal annars með jafnréttisfulltrúum ráðuneytanna.

5.2 KÆRUNEFND JAFNRÉTTISMÁLA

Kærunefnd jafnréttismála skilaði álit í níu málum á starfsárinu. Meira en helmingur þessara mála eða samtals fimm kærumál voru á hendur fyrirtækjum á almennum vinnumarkaði. Kæur voru af ýmsu tilefni, fjórar vegna uppsagnar úr starfi, þrjár vegna stöðuveitinga, ein vegna meintrar mismununar í launum og ein kæra var vegna greiðslna í flæðingarorlofi. Kærendur voru karlar í tveimur tilvikum.

Niðurstaða kærunefndarinnar var í þremur tilvikum að um brot væri að ræða og því beint til viðkomandi vinnuveitanda að finna viðunandi lausn á málinu. Í öðrum þessara mála féllst nefndin ekki á að um brot á jafnréttislögum væri að ræða. Vinnuveitandinn ber þó oftast sönnunarskyldu. Ef máli er vísað til kærunefndar og leiddar eru líkur að beinni eða óbeinni mismununar vegna kynferðis, skal atvinnurekandinn sýna nefndinni fram á að aðrar ástæður en kynferði hafi legið til grundvallar ákvörðun hans. Í niðurstöðu nefndarinnar í máli nr. 4/2004 segir, til dæmis, að starfandi hafi verið sjö konur og tíu karlar á þeim tíma sem kæranda var sagt upp störfum. Í ljósi þeirrar staðreyndar hefði þurft veigamikil rök fyrir því að segja fjórum af þessum konum upp en engum karlmanni þannig að hlutur kvenna rýrnaði enn





og það verulega. Af málatilbúnaði kærða og öðrum gögnum málsins verði helst ráðið að kærði hafi ekkert hugað að ákvæðum laga nr. 96/2000 við uppsagnir starfsmanna, svo sem kærða bar að gera samkvæmt ákvæðum þeirra laga. Þegar litið sé til ofanritaðs og þess að kærði hafi ekki fært fram önnur rök fyrir uppsögn kæranda en almenn rök um hagræðingu og skipulagsbreytingar, sem ekki verður séð að réttlæti ein og sér það að konum sé eingöngu sagt upp störfum, og loks til þess að kærandi hafði lengri starfsaldur en að minnsta kosti þrjú af þeim körlum sem héldu starfi sínu, verður ekki talið að kærði hafi fært fram málefnanleg rök fyrir því að kæranda hafi verið sagt upp. Niðurstaða nefndarinnar var að kærða þótti ekki hafa tekist á málefnalegan hátt að sýna fram á að aðrar ástæður en kynferði hafi legið til grundvallar ákvörðun hans.

5.3 VEFSVÆÐIÐ HGJ.IS

Samtök atvinnulífsins eru meðal hollvina hins gullna jafnvægis, sem heldur úti vefsvæðinu hgj.is. Vefsvæðið er vettvangur áhugafólks um samhæfingu vinnu og einkalífs og er ætlað öllum þeim sem starfs síns vegna geta stuðlað að bættu starfsumhverfi, auknum sveigjanleika

og samhæfingu vinnu og einkalífs á íslenskum vinnumarkaði, svo sem starfsmannastjórum, jafnréttisráðgjöfum og stjórnendum með mannaforráð. Markmið vefsvæðisins, auk þess að viðhalda þeirri athygli sem verkefnið *Hið gullna jafnvægi* veitti þessum málaflokki, er einkum að safna saman og gera aðgengilegt efni um sveigjanleika á vinnustöðum og samræmingu starfs og einkalífs í þeim tilgangi að auðvelda stjórnendum að þróa og innleiða aukinn sveigjanleika sem stefnu – fyrirtækjum til hagsbóta og starfsfólki til aukinna lífsgæða. Á svæðinu er meðal annars að finna áherslur SA í jafnréttismálum.

5.4 NEFNDIR

Í fyrsta kafla ársskýrslunnar er skrá yfir nefndir og ráð á sviði jafnréttismála sem SA eiga aðild að.



LÍFEYRISMÁL



Málefni lífeyrissjóðakerfisins hafa verið mjög ofarlega á baugi síðastliðið ár og mikið verið fundað um þau mál milli SA og ASÍ en einnig hafa nokkrir fundir verið haldnir í lífeyrishópi SA sem skipaður er starfsfólki SA, aðildarfélaganna og einstakra fyrirtækja. Í kjarasamningum á almennum vinnumarkaði hefur verið samið um það að frá 1. janúar 2007 renni 12% af heildarlaunum til samtryggingar og verður framlag vinnuveitenda þar af 8% frá þeim tíma, en um síðustu áramót hækkaði það úr 6% í 7%.

Á síðasta samningstímabili var lagður grunnur að stöðu séreignarsjóða, sem þriðju stoðarinnar í framfærslu eftir starfslok, auk samtryggingar og almannatrygginga. Var talið nauðsynlegt að styrkja fjárhag samtryggingar, meðal annars vegna lengri meðalævi og aukinnar örorkubyrði. Gerðu SA og ASÍ með sér sérstakt samkomulag 8. desember síðastliðinn um meðferð þessarar iðgjaldahækkunar. Í flestum tilvikum rennur hún til fjármögnunar á núverandi lífeyrisloforðum, en veitir ekki svigrúm til að hækka þau. Þá er ljóst að auknar inngreiðslur juku útreiknaðar framtíðarskuldbindingar jafnvinnslusjóða, miðað við óbreyttar samþykktir, þannig að reiknuð fjárhagsstaða þeirra versnaði. Ýmsir sjóðir hafa því gripið til breytinga á sínum samþykktum, en jafnframt hefur myndast viðtæk samstaða um að taka upp aldursháða réttindaávinnslu hjá sjóðum sem SA og ASÍ eiga aðild að, en nokkrir sjóðir hafa þegar gert slíka breytingu. Má búast við að flestir eða allir sjóðir ljúki við þessa breytingu á árinu 2005. Hefur mikil vinna verið lögð í að finna „mjúka“ aðferð til yfirfærslu úr jafnri í aldurstengda ávinnslu. Óháð reglum um réttindaávinnslu eru SA og ASÍ sammála um að breyttar forsendur um lífaldur og örorkubyrði

sjóða geri það nauðsynlegt að taka upp viðræður við stjórnvöld um framtíðarfyrirkomulag þessara mála, meðal annars stöðu lífeyrissjóða gagnvart örorku og samspil við önnur bótakerfi.


Samhliða umræðum um framangreind viðfangsefni hafa margir lífeyrissjóðir skoðað möguleika sameiningar. Innan landssamtaka lífeyrissjóða eru nú 46 lífeyrissjóðir, þar af eru 22 í sjálfstæðum rekstri. Að minnsta kosti tólf sjóðir skoða nú sameiningu við einn eða fleiri aðra sjóði, en eru misjafnlega langt á veg komnir. Eftir þær breytingar sem nú eru í farvatninu má búast við að tíu stærstu sjóðirnir verði með meira en 80% af heildareignum allra sjóða. Þegar flest var munu sjóðir hafa verið um 100 talsins og átti VSI aðild að um 40. Nú tilnefna Samtök atvinnulífsins fulltrúa atvinnurekenda í stjórnir 14 lífeyrissjóða samkvæmt reglugerðum sjóðanna. Eru tilnefndir alls 37 aðalmenn og varamenn þeirra í stjórnirnar.

Uppbygging lífeyrissjóða á samningssviði Samtaka atvinnulífsins felur í sér mikilsverðan árangur af samstarfi atvinnulífs og launþegahreyfingar. Íslenska lífeyrissjóðakerfið er talið hagkvæmt í alþjóðlegum samanburði og hefur leyst sín viðfangsefni á hagstæðan hátt fyrir þjóðfélagið. Skipulag almennu lífeyrissjóðanna á Íslandi á grundvelli sjóðsöfnunar þykir til mikillar fyrirmyndar í heiminum. Slík skoðun á kerfisvanda sem boðuð hefur verið á að geta gert gott kerfi ennþá betra.

6.1 STAÐA LÍFEYRISJÓÐANNA

Lífeyrissjóðakerfið hefur eflst mjög á undanförunum árum og eiga nær allir starfandi menn aðild að því. Fjárhagsstaða kerfisins er almennt traust og raunávöxtun á síðasta ári var með því besta frá upphafi. Heildareignir lífeyrissjóðanna námu um síðustu áramót um 974 milljörðum króna og höfðu aukist um 18% frá fyrra ári, samkvæmt upplýsingum Seðlabankans. Eignir sjóðanna erlendis námu um 216 milljörðum króna í lok ársins 2004, sem er 56 milljarða hækkan frá árslokum 2003. Erlend verðbræfaeign sjóðanna var um 22,2% af heildareignum um síðustu áramót, en var um 19,4% í árslok 2003 og 15,3% í árslok 2002. Þegar til framtíðar er litið er sjóðunum almennt nauðsynlegt að fjárfesta stærri hluta eigna sinna erlendis. Aukinni áhættudreifingu og sveiflujöfnun í íslensku hagkerfi. Heimild lífeyrissjóða til að fjárfesta í erlendum gjaldmiðlum er 50% samkvæmt lögum.

Eignir lífeyrissjóða – Hrein eign til greiðslu lífeyris



Heimild: Fjármálaeftirtíð, SI

Gott gengi á innlendum hlutabréfamörkuðum skilaði sér vel í eignaaugningu sjóðanna. Jókst innlend hlutabréfaeign úr 89 milljörðum í 134 milljarða á árinu, eða um 51%, en úrvalsvísitala kauphallarinnar hækkaði um 59% á síðasta ári. Sjóðfélagalán námu alls um 88 milljörðum króna, eða um 9,1% af heildareignum. Hefur þetta hlutfall lækkað nokkuð, eða úr rúmlega 12% í árslok 2002. Aukin samkeppni við bankana og Íbúðalánasjóð um útlán til íbúðakaupa er helsta skýringin á þessari þróun. Með hliðsjón af sterkri stöðu krónunnar má búast við vaxandi fjárfestingum lífeyrissjóða erlendis á þessu ári.

6.2 ÖFLUGUR SÉREIGNASPARNAÐUR

Samkvæmt flestum samningum á almennum vinnumarkaði greiðir vinnuveitandi nú 2% framlag á móti 2–4% séreignarsparnaði starfsmanns. Skattafrestun vegna séreignarsparnaðar nemur allt að 4% af launastofni. Fólki gefst því orðið hagstæður möguleiki til viðbótarlífeyrissparnaðar í séreignarsjóði sem nemur samtals 6% af launum, þar af 4% eigið framlag sem nýtur skattfrestunar. Er ástæða til að fagna sérstaklega auknum heimildum til skattfrestunar vegna lífeyrissparnaðar. Þar sem þessi sparnaður rennur allur til að greiða lífeyri getur hann hækkað útgreiddan lífeyri til lífeyrisþegans verulega. Markmið kjarasamninga um að ýta undir sparnað og efla séreignarsparnað sem þriðju stoð lífeyriskerfisins virðist ganga vel eftir. Þegar fram líða stundir á þetta hlutfall að fara langt með að tryggja lífeyrisþegum hliðstæð kjör við þau sem þeir nutu lengst af á starfsævi sinni. Í könnunum sem SA hafa gert á umfangi viðbótarlífeyrissparnaðar meðal launafólks á grundvelli gagna Kjarasóknarnefndar hefur komið í ljós að þátttaka í viðbótarlífeyrissparnaði hefur bæði verið meiri en áætlað var við gerð kjarasamninga og einnig verið jafnari milli starfsstétta.

SA hafa bent á það í umræðum um lífeyrismál að með 12% greiðslum til samtryggingar frá árinu 2007 og 6% í séreign, eða samtals 18% af launum, ætti að vera vel séð fyrir þörfum fólks fyrir lífeyri. Hafa verður í huga að lífeyriskerfi búa ekki til nýja peninga, heldur fela í sér tækifæri til tilflutnings á hluta ævitekna. Óskynsamlegt geti verið að ganga lengra í slíkum tilflutningi frá fyrri æviskeiðum, en nú er ráðgert.

6.3 SKIPAN Í STJÓRNIR LÍFEYRISSJÓÐA

Aðalmenn í stjórnun lífeyrissjóða tilnefndir af Samtökum atvinnulífsins eru (miðað við 15. apríl 2005):

Lífeyrissjóðurinn Framsýn

Hjörleifur Kvaran
Sveinn S. Hannesson
Ari Edwald
Jón Guðmann Pétursson

Lífeyrissjóðurinn Lífiðn

Sveinn Þ. Jónsson
Bjarni H. Matthíasson
Tryggvi Guðmundsson

Lífeyrissjóður sjómanna

Höskuldur Ólafsson
Ásgeir Valdimarsson

Sameinaði lífeyrissjóðurinn

Þorgeir Jósefsson
Haraldur Ólason
Örn Jóhannsson

Lífeyrissjóður verzlunarmanna

Tryggvi Jónsson

Lífeyrissjóður Vesturlands

Bergþór Guðmundsson
Stefán Reynir Kristinsson
Ellert Kristinsson

Lífeyrissjóður Bolungarvíkur

Eliás Jónatansson
Jenný Hólmsteinsdóttir
Flosi Jakobsson

Lífeyrissjóður Vestfirðinga

Kristján G. Jóhannsson
Einar Valur Kristjánsson

Lífeyrissjóður Norðurlands

Einar Einarsson
Eiríkur S. Jóhannsson
Kristján Þór Júlíusson
Kristján Björn Garðarsson

Lífeyrissjóður Austurlands

Aðalsteinn Ingólfsson
Björgólfur Jóhannsson

Lífeyrissjóður Rangæinga

Ragnar Pálsson
Guðmundur Svavarsson

Lífeyrissjóður Suðurlands

Örn Grétarsson
Einar Sigurðsson

Lífeyrissjóður Suðurnesja

Stefán Friðfinnsson
Bergþór Baldvinsson
Eðvard Júlíusson

Lífeyrissjóður Vestmannaeyja

Sigurgeir B. Kristgeirsson
Hörður Óskarsson
Arnar Sigurmundsson



UMHVERFISMÁL OG VINNUVERND

Umhverfismál eru málaflokkur sem krefst sífellt meiri athygli atvinnulífsins í landinu og til samtakanna berst mikill fjöldi mála sem tengjast umhverfinu beint og óbeint. Umhverfishópur SA er skipaður starfsfólki SA, fulltrúum aðildarfélaganna og einstakra fyrirtækja. Hópurinn hefur fundað nokkrum sinnum og mótað áherslur atvinnulífsins á þessu sviði auk verkefnalista þar sem valin hafa verið nokkur mál til að vinna að á næstunni.



7.1 UMHVERFISMÁL

Gróðurhúsalofttegundir

Á árinu 2005 gekk í gildi svokölluð Kyoto bókun við loftslagssamning Sameinuðu þjóðanna. Með henni eru lagðar kvaðir á vestrænar þjóðir um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda vegna mannlægra athafna. Á árinu 2012 má losun á Íslandi einungis vera 10% meiri en á árinu 1990. Gróðurhúsalofttegundir verða einkum til við brennslu jarðefnaeldsneytis svo sem í kola-, gas og olíukyntum orkuverum. Íslendingar sem nær einungis nýta endurnýjanlegar orkulindir til rafmagnsframleiðslu og upphitunar hafa fengið sérstakar heimildir til að nýta þessar orkulindir. Á árinu 2005 verður farið að móta stefnu um hvað taka skuli við þegar tímabili Kyoto bókunarinnar lýkur og er mikilvægt að ekki verði lagðar kvaðir á nýtingu endurnýjanlegra orkulinda. Á næstu áratugum má búast við að lögð verði áhersla á tæknipróun til að draga úr notkun olíu í samgöngum og við fiskveiðar og að draga úr losun við iðnaðarframleiðslu.

Mengun hafs og stranda

Um áramótin tóku gildi ný lög um varnir gegn mengun hafs og stranda þar sem lögð er áhersla á að mengunarvaldur beri ábyrgð á því tjóni sem

hann kann að valda þótt tjónið verði ekki rakið til saknæmrar háttsemi hans eða starfsmanna. Þann 14. janúar var haldinn vel sóttur fundur til að kynna ákvæði nýju laganna, einkum tryggingar sem þeir sem annast flutning hættulegra efna og þeir sem stunda tiltekna starfsemi og talin er upp í lögum verða að afla sér fyrir 1. janúar 2006. Fulltrúi SA á sæti í starfshópi á vegum umhverfisráðuneytis sem undirbýr gildistöku laganna.

Umhverfisábyrgð

Samtökin héldu sérstakan kynningarfund þann 14. september þar sem kynnt var tilskipun Evrópusambandsins á þessu sviði. Fundurinn var og miklar umræður fóru fram. Tilskipunin sem um ræðir er mjög víðtæk og var það niðurstaða í umsögn SA að hún heyrði ekki undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið.

Hollustuháttaráð

Með lögum sem sett voru í desember var hollustuháttaráð lagt niður en það var lögformlegur umsagnaraðili um gjaldskrár heilbrigðiseftirlitsumdæmanna og um reglugerðir sem settar voru samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir. Fulltrúar SA áttu sæti í ráðinu. Er nú heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga selt algert sjálfðæmi um gjaldskrár sínar.

Flutningur hættulegra efna á vegum

Þann 13. júlí héldu SA fund um nýja reglugerð sem verið var að setja um ofangreint efni þar sem fulltrúar samgönguráðuneytisins kynntu málið og í framhaldi var samin umsögn samtakanna.

Eftirlit með fyrirtækjum

Í febrúar voru kynntar fyrir umhverfisráðuneyti ýmsar hugmyndir um hvernig megi nútímavæða



eftirlit með lögum sem undir ráðuneytið falla. Þar er meðal annars lagt til að starfsleyfi verði veitt ótímabundið, að dregið verði úr eftirliti hjá þeim fyrirtækjum sem að jafnaði koma vel út úr skoðunum, að aukin ábyrgð verði lögð á fyrirtækin sjálf og að hið opinbera eftirlit verði í auknum mæli falið skoðunarstofum. Þess má geta að SA eiga fulltrúa í heilbrigðisnefndum sveitarfélaga og funduðu þeir í húsakynnum samtakanna í mars.

Umhverfisstjórnunarkerfi

Þann 16. júní héldu SA fjölsóttan kynningarfund með Samtökum iðnaðarins um umhverfisstjórnunarkerfið Umhverfisvitann, sem hugsaður er sem ódýrt en vottunarhæft kerfi. Stefán Gíslason og Ragnhildur Helga Jónsdóttir, starfsmenn Staðardagskrár 21 á Íslandi, kynntu kerfið.

7.2 VINNUVERND

Vinnueftirlit ríkisins

Á vegum Vinnueftirlits ríkisins var samin reglugerð um aðgerðir gegn einelti og kynferðislegri áreitni á vinnustöðum sem félagsmálaráðuneytið gaf síðan út sem reglugerð nr. 1000/2004. Frá ráðuneytinu fékk stofnunin endursend drög að reglugerð sem samþykkt höfðu verið í stjórn stofnunarinnar árið 2002 um vinnu í kældu rými við matvælaframleiðslu. Ráðgefandi stjórn Vinnueftirlits fór yfir þessi drög, gerði á þeim nokkrar breytingar og sendi aftur til ráðuneytis. Á vegum ráðgefandi stjórnar stofnunarinnar hefur í rúmt ár verið unnið að gerð nýrrar reglugerðar um áhættumat á vinnustöðum og má búast við að þeirri vinnu ljúki á árinu.

Á starfsárinu féllu tveir dómur, þar sem sýnt er fram á verulega annmarka í stjórnsýslu og starfsháttum Vinnueftirlitsins. Með dómi Héraðsdóms

Reykjavíkur frá 9.11.2004 var Vinnueftirlitið (VER) sem eftirlitsstofnun dæmt skaðabótaskyld ásamt eiganda húss vegna vinnuslyss, sem lyftuviðgerðarmaður varð fyrir við störf sín. Ástæða bótaskyldunnar var sú að eftirlitsmaður VER hafði veitt ólöglega undanþágu frá gildandi reglugerð um lyftur nr. 203/1972, og var það orsök vinnuslyssins. Með dómi Hæstaréttar frá 18. nóvember 2004 var úrskurðað að reglur nr. 198/1983 um réttindi til að stjórna vinnuvélum og um vinnuvélaréttindi ættu sér ekki lagastoð. Lögjafinn gæti ekki framselt VER það vald að ákveða hvaða háttsemi skyldi varða refsingu. Með 15. gr. laga nr. 68/2003, sem tóku gildi áður en meint brot átti sér stað, var ákveðið að félagsmálaráðherra skyldi setja reglugerðir að fenginni umsógn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins en að stjórn stofnunarinnar setti þær ekki. Ljóst virðist af þessu að allar reglugerðir sem stjórn VER setti á árunum 1980 – 2003 og félagsmálaráðherra staðfesti eru ekki lengur gildir sem refsheimildir. Eins og fram kemur í dómnum er þetta í annað sinn sem Hæstiréttur dæmir að reglurnar brjóti gegn 69. gr. stjórnarskrár, sem viðhlítandi refsheimild, sbr. Hæstaréttardóm frá 5. október 2000.

7.3 ERLEND SAMSKIPTI

Í 9. kafla ársskýrslunnar er fjallað um reglubundin erlend samskipti SA á sviði umhverfis- og vinnuverndarmála.

7.4 NEFNDIR

Í 1. kafla ársskýrslunnar er að finna skrá yfir nefndir og ráð á sviði umhverfis- og vinnuverndarmála sem SA eiga aðild að.



ALÞINGI OG DÓMSTÓLAR

8.1 UMSAGNIR UM ÞINGMÁL

Samtökum atvinnulífsins berst mikill fjöldi þingmála til umsagnar. Á 131. löggjafarþingi, 2004–2005, sendu samtökin inn umsagnir um eftirtalin þingmál (*miðað við 20. apríl 2005*):

Stjórnarfrumvörp um

- breytingu á lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, með síðari breytingum
- breytingu á lögum um húsnæðismál nr. 44/1998, með síðari breytingum, hámark láns- hlutfalls
- breytingu á lögum nr. 161/2002 um fjármála- fyrirtæki, og á lögum nr. 60/1994 um vátrygg- ingastarfsemi, EES-reglur
- breytingu á lögum um mat á umhverfis- áhrifum nr. 106/2000, og á skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, með síðari breytingum, matsferli, málskotsréttur, úr- skurðarnefnd o.fl.
- breytingu á lögum nr. 17/1991 um einkaleyfi, með síðari breytingum, EES-reglur, einkaréttur lyfja
- breytingu á lögum nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna, með síðari breytingum, endurgreiðslur, málsmeðferð o.fl.
- breytingu á lögum nr. 7/1998 um hollustu- hætti og mengunarvarnir, með síðari breyt- ingum
- breytingu á lögum um Háskóla Íslands nr. 41/1999, með síðari breytingum
- breytingu á lögum um Kennaraháskóla Íslands nr. 137/1997, með síðari breytingum
- breytingu á lögum um Háskólann á Akureyri nr. 40/1999, með síðari breytingum
- breyting á lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, og á fleiri lögum, skatthlutfall, afnám eignarskatts o.fl.
- rannsóknir og nýtingu á jarðrænum auð- lindum
- afnám laga nr. 53/2002 um Tækniháskóla Íslands, með síðari breytingum
- frumvarp til vatnalaga
- skattskyldu orkufyrirtækja
- breytingu á lögum nr. 144/1994 um ársreikn- inga, með síðari breytingum, EES-reglur, reikn- ingsskilastaðlar
- samkeppnislög, EES-reglur
- Neytendastofu og talsmann neytenda
- breytingu á lögum nr. 73/2001, um fólks- flutninga, vöruflutninga og efnisflutninga á landi, með síðari breytingum

Þingmannafrumvörp um

- breytingu á lögum nr. 75/2001 um sölu ríkis- sjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf.
- breytingu á lögum um tekjuskatt og eignar- skatt nr. 90/2003, með síðari breytingum, hlutfall fjármagnstekjuskatts
- breytingu á lögum um virðisaukaskatt nr. 50/1988, með síðari breytingum, matvörur
- breytingu á lögum nr. 2/1995 um hlutafélög, með síðari breytingum, réttur smárra hluthafa
- breytingu á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda nr. 45/1987, og á lögum um virðisauka- skatt nr. 50/1988, með áorðnum breytingum, vanskil á vörslufé
- breytingu á lögum nr. 33/2003 um verð- bréfaviðskipti, hagsmunir smárra fjárfesta
- breytingu á lögum nr. 12/1997, um atvinnu- leysistryggingar, með síðari breytingum, des- emberuppbót

Þingsályktunartillögur um

- stofnun atvinnuvegaráðuneytis
- úttekt á vegagerð og veggjöldum
- ný tækifæri til náms

Þá skiluðu SA umsögn um skýrslu starfshóps um umfang skattsvika á Íslandi.

8.2 UMSAGNIR TIL RÁÐUNEYTA

Loks skiluðu SA ýmsum umsögnum til ráðuneyta, meðal annars um

- drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 2/1995 um hlutafélög og einka- hlutafélög, til iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis
- drög að frumvarpi til laga um neytendastofu og talsmann neytenda, til iðnaðar- og viðskipt- aráðuneytis
- drög að frumvarpi til laga um breytingu á samkeppnislögum, til iðnaðar- og viðskipta- ráðuneytis
- drög að tilskipun Evrópusambandsins um frelsi í þjónustuviðskiptum, til utanríkisráðuneytis
- drög að umsögn utanríkisráðuneytisins um drög að tilskipun Evrópusambandsins um frelsi í þjónustuviðskiptum, til utanríkis- ráðuneytis
- gjaldskrá Umhverfisstofnunar vegna ýmissa verkefna sem stofnuninni eru falin að lögum
- drög að frumvarpi til laga um breytingu á umferðarlögum, til samgönguráðuneytis

Ofangreindar umsagnir eru allar aðgengilegar á vef SA.



8.3 LÖGGJÖF SEM SNÝR AÐ ATVINNULÍFINU

Fæðingarorlof. Með lögum nr. 90/2004 voru töluverðar breytingar gerðar á lögum um fæðingar- og foreldraorlof frá árinu 2000. Megintilgangur lagabreytinganna var að treysta stöðu fæðingarorlofssjóðs vegna erfiðrar fjárhagsstöðu sjóðsins. Þak var sett á hámarksgreiðslur, sem geta nú hæstar orðið 480 þús. kr. á mánuði miðað við 600 þús. kr. mánaðartekjur, en ekkert slíkt þak var áður. Til að auka eftirlit með útgreiðslum var ákveðið að samstillta fæðingarorlofskerfið við skattkerfið og skattyfirvöldum var fengið eftirlitshlutverk. Tekjur sjóðsins, sem fjármagnaður er með ákveðnum hluta almenns tryggingagjalds, voru einnig auknar með aukinni tilfærslu milli atvinnutryggingagjaldsins og almenna gjaldsins.

Lög um tekju- og eignaskatt. Með lögum nr. 129/2004 er eignarskattur einstaklinga og lögaðila felldur niður frá og með 31. desember 2005. Framtalsskylda eigna og skulda verður þó áfram við lýði. Breytingin mun hins vegar ekki hafa áhrif fyrr en á árinu 2006, en álagning eignaskatts á nettóeignir lögaðila í árslok 2004 verður með óbreyttu sniði á árinu 2005.

Lög um lífeyrissjóð sjómanna felld niður. Með lögum nr. 137/2004 voru sérlög um Lífeyrissjóð sjómanna nr. 45/1999 felld úr gildi. Frá og með 1. janúar 2005 starfar Lífeyrisjóður sjómanna því á grundvelli almennra laga um starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrisjóða.

Lög um starfskjör launafólks nr. 55/1980. Breyting á lögnum fól í sér að samningar aðildarsamtaka vinnumarkaðarins um málsmeðferð í ágreiningsmálum, um hvort laun og ráðningarkjör starfsmanna á íslenskum vinnumarkaði séu í samræmi við ákvæði laga og kjarasamninga, skulu hafa sama almenna gildi og samningar þeirra um laun og önnur starfskjör. Rekja má lagabreytingarnar til sérstaks samkomulags Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins um útlendinga á íslenskum vinnumarkaði frá 7. mars 2004, sem gert var samhliða því að endurnýja kjarasamninga á almennum vinnumarkaði. Samkvæmt bókun með samkomulaginu var þeim tilmælum beint til félagsmálaráðherra að veita því almennt gildi þannig að það næði til allra erlendra starfsmanna er starfa á íslenskum

vinnumarkaði. Séu viðkomandi launamenn eða atvinnurekendur þannig ófélagsbundnir eiga þeir rétt á að skipa fulltrúa sína í viðkomandi ágreiningsnefndir.

8.4 DÓMSMÁL

Hvildartími ökumanna skv. reglugerð nr. 136/1995

Með dómi Hæstaréttar frá 28.10. 2004 var staðfestur sýknudómur Héraðsdóms Reykjaness þar sem reyndi á lögmæti reglugerðar nr. 136/1995 um hvíldar- og ökutíma bifreiðastjóra sem refsíheimildar. Samkvæmt dómi Hæstaréttar var reglugerð nr. 136/1995 með áorðnum breytingum frá árinu 2000 ekki talin gild og fullnægjandi refsíheimild. Reglugerðina skorti fullnægjandi lagastoð í umferðarlögum. Hvíldartímaákvæði reglugerðar EB 3820/85 sem ákærvaldið taldi hafa verið brotin, höfðu ekki verið innleidd í íslenskan rétt á lögmætan og á stjórnskipulegan hátt. Innleiðing á ákvæðum reglugerðar EBE 3820/85 í íslenskan rétt, eins og hún var framkvæmd af dómismálaráðuneytinu með því að birta EBE reglugerðina í heild sinni í B-deild Stjórnartíðinda, fékk þannig ekki staðist. Samtök atvinnulífsins höfðu strax á árinu 2000 mótmælt þeirri framkvæmd við dómismálaráðuneytið án árangurs. Mál 251/2004.





Ágreiningur um útgerðaraðila skips

Þann 17. september 2004 var Útgerðarfélagið Sólbakur ehf. stofnað. Hið nýja útgerðarfélag var í eigu Brims hf. en ekki í heildarsamtökum útgerðarmanna, LÍÚ. Með leigusamningi leigði Brim hf. útgerðarfélaginu Sólbaki ehf. fiskiskipið Sólbak EA-7, án allra veiðiheimilda. Í framhaldi af leigu Sólbaks EA-7 var gengið frá ráðningarsamningum við skipverja, sem staðfestu með undirskrift sinni að vera utan stéttarfélags sjómanna. Vélstjórafélag Íslands taldi sýnt að Brim hf. hefði brotið gegn ákvæði í kjarasamningi milli LÍÚ og Vélstjórafélags Íslands um hafnarfrí og stefndi SA fyrir Félagsdóm vegna Brims. Stofnun Útgerðarfélagins Sólbaks ehf. um rekstur Sólbaks EA-7 hafi verið málamyndagjöörningur til að koma Brimi hf. undan ákvæðum kjarasamninga sjómanna og útvegsmanna. Vélstjórafélagið taldi að Brim hf. væri hinn raunverulegi útgerðaraðili Sólbaks. Brim væri sem félagsmaður í LÍÚ bundið af ákvæðum kjarasamnings milli LÍÚ og Vélstjórafélags Íslands. Fyrirsvarsmönnum Brims hf. hafi því borið skylda til að virða kjarasamningsákvæði um hafnarfrí en brot félagsins á ákvæðinu varði félagið féviti. Félagsdómur féllst ekki á að um málamyndagjöörning hefði verið að ræða. Brim hf. væri því ekki réttur aðili að þessu máli fyrir Félagsdómi. Voru Samtök atvinnulífsins f.h. Brims því sýknuð af kröfum Vélstjórafélagsins.

Brot á trúnaðar- og heiðarleikaskyldu

Í dómi Hæstaréttar reyndi á ólögfestar meginreglur vinnuréttar og ráðningarsamninga um trúnaðarskyldu starfsmanna. Sannað var með myndum úr öryggimyndavélum að vaktmaður hafði ítrekað farið inn á skrifstofu bankastjóra og skoðað þar trúnaðarskjöl. Fallist var á að heimilt hefði verið að vísa vaktmanninum úr starfi án aðvörunar eða fyrirvara þar sem hann hefði farið út fyrir verksvið sitt og brotið gegn trúnaðarskyldu. Því var hafnað að skilyrði væru til að dæma miskabætur vegna þess hvernig staðið var að uppsögninni eða vegna athafna félagsins í kjölfar hennar. Félagið var því sýknað af tæplega 6 m.kr. bótakröfum vaktmannsins. Mál nr. 374/2004.

Uppsögn trúnaðarmanns vegna brots í starfi

Trúnaðarmanni var sagt upp fyrirvalaust, eftir að hann sló kaffibolla úr hendi verkstjóra að mörgum mönnum ásjáandi. Var ekki talið sannað að trúnaðarmaðurinn hefði tekið á verk-

stjóranum eða gerst sekur um líkamsárás á hann. Hæstiréttur taldi þessa háttsemi ekki svo alvarlega að heimilt hefði verið að víkja trúnaðarmanninum úr starfi án undangenginnar áminningar. Honum voru því dæmdar bætur sem svöruðu til þriggja mánaða uppsagnarfrests. Var ekki fallist á að hann ætti sem trúnaðarmaður rétt til frekari bóta. Mál nr. 204/2004.

Túlkun kjarasamninga

Launakrafa starfsmanns var byggð á því að túlka bæri kjarasamning þann sem gilti um starf hans samkvæmt orðanna hljóðan. Hæstiréttur taldi að umdeilt ákvæði kjarasamningsins væri ekki skýrt um það atriði sem um væri deilt. Hins vegar lægi fyrir að við gerð kjarasamningsins hefði af hálfu stéttarfélagsins verið gerð krafa um að starfsmenn fengju laun samkvæmt hærri launaflokki við þær aðstæður, er við áttu um starf starfsmannsins. Þessari kröfu hafði verið hafnað af hálfu fyrirtækisins og ákvæði þar að lútandi því ekki tekið inn í kjarasamninginn. Með vísan til þessa var ekki fallist á að starfsmaðurinn gæti með stoð í kjarasamningi náð fram kröfu sinni. Mál nr. 339/2004.

Skylda til greiðslu á kjarasamningsbundnu eftirmenntunargjaldi

Deilt var um skyldu til að greiða kjarasamningsbundið gjald í eftirmenntunarsjóð vegna rafiðnaðarmanna sem störfuðu hjá fyrirtæki sem ekki átti aðild að kjarasamningnum. Í dómi Hæstaréttar segir að samkvæmt 1. gr. laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og fleira skuli laun og önnur starfskjör, sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semja um, vera lágmarkskjör fyrir alla launamenn í viðkomandi starfsgrein. Ákvæðið veiti launamönnum rétt samkvæmt efni hennar og þá kröfu eigi þeir á vinnuveitanda. Í 1. mgr. 6. gr. laganna sé kveðið á um skyldur allra atvinnurekenda að greiða í sjúkra- og orlofsjóði samkvæmt kjarasamningum. Slíka kröfu eigi stéttarfélagin vegna þessara tvenns konar sjóða og sé það tæmandi talning. Kröfur þeirra vegna annarra sjóða en þeirra sem tilgreindir eru í kjarasamningnum verði ekki reistar á þessu lagaákvæði og brysti því heimild til þess að krefja fyrirtækið um gjöldin. Mál nr. 114/2004.

Sjá jafnframt í 7. kafla umfjöllun um tvo dóma sem tengjast Vinnueftirliti ríkisins.



ALPJÓÐAMÁL

Samtök atvinnulífsins taka þátt í ýmiss konar fjölþjóðlegu samstarfi, einkum á Evrópuvettvangi og með samtökum atvinnurekenda á hinum Norðurlöndunum. Samtökin starfrækja skrifstofu í Brussel og Evrópu- og alþjóðamálahópur SA er skipaður starfsfólki SA, aðildarfélagi og aðildar-fyrirtækja. Hópurinn fundaði þrisvar sinnum á starfsárinu, meðal annars til að leggja drög að umfjöllun um alþjóðamál í nýrri útgáfu af *Áherslum atvinnulífsins*.

9.1 AF EVRÓPUVETTVANGI

Þann 1. júlí 2004 tóku Hollendingar við forsæti í Evrópusambandinu (ESB) og var ljóst þegar í upphafi að fullur þungi yrði lagður á eflingu atvinnulífs í löndum ESB. Markmið leiðtogaáráðs sambandsins frá árinu 2000 sem kennd hafa verið við Lissabon, um að ESB yrði tæknivæddasta og samkeppnishæfasta þekkingarsamfélag heims árið 2010, þykja ekki í augnsýn og heldur miðar hægt að þessum áfanga. Segja má að innra starf framkvæmdastjórnar ESB hafi að miklu leyti snúist um ofangreind markmið. Á haustmánuðum tók ný framkvæmdastjórn við lykjavöldum í Brussel eftir fremur erfiða fæðingu og sögulegar upptökum í Evrópuþinginu. Á sama tíma kom út skýrsla vegna áfangaúttektar á Lissabon markmiðunum sem gaf ástandinu felleinkunn og boðaði mjög hertan röður í efnahagsmálum. Það var því ekki auðvelt starf sem beið Lúxemborgara þegar þeir settust í forsæti ESB 1. janúar 2005. Töluverðar vonir hafa verið bundnar við nýju framkvæmdastjórnina undir forsæti Portúgalans Barroso og hefur hún þótt bæði frjálslýnd og tala af alvöru um efnahagsumbætur. Á það mun reyna á næstu misserum en háar gagnrýnisráddir hafa jafnframt heyrst um skort á stuðningi við markmið um félagslegan stöðugleika. Jafnframt hefur umræðu um Stöðugleikasáttmálann (Stability and Growth Pact) og fjárlög sambandsins til komandi ára borið hátt. Stækkun sambandsins 1. maí síðastliðinn í 25 aðildarríki hefur almennt þótt takast nokkuð vel. Fyrir utan ofangreinda málaflokka hafa drög að nokkrum viðamiklum og mikilvægum tilskipunum verið lögð fram og hlotið gífurlega athygli og umræðu, meðal annars um þjónustuviðskipti. Þessar tilskipanir hafa bein áhrif á atvinnulífið og því er mikilvægt að fylgjast vel með umræðunni og afdrifum þeirra.

9.2 RÁÐGJAFARNEFNDIR EFTA OG EES

Ráðgjafarnefnd EFTA samanstendur af fulltrúum samtaka úr atvinnulífi aðildarríkjanna allra. Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins, ASÍ, BSRB og Verslunarráð eiga öll fulltrúa í nefndinni. Þá á Samband íslenskra sveitarfélaga áheyrnarfull-

trúa. Nefndin heldur alla jafna um fjóra fundi á ári innbyrðis auk árlegra funda með ráðherrum EFTA ríkjanna og með fastanefnd EFTA. Þá myndar nefndin EFTA-hluta Ráðgjafarnefndar EES, á móti Efnahags- og félagsmálanefnd ESB. Nýlega var tekið upp formlegt samráð nefndarinnar við þingmannanefnd EFTA og voru tveir samráðsfundir nefndanna haldnir á starfsárinu. Saman stóðu nefndirnar tvær jafnframt fyrir ráðstefnu um stöðu EES-samningsins í Reykjavík í október. Ráðgjafarnefndin hefur lagt áherslu á að forgangsraða verkefnum í sem nánustum tengslum við hagsmuni aðildarríkjanna og viðfangsefni ESB hverju sinni. Síðustu misseri hefur nefndin meðal annars beitt kröftum sínum að stækkun ESB, Lissabon ferlinu og að framkvæmd EES-samningsins, auk fríverslunarsamninga EFTA-ríkjanna. Ráðgjafarnefndin hefur gefið út fjölda álita um ýmsa þætti Evrópusamvinnunnar með sérstöku tilliti til hagsmuna fyrirtækja og launafólks í EFTA ríkjum.

9.3 EVRÓPUSAMTÖK ATVINNULÍFSINS – UNICE

Starf UNICE á árinu hefur að vanda markast mjög af áherslum ESB í þeim málaflokkum sem hafa áhrif á iðnað og atvinnulíf á beinan eða óbeinan hátt. Fjöldi vinnuhópa, sem skipaðir eru sérfræðingum frá aðildarfélögum UNICE, hafa unnið ötullega að því að móta afstöðu UNICE og tryggja að rödd samtakanna berist sem víðast og á markvissan hátt. Meginkrafa samtakanna er aukin samkeppnishæfni álfunnar og 9. desember 2004 héldu þau öðru sinni sérstakan dag samkeppinnar. Þann dag komu saman í Brussel um 800 aðilar víðs vegar að úr atvinnulífi og stjórnámálum og ræddu stöðu efnahagslífs og samkeppnishæfni atvinnulífs í Evrópu undir yfirskriftinni *Leikið til sigurs*. Dagskráin var haldin í Evrópuþinginu og ávörp fluttu meðal annars allir helstu forystumenn ESB. Þykir samtökunum hafa tekist vel til með að lyfta nauðsyn á aukinni samkeppnishæfni ofar á dagskrá ESB.

9.4 SAMRÁÐ OG AÐILD AÐ EVRÓPSKUM KJARASAMNINGUM

Samningaviðræðum UNICE og CEEP annars vegar og ETUC, Evrópusamtaka verkalýðsfélaga, hins vegar um vinnutengda streitu sem greint var frá í síðustu ársskýrslu lauk síðastliðin sumar. Samningurinn var undirritaður 8. október 2004. Það eru aðilarnir sjálfir, eða öllu heldur aðildarfélög þeirra, þar á meðal SA og ASÍ sem eiga að innleiða samninginn á heimavelli. Ekki er gert ráð fyrir að hann verði tekinn upp í tilskipun og lögfestur með þeim hætti. Í sameiginlegri fréttatilkynningu samningsaðilanna er bent á að streita



sé flókið fyrirbæri. Þótt hún sé ekki sjúkdómur geti hún valdið heilsutjóni og geti hugsanlega haft áhrif á alla vinnustaði og alla starfsmenn. Reyndin sé þó ekki sú. Samkomulagið tekur aðeins til vinnutengdrar streitu. Markmiðið er að auka skilning atvinnurekenda og starfsfólks á vinnutengdri streitu og hvernig eigi að greina vandamálin og takast á við þau. Frestur til innleiðingar er til 8. október 2007.

Viðræðum um jafnrétti kvenna og karla sem hófust vorið 2004 er einnig lokið. Samkomulag náðist í lok mars. Ekki er um að ræða eiginlegan samningstexta heldur sameiginlega markmiðssetningu aðila vinnumarkaðarins um að stuðla að jafnrétti á vinnumarkaði og vinnustað. Aðilar samkomulagsins ETUC, CEEP og UNICE/UEAPME hafa skoðað fjölda dæma um aðferðir sem þykja hafa tekist vel og hafa komið sér saman um forgangsmál sem þeir beina til aðildarfélaga sinna að beita sér í á næstu fimm árum. Þegar þetta er ritað hefur samkomulagið ekki verið undirritað og kynnt út á við.

Innleiðing Evrópureglna í íslenskan rétt

Viðræður hafa hafist milli SA og ASÍ um innleiðingu á efnisreglum tilskipunar um upplýsingar og samráð í fyrirtækjum. Reglurnar ná að vali aðildarríkis til allra fyrirtækja sem hafa annað hvort 50 starfsmenn í fyrirtæki eða 30 starfsmenn á starfsstöð og hafa því mjög almennt gildissvið. Aðilar hafa frest fram á vorið til að ljúka viðræðum en að öðrum kosti verður tilskipunin innleidd með lagasetningu.

9.5 EVRÓPUSKRIFSTOFA SA

Á síðasta ári voru gerðar breytingar á starfsfyrirkomulagi á skrifstofu SA í Brussel. Til þess að tryggja sem besta samfellu í starfi fulltrúa SA í Brussel og á skrifstofu SA á Íslandi hefur fastafulltrúi SA hjá UNICE nú aðsetur á Íslandi en varafastafulltrúi gegnir hlutastarfi á skrifstofunni í Brussel. Með beinni þátttöku í starfi UNICE gefst mikilvægur kostur á því að taka á óbeinan hátt þátt í mótun löggjafar í ESB. Slík þátttaka tryggir jafnframt greiðan aðgang að upplýsingum og veitir yfirsýn yfir þá umræðu sem snertir atvinnulíf þjóðarinnar. Eins og jafnan áður hefur rík áhersla verið lögð á þátttöku í starfi á sviði félags- og vinnumarkaðsmála, sbr. kafla 9.4 hér að framan. Einnig hefur verið fylgst með umræðu um þá löggjöf sem gæti haft veruleg áhrif á starfskilyrði fyrir atvinnulíf í álfunni, ýmist til hins betra eða verra. Þar ber hæst drög að reglugerð um skráningu, mat og leyfisveitingar efna (REACH) og drög að tilskipun um þjónustuviðskipti á Evrópska efnahagssvæðinu. Fundir hafa jafnframt

verið sóttir í fjölmörgum vinnuhópum UNICE sem og reglubundnir fundir fastafulltrúa aðildarfélaganna auk þess sem erindum félagsmanna SA er sinnt eftir bestu getu.

9.6 ALPJÓÐAVINNUMÁLA-STOFNUNIN, ILO

Samráðsnefnd félagsmálaráðuneytisins um mál efni ILO sem í eiga sæti fulltrúar SA og ASÍ hefur það verkefni að fjalla um skýrslur Íslands um framkvæmd alþjóðasamþykktu ILO hér á landi og afstöðu til mögulegrar fullgildingar á nýjum samþykktum. Á hverju ári þarf að skila miklum fjölda skýrslna til ILO um framkvæmd á samþykktum stofnunarinnar. Þá fjallar nefndin einnig um framkvæmd Íslands á félagsmálasáttmála Evrópu en Evrópuráðið kallar einnig eftir slíkum skýrslum.

Vinnumálalapingið

Árlegt þing ILO, það 92. í röðinni, var haldið í Genf í byrjun júní. Fastir liðir eru umræða um skýrslu forstjóra sem fjallaði að þessu sinni um félagslegt réttlæti og umfjöllun um framkvæmd alþjóðasamþykktu, en þar var lagasetningin á verkfall sjómanna 2001 meðal annars tekin til umræðu, líkt og fjallað er um hér að neðan. Sérstök umfjöllun var á þinginu um efnahagslegar afleiðingar hnattvæðingarinnar. Umræðan byggðist á skýrslu svokallaðrar heimsnefndar undir forystu Tarju Halonen forseta Finnlands sem birt var í febrúar 2004 og ber heitið *Sanngjörn alþjóðavæðing – að skapa öllum tækifæri*. Þar kemur fram að möguleikarnir sem felast í hnattvæðingunni séu gífurlega miklir en gagnrýnt er að núverandi stjórnunarfyrirkomulag bæði í einstökum ríkjum og alþjóðlega sé ekki fært um að nýta þau tækifæri til hagsbóta fyrir stærstan hluta mannkyns. Þá voru afgreidd á þinginu ný tilmæli um þróun mannauðs. Tilgangur tilmælanna er að móta leiðbeinandi viðmið fyrir ríki til að efla þjálfun og færni starfsmanna að teknu tilliti til efnahags- og félagslegra þarfa á hverjum stað. Loks var flutningur launafólks milli landa í atvinnuskyni til umræðu á þinginu. Vinnuskilyrði fiskimanna voru til umræðu í annarri nefnd, líkt og fjallað er um hér að neðan. Sjá nánar í skýrslu félagsmálaráðherra til Alþingis um Alþjóðavinnumálalapingin í Genf 2001–2004.

Málafni fiskimanna

Í mars 2002 ákvað stjórn ILO að taka til endurskoðunar fimm alþjóðasamþykktir og tvenn tilmæli sem eru frá árunum 1920 til 1966 og varða fiskimenn. Fyrri umræða um drög að nýrri alþjóðasamþykkt og tilmælum fór fram á vinnu-



máláþinginu sumarið 2004. Mikill ágreiningur var milli fulltrúa sjómanna og útgerða um efnið. Þrátt fyrir langa og stranga fundi tókst nefndinni ekki að fara yfir allt efnið sem henni var ætlað. Fulltrúar sjómanna vildu yfirfæra ýmis ákvæði úr samþykktum fyrir skipverja á kaupskipum í fyrirhugaðar reglur um fiskimenn. Fulltrúar útgerða töldu það ekki eiga við þar sem vinna um borð í fiskiskipum væri ólík vinnu á kaupskipum. Það yrði að fjalla um mál fiskimanna miðað við þeirra eigið umhverfi en ekki annarra. Þá bæri að taka tillit til þess að meginhluti fiskimanna væri á smábátum og bæri að leggja áherslu á að settar yrðu reglur sem næðu til þeirra. Ljóst er að mörg ágreiningsmál verða á milli fulltrúa sjómanna og útgerðarmanna við seinni umræðu og afgreiðslu nýrrar alþjóðasamþykktar á þinginu 2005.

Umfjöllun um lagasetningu á kjaradeilu fiskimanna

Sérfræðinganefnd ILO hefur það hlutverk að fylgjast með framkvæmd á alþjóðasamþykktum stofnunarinnar og er skýrsla hennar lögð fyrir ILO þingið til almennrar umræðu auk þess sem einstök mál eru tekin til umfjöllunar. Fulltrúar verkalyðsfélaganna á þinginu ráða mestu um það hvaða mál það eru sem fá slíka umfjöllun. Athugasemdir sérfræðinganefnarinnar vörðuðu framkvæmd Íslands á samþykkt nr. 87 um félagsfrelsi, en ILO hefur talið að verkfallsrétturinn njóti verndar samkvæmt henni, og 4. gr. samþykktar nr. 98 um að aðildarríkjunum beri að stuðla að frjálsum kjarasamningum. Þingið fjallaði einungis um seinni samþykktina, það er hvort íslenska ríkið hefði brotið gegn samningsfrelsi aðila með því að binda enda á kjaradeilu fiskimanna vorið 2001 með lögum og vísa kjaradeilunni til úrlausnar gerðardóms. Verfallið hafði þá staðið í sex vikur og var meðal annars farið að hafa áhrif á gengi íslensku krónunnar. Niðurstaða þingsins fól ekki í sér alvarlegan áfellingisdóm og laut fyrst og fremst að því að fara þurfi yfir framkvæmd kjarasamningaviðræðna fiskimanna og umgjörð þeirra. Í því sambandi er rétt að hafa í huga að lög nr. 34/2001 eru niður fallin og engar sérreglur eru í gildi varðandi samninga fiskimanna auk þess sem samningar hafa nú tekist milli samningsaðila.

Nánar tiltekið er í niðurstöðu þingsins vísað til þess að spurning um inngríp stjórnvalda í kjarasamninga fiskimanna sem og annarra starfsgreina hafi áður komið upp. Sú ósk hafi komið fram hjá aðilum vinnumarkaðarins á Íslandi að ríkisstjórnin haldi að sér höndum í framtíðinni hvað varðar hvers kyns inngríp í ferli kjarasamninga. Sérstök athygli er vakin á yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um að hún væri reiðubúin til samráðs við aðila

vinnumarkaðarins til að fara yfir þau vandamál sem væru til staðar í sjávarútvegi. Nefndin lét jafnframt í ljós þá von að ríkisstjórnin endurskoðaði umgjörð og tilhögun kjarasamningaviðræðna og framkvæmd þeirra í sjávarútvegi í nánu samráði við hlutaðeigandi samtök aðila vinnumarkaðarins með það að markmiði að bæta umgjörð frjálsra samningaviðræðna í samræmi við 4. grein samþykktarinnar.

Evrópuþing ILO

Sérstakt þing fyrir Evrópu var haldið í Búdapest dagana 14.–18. febrúar. Þátttakendur voru 600 frá 50 ríkjum Evrópu og Miðasíu, þar á meðal fjölmargir ráðherrar. Forsætisráðherra Lúxemborgar sem fer með formennsku í Evrópusambandinu var meðal þátttakenda í umfjöllun um framtíð félagslegra skoðanaskipta (e. social dialogue) á tímum hnattvæðingar. Einnig var rætt um þörfina á auknum sveigjanleika. Umræðan snýst nú um það sem kallað er sveigjanlegt öryggi (e. flex security) og var bent á Danmörku sem fyrirmynd í því efni, þar sem vinnumarkaðsreglur þeirra eru sveigjanlegri en almennt gerist í Evrópu. Þessi umræða ætti að áminna okkur Íslendinga um að halda sveigjanleikanum. Í þessu sambandi var einnig rætt um starfs- og simenntun, eða það sem kallað hefur verið ráðningarhæfni. Umræðan virðist vera að færast í þá átt að auðvelda þurfi flæðið milli starfa í stað þess að leggja höfuðáherslu á að tryggja vinnu hjá sama vinnuveitanda. Þá var rætt um atvinnumál ungs fólks, frjálst flæði vinnuafis milli landa, lífeyrismál og þá nauðsyn sem flest Evrópuríki standa frammi fyrir, að lengja starfsæfi fólks.

9.7 IOE, ALPJÓÐASAMTÖK VINNUEITENDA

SA eiga aðild að IOE en samtökin starfa á vettvangi ILO. Megináhersla er lögð á að koma sjónarmiðum vinnuveitenda á framfæri gagnvart ILO, að samræma sjónarmið, skipuleggja og halda utan um starf vinnuveitendahópsins á vinnumáláþinginu og að aðstoða fulltrúa vinnuveitenda.

9.8 NORRÆN SAMVINNA

Af hálfu norrænu atvinnulífssamtakanna hefur verið tekin sú ákvörðun að taka ekki að óbreyttu þátt í árlegum samráðsfundum norræna ráðherraráðsins með aðilum vinnumarkaðarins. Enginn slíkur fundur var því haldinn á árinu.

9.9 FASTANEFND NORRÆNU VINNUEITENDASAMTAKANNA

Fundur fastanefndar forystumanna norrænu atvinnurekendasmatakanna var haldinn í lok



ágúst 2004 í Danmörku. SA og SI stóðu í sameiningu að fundinum sem fór fram í höfuðstöðvum Dansk industri í Kaupmannahöfn. Þessir fundir samtaka vinnuveitenda og iðnrekenda hafa verið haldnir sameiginlega síðustu ár, enda hafa samtökin í Noregi, Finnlandi og Svíþjóð verið sameinuð. Á fundinum var farið yfir efnahagsþróun á Norðurlöndum í alþjóðlegu samhengi, en sérstaklega var fjallað um tækifæri og áhrif hnattvæðingar, stækkun Evrópusambandsins, loftlags- og orkumál, og loks málefni Evrópusamtaka atvinnulífsins, UNICE.

9.10 ÁRSFUNDUR HAGDEILDA NORRÆNU ATVINNUREKENDASAMTAKANNA

Ársfundurinn var haldinn í Stokkhólmi í lok ágúst 2004. Meginumræðuefnið að þessu sinni voru staðtölur um laun, söfnun og úrvinnsla launagagna og samvinna við hagstofur hvers lands. Atvinnurekendasmötökin í Danmörku og Finnlandi safna saman upplýsingum um laun í aðildarfyrirtækjunum en samtökin í Noregi og Svíþjóð gera það ekki lengur sjálf. Í Svíþjóð er verkefnið leyst af verktaka sem vinnur fyrir systursamtök SA og kom hann sem gestur á fundinn og greindi frá reynslunni af þessari skipan. Í Noregi sér hagstofan þar í landi alfarið um söfnun og úrvinnslu launaupplýsinga. Í Danmörku safnar danska vinnuveitendasambandið upplýsingum ársfjórðungslega um 700.000 launamenn og starfa 15 starfsmenn við verkefnið. Í Finnlandi safna systursamtök SA upplýsingum um 450.000 starfsmenn og vinna 11 starfsmenn við það. Á Íslandi hefur Kjararannsóknarnefnd safnað saman upplýsingum um 15.000 launamenn og hafa 8 starfsmenn starfað við verkefnið. Ljóst er af þessum tölum að auka má skilvirkni við öflun og úrvinnslu launaupplýsinga hér á landi og fjallaði fulltrúi SA um hugsanlegan tilflutning verkefnisins til Hagstofunnar (sem síðan hefur orðið raunin, sjá 4. kafla ársskýrslunnar). Á fundinum var greint frá skýrslum sem fjölluðu um áhrif alþjóðavæðingarinnar á sænskt efnahagslíf og áhrif stækkunar ESB á finnsk fyrirtæki.

9.11 LÖGFRÆÐINGAMÓT NORRÆNU ATVINNUREKENDASAMTAKANNA

Lögfræðingamótið var haldið í Saltsjöbaden fyrir utan Stokkhólm í lok ágúst. Aðalefni fundarins voru viðurlög við samningsbrotum launafólks og atvinnurekanda. Samkvæmt venju lagði hvert land um sig fram skriflega skýrslu um réttarstöðuna í sínu landi. Skýrslurnar voru síðan kynntar og ræddar á fundinum. Auk þess var á fundinum fjallað um breytingar á löggjöf

og dómafrákvæmd og afstöðu samtakanna til lagabreytinga. Umfjöllunin gaf því gott yfirlit yfir þróun norræns vinnuréttar.

9.12 FUNDUR UMHVERFISMÁLA-DEILDA NORRÆNU ATVINNUREKENDASAMTAKANNA

Fundurinn var haldinn í Helsinki 1. og 2. apríl og í Osló 25. og 26. október 2004 og sóttu fulltrúar SA báða fundina auk fulltrúa Samtaka iðnaðarins sem sótti seinni fundinn. Einkum var rætt um fyrirhugaða efnalöggjöf Evrópusambandsins (REACH), gróðurhúsalofttegundir, græn innkaup, úrgangsmál og endurvinnslu og endurnýtingu, grænt bókhald, græn innkaup og ýmsar kröfur sem gerðar eru til atvinnulífsins og varða mengun, hávaða og fleiri mál.

9.13 ÁRSFUNDUR VINNUMHVERFIS-DEILDA NORRÆNU ATVINNUREKENDASAMTAKANNA

Ársfundurinn 2004 var haldinn í Helsinki 2. og 3. september. Efst á baugi eins og gjarnan áður voru mál er tengjast veikindafjarvistum og gríðarlegri fjölgun öryrkja á síðustu árum og áratugum. Fram kom að við lagabreytingar í Noregi er gert ráð fyrir að norskir læknaþurfi framvegis að lýsa því yfir að það sé liður í meðhöndlun sjúklinga að hann stundi ekki vinnu ef veikindi hafa staðið um ákveðinn tíma. Í Danmörku er verið að leggja niður fyrirtækjaheilbrigðiskerfið (d. bedrifthelse-tjeneste) og taka upp eftirlit þar sem fyrirtæki eru flokkuð í þrjá flokka eftir því hvernig þau sinna innra starfi. Því betra sem innra kerfið er því minna eftirlit þarf af hálfu hins opinbera. Eins var rætt um reglugerðir sem á döfinni eru í löndunum og frá Evrópusambandinu.

9.15 AF STARFI NEMIA

SA eiga aðild að gagnkvæmu váttryggingarfélagi norrænu atvinnurekendasmatakanna, *Nordic Employers Mutual Insurance Association*. Hlutverk félagsins er að endurtryggja tjónsáhættu vinnudeilusjóða samtakanna vegna bótageiðslna í tengslum við vinnustöðvanir. Félagið sem starfar í Lúxemborg er lokað og aðild að því eiga einungis hin fimm norrænu samtök vinnuveitenda. Vinnudeilusjóður SA (VDS) greiðir árgjald til NEMIA sem nam rúmlega 9,6 m.kr. í fyrra, en árið 2001 greiddi NEMIA um 30 m.kr. af þeim 211 m.kr. sem VDS greiddi vegna sjómannaverkfalls.



MENNTASTARF SAMTAKA ATVINNULÍFSINS

10.1 HELSTU VIÐFANGSEFNI Á SVIÐI MENNTAMÁLA

Samtök atvinnulífsins taka þátt í fjölbreyttu samstarfi á sviði mennta- og fræðslumála. Helstu samstarfsaðilar samtakanna eru aðildarsamtök SA, samtök launafólks og opinberir aðilar. Samtök atvinnulífsins hafa mótað sér almenna stefnu á þessu sviði og vinna að framgangi hennar með öðrum. Menntahópur SA er skipaður starfsfólki SA, fulltrúum aðildarfélaga og áhugafólki úr atvinnulífinu. Menntahópurinn hélt fimm fundi á starfsárinu 2004–2005. Meðal helstu viðfangsefna sem unnið var að á starfsárinu voru vinna við drög að nýjum *Áherslum atvinnulífsins*, sameining Tækniháskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Mennt, Starfsmenntaráð, fræðslusjóðir aðila vinnu- markaðarins og ýmsar aðrar nefndir og ráð.

10.2 FRÆÐSLUSJÓÐIR

Frá árinu 2000 hafa Samtök atvinnulífsins starfrækt fræðslusjóði í samstarfi við helstu viðsejendur sína, einkum til að sinna starfsfræðsluþörfum ófaglærðs starfsfólks á vinnu- markaði. Sjóðirnir eru: Starfsafl, með félögum í Flóabandalaginu; Landsmennt, með Starfsgreina- sambandinu; og Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks, með Verzlunarmannafélagi Reykjavíkur og Landssambandi íslenskra verzlun- armanna. Árið 2002 bættist við Sjómennt, með Sjómannasambandi Íslands.

Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofu- fólks hefur frá upphafi verið fjármagnaður með 0,15% af heildarlaunum starfsmanna frá fyrirtækjum og þriðjungi af greiddu framlagi fyrirtækja frá stéttarfélögum. Fyrirtæki geta sótt um undanþágu – að uppfylltum ákveðnum skilyrðum – og fengið gjaldið lækkað í 0,05% af heildarlaunum starfsmanna. Skilyrðin eru einkum þau að fyrirtækin starfræki virka endurmenntun- arstefnu og að kostnaður vegna menntastefnu þeirra sé meiri en 0,15% af heildarlaunum starfsmanna, sbr. 12. grein samþykktar sjóðsins. Á árinu 2004 voru greiddir rúmlega 4.400 styrkir úr sjóðnum til einstaklinga að upphæð alls 87 m.kr. Styrkir til fyrirtækja og félaga námu um 6,5 m.kr.

Hinir sjóðirnir þrír hafa lengst af að mestu leyti verið fjármagnaðir af Atvinnuleysistryggingasjóði og þar með með tryggingargjaldi, ásamt með framlagi stéttarfélaga. Sjóðirnir munu áfram fá fjárveitingu úr Atvinnuleysistryggingasjóði út árið 2007 en í tengslum við gerð kjarasamninga í mars 2004 var gert samkomu-

lag um að Starfsafl og Landsmennt fengju hvor um sig 190 milljónir króna úr Atvinnuleysistryggingasjóði til ársloka 2007, auk 30 m.kr. byggðaalags til Landsmenntar. Atvinnurekendur munu síðan í áföngum taka yfir beina fjármögnun sjóðanna á seinni hluta samningstímans og greiða af launum sem hér segir:

frá 1. janúar 2006	0,05%
frá 1. janúar 2007 samtals	0,15%

Á árinu 2004 námu styrkveitingar Starfsafls alls 35,2 m.kr. Þar af fóru 22,6 m.kr. í styrki til alls 1118 einstaklinga en 12,6 m.kr. í önnur verkefni, alls 48 að tölu. Úr Landsmennt voru á árinu greiddir út styrkir til 1.922 einstaklinga að heildarupphæð 42,6 m.kr. og var að hluta til um að ræða yfirfærð verkefni frá fyrra ári. Þá greiddi sjóðurinn 12 m.kr. í alls 94 önnur verkefni á vegum 38 aðila. Þar af voru þrjú stéttarfélög, þrjár fræðsluáðilar og 32 fyrirtæki.

Loks varð að samkomulagi í október 2004 að til ársloka 2007 yrðu greiddar alls 45 milljónir króna úr Atvinnuleysistryggingasjóði til Sjómenntar. Á árinu 2004 greiddi sjóðurinn alls 3,8 m.kr. í styrki til 134 einstaklinga og alls tvær m.kr. vegna sjö fræðsluverkefna innan fyrirtækja.



Evrópuverkefni Menntar

Stór þáttur í starfsemi Menntar lýtur að stuðningi við þá sem hafa áhuga á auknu Evrópusamstarfi í tengslum við starfsmenntun og þróun menntunar fyrir atvinnulífið. Mennt tengist þar meðal annars þremur áætlunum Evrópusambandsins, **Leonardó da Vinci**, **CEDEFOP** og **Europass**. Allar upplýsingar um mögulegt Evrópusamstarf innan Menntar gefur framkvæmdastjóri Menntar, Aðalheiður Jónsdóttir (alla@mennt.is).

LEONARDÓ DA VINCI

MENNT er þjónustuskrifstofa Landsskrifstofu Leonardós á Íslandi og hefur umsjón með ýmsum þáttum innan áætlunarinnar. Þar á meðal eru kynningar, ráðgjöf og aðstoð við umsækjendur. Bein aðstoð við umsækjendur í umsóknarferlinu hefur verið fyrirferðarmest og er sú þjónusta umsækjendum að kostnaðarlausu. Miklir möguleikar felast í þátttöku í Leonardó áætluninni og hefur Mennt í samvinnu við Landsskrifstofu Leonardós hvatt fyrirtæki til að taka þátt í verkefnum áætlunarinnar. Þar er um góða styrki að ræða og oft árangursríkt samstarf.

CEDEFOP

MENNT er íslenskur tengiliður CEDEFOP, miðstöðvar Evrópusambandsins um þróun í starfsmenntun. Hlutverk Menntar er tvíþætt. Annars vegar er umsjón með upplýsinganeti og gagnabanka CEDEFOP á sviði upplýsinga og rannsókna. Þar fer fram gagnkvæm miðlun upplýsinga til og frá Íslandi um það sem gerist í starfsmenntamálu. Mennt ber ábyrgð á að halda CEDEFOP upplýstri um það sem er að gerast á Íslandi og auðveldar aðgengi Íslendinga að þeim evrópsku upplýsingum sem CEDEFOP býr yfir. Hins vegar hefur Mennt umsjón með námsferðum sem CEDEFOP skipuleggur og styrkir. Námsferðirnar eru þrjú til fimm daga heimsóknir ætlaðar leiðbeinendum, stefnumótendum og stjórnendum í starfsmenntun þar sem þátttakendum gefst færi á að kynna sér tiltekna þætti í starfsmenntakerfi annarra landa. Íslendingar hafa aðgang að átta slíkum styrkjum árlega og á móti kemur að Mennt tekur á móti einum hópi sérfræðinga hingað til lands á hverju ári.

Europass

Mennt hefur með höndum umsýslu vegna EUROPASS á Íslandi sem er starfsmenntavegabréf Evrópusambandsins. Með Europassanum er ætlunin að hvetja til aukins hreyfanleika fólks í starfsmenntun með því að stuðla að því að þjálfun sé viðurkennd á milli landa. Passinn er ætlaður nemum í starfsnámi sem kjósa að sækja starfsþjálfun í öðru Evrópulandi. Passinn staðfestir að eigandinn hafi hlotið starfsþjálfun í tengslum við nám sitt sem metin verður sem hluti af, eða viðbót við, nám á Íslandi.



10.3 FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ ATVINNULÍFSINS

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins er samstarfs- vettvangur ASÍ og SA um fullorðins- og starfsmenntun á íslenskum vinnumarkaði, í samstarfi við aðrar sameiginlegar fræðslustofnanir á vegum aðildarsamtaka ASÍ og SA, sem stofnuð var í desember 2002. Í þjónustusamningi við menntamálaráðuneytið er samkomulag um að FA sinni fyrst og fremst þeim hópi fólks sem ekki hefur lokið framhaldsskóla, innflytjendum og öðru fólki í sambærilegri stöðu. Á íslenskum vinnumarkaði er þessi hópur mjög stór eða hátt í 40%. FA eru fyrst og fremst ætluð þau hlutverk að skilgreina menntunarþarfir fyrirtækja, starfstétta og einstaklinga og byggja upp framboð á lengra og styttra gæðavottuðu námi fyrir markhópin, námi sem fæst metið til eininga innan hins formlega skólakerfis. Mikilvægt hlutverk er einnig að aðstoða menntamálaráðuneytið við að þróa aðferðir við mat á óformlegu námi og þeirri færni sem fólk hefur aflað sér utan skóla, meðal annars á vinnumarkaði.

Á starfsárinu náðust nokkrir áfangar í starfi Fræðslumiðstöðvarinnar. Hún gerði þannig tillögu um mat á sex námsleiðum fyrir ófaglærða sem menntamálaráðuneytið hefur samþykkt að meta megi til eininga á framhaldsskólastigi. Unnið hefur verið að mati á fleiri námsleiðum, í sumum tilfellum samhliða þróun þeirra. Þá gerði FA rammisamning við símenntunarmiðstöðvarnar um land allt, sem ætlað er að stuðla að því að hægt verði að stunda gæðavottað nám á sem flestum stöðum á landinu. Loks hefur mikið starf verið unnið í því skyni að undirbúa samræmda vottun á raunfærni, sem var helsta þema fjölsóttis ársfundar FA sem haldinn var í nóvember. Á fundinum var meðal annars dreift fyrsta tölublaði vandaðs ársrits FA um fullorðinsfræðslu, *Gáttarinnar*.

10.4 MENNT

Meðal helstu verkefna Menntar, samstarfsvettvangs atvinnulífs og skóla, má nefna Evrópuverkefni sem fjallað er um hér til hliðar, Viku símenntunar og Starfsmenntaverðlaunin sem fjallað er um hér á eftir, þjónustu við þrjú starfsgreinaráð og umsjón með UT ráðstefnunni sem að þessu sinni var haldin á Radisson SAS hóteli Sögu í mars.

10.5 VÍKA SÍMENNTUNAR 2004

Vika símenntunar var haldin í fimmta sinn dagana 12.–18. september. Að þessu sinni var athyglinni beint að ungu fólki undir slagorðinu *Ekki bara hugsa um það!* Áhersla var lögð á aðgengi ungs fólks að upplýsingaöflun um hvert það getur snúið sér í leit að möguleikum til náms, bæði hvað varðar styrki og námsleiðir. Að vanda var einnig lögð áhersla á almenna hvatningu og kynningu á mikilvægi símenntunar fyrir almenn- ing. Átakið er á landsvísi og tók fjöldi fyrirtækja, stofnana, skóla og einstaklinga þátt. Mennt hafði umsjón með framkvæmd vikunnar eins og undan-





farin ár og Samtök atvinnulífsins voru meðal stuðningsaðila.

10.6 STARFSMENNTAVERÐLAUNIN 2004

Á hverju ári verðlaunar Starfsmenntaráð í samstarfi við Mennt þá sem unnið hafa framúrskarandi starf á sviði starfsmenntunar. Tilgangur verðlaunanna er að vekja athygli á mikilvægi starfsmenntunar og því sem vel er gert á þessu sviði. Verðlaunin eru veitt þeim sem þykja hafa unnið framúrskarandi starf á sviði starfsmenntunar á Íslandi og eru þau veitt í þremur flokkum: flokki fyrirtækja og félagasamtaka, flokki skóla og fræðsluaðila og í opnum flokki. Verðlaunin hlutu að þessu sinni Landsbanki Íslands í flokki fyrirtækja, SVP-Samtök verslunar og þjónustu og Viðskiptaháskólinn á Bifröst í flokki fræðsluaðila og Janus endurhæfing í opnum flokki. Forseti Íslands, hr. Ólafur Ragnar Grímsson, afhenti verðlaunin í tengslum við Viku símenntunar.

10.7 STARFSGREINARÁÐ

Samtök atvinnulífsins tilnefna fulltrúa í ellefu starfsgreinaráð. Starfsgreinaráðum er samkvæmt lögum ætlað að skilgreina þarfir starfsgreina fyrir kunnáttu og hæfni starfsmanna og að setja fram markmið með starfsnámi. Þau gera einnig tillögur um skiptingu náms milli skóla og vinnustaða og semja reglur um nám á vinnustöðum. Ráðin eiga að hafa frumkvæði að tillögugerð um breytingar á námi og námsskipan og vera stjórnvöldum til ráðuneytis í málum er varða menntun í starfsgreinum er undir ráðin heyra. Með starfi starfsgreinaráða er leitast við að efla tengsl starfsmennta og atvinnulífs og til að auðvelda aðilum á vinnumarkaði að taka formlega þátt í ákvörðunum um þróun og fræðsluskipan.

10.8 SAMEINING THÍ OG HR

Í október undirrituðu SA, SI og Verslunarráð Íslands viljayfirlýsingu um stofnun einkahlutfélags sem tekur yfir starfsemi Háskólans í Reykjavík og Tækniháskóla Íslands. Í viljayfirlýsingu kemur fram að aðilar eru sammála um að gera þurfi átak til að auka áhuga ungs fólks á raunvísindum og tæknigreinum og tryggja að gæði menntunar á þeim sviðum standist alþjóðlegan samanburð. Hvort tveggja er forsenda framþróunar og aukinnar samkeppnishæfni í atvinnulífi hér á landi. Mikilvægt er að háskólinn mæti þörfum atvinnulífs og einstaklinga fyrir trausta og góða tækni- og rekstrarþekkingu. Í mars samþykkti Alþingi afnám laga um Tækniháskóla Íslands og í kjölfarið var formlega stofnaður nýr sameinaður háskóli. Með hinum nýja háskóla er stigið skref í átt til þess að tryggja áhrif og þátttöku atvinnulífs í háskólastarfi hér á landi. Ákveðið hefur verið að sameinaður háskóli muni bera nafnið Háskólinn í Reykjavík.

10.9 FULLTRÚAR SA Í NEFNDUM OG RÁÐUM Á SVIÐI MENNTAMÁLA

Starfsmenntaráð

Aðalm: Gústaf Adolf Skúlason, SA
 Aðalm: Ingi Bogi Bogason, SI
 Aðalm: Anna Rós Ívarsdóttir, VÍS hf.
 Varam: Guðbergur Rúnarsson, SF
 Varam: Jón H. Magnússon, SA
 Varam: Jónína Gissurardóttir, SA

Mennt

Aðalm: Gústaf Adolf Skúlason, SA
 Aðalm: Emil B. Karlsson, SVP
 Varam: Ingi Bogi Bogason, SI
 Varam: Guðbergur Rúnarsson, SF



Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

Aðalm: Emil B. Karlsson, SVP
 Aðalm: Ingi Bogi Bogason, SI
 Aðalm: Gústaf Adolf Skúlason, SA
 Varam: Jónína Gissurardóttir, SA

Dómnefnd starfsmenntaverðlauna

Jónína Gissurardóttir, SA

Verkefnisstjórn um símenntun

Jónína Gissurardóttir, SA

Vika símenntunar 2004

Jónína Gissurardóttir, SA

Landsmennt – Starfsmenntasjóður (SGS)

Aðalm: Arnar Sigurmundsson, SF
 Aðalm: Gissur Pétursson, Vinnuálastofnun
 Aðalm: Halldór Frímansson, VÍS hf.
 Varam: Ingi Bogi Bogason, SI
 Varam: Ragnar Árnason, SA

Starfsafl – Starfsmenntasjóður Flóa

Aðalm: Einar Marinósson, starfsmannstj. OLÍS hf.
 Aðalm: Ingi Bogi Bogason, SI
 Aðalm: Gissur Pétursson, Vinnuálastofnun
 Varam: Hannes G. Sigurðsson, SA
 Varam: Ragnar Árnason, SA

Viðskiptaháskólinn á Bifröst – háskólastjórn

Aðalm: Guðjón Rúnarsson, SBV
 Aðalm: Finnur Árnason, Hagkaup hf.
 Varam: Atli Atlason, Landsbanki Íslands hf.
 Varam: Júlíus Jónsson, Hitaveita Suðurnesja hf.

Háskólinn í Reykjavík (sameinaðir HR og THÍ)

Aðalm: Elfar Aðalsteinsson
 Varam: Sjöfn Sigurgísladóttir, Rannsóknastofnun
 fiskiðnaðarins

Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands

Aðalm: Stefán Kalmannsson, Viðskiptaháskólinn á
 Bifröst
 Varam: Stefán Logi Haraldsson,
 Vírnet Garðastál hf.

Stjórn verkstjórnarfræðslunnar

Ingólfur Sverrisson, SI
 Ragnar Árnason, SA

Starfshópur vegna starfsháms á vinnustað

Ingi Bogi Bogason, SI
 Emil B. Karlsson, SVP

**Stjórn landsskrifstofu Leonardó II – áætlun-
ar Evrópusambandsins um verknám, starfs-
þjálfun og símenntun**

Gústaf Adolf Skúlason, SA

**Samstarfsnefnd um starfshám á framhalds-
skólastigi**

Aðalm: Emil B. Karlsson, SVP
 Aðalm: Guðfinnur Johnsen, LIÚ
 Aðalm: Ingi Bogi Bogason, SI
 Aðalm: Jón Björnsson, Hagar hf.
 Aðalm: Jón Trausti Harðarson, Oddi hf.
 Aðalm: Steinar Davíðsson, Viðeyjarstofa hf.
 Varam: Anna K. Halldórsdóttir, Samskip hf.
 Varam: Erna Hauksdóttir, SAF
 Varam: Guðbergur Rúnarsson, SF
 Varam: Haraldur Dean Nelson, SI
 Varam: Ingólfur Sverrisson, SI
 Varam: Ólafur Finnbogason, Íslandspóstur hf.

Starfsgreinaráð menntamálaráðuneytis

SA skipar 23 aðalmenn og varamenn þeirra í eftir-
 talin 11 starfsmenntaráð

Björgun, öryggisvarsla og löggæsla
 Byggingar- og mannvirkjagerð
 Faratækja- og flutningsgreinar
 Fjármála- og verslunargreinar
 Hönnunar- og handverksgreinar
 Matvæla- og veitingagreinar
 Málm-, véltækni- og framleiðslugreinar
 Náttúrunýting
 Sjávarútvegs- og siglingagreinar
 Snyrtigreinar
 Upplýsinga- og fjölmiðlagreinar

Starfsmenntasjóður verslunarmanna

Aðalm: Anna Rós Ívarsdóttir, VÍS hf.
 Aðalm: Gunnar Ingi Sigurðsson, Hagkaup hf.
 Aðalm: Sigurður Jónsson, SVP
 Varam: Ingi Bogi Bogason, SI
 Varam: Hannes G. Sigurðsson, SA

ÚTGÁFA OG KYNNING

11.1 VEFUR SA

Vefur SA, www.sa.is, gegnir mikilvægu hlutverki við upplýsingamiðlun samtakanna og í samskiptum við félagsmenn. Á vefnum er mikið safn upplýsinga og eru síðurnar alls á fimmta þúsund talsins. Auk hefðbundinna upplýsinga um samtökin, svo sem um samþykktir, skipulag og starfsemi, er þar að finna margvíslegar upplýsingar fyrir aðila atvinnulífsins. Má þar nefna efni um kjara- og vinnumarkaðsmál, samkeppnismál og ýmsar fréttir sem tengjast atvinnulífinu.

Vinnumarkaðsvefur SA

Á sérstökum vinnumarkaðsvef Samtaka atvinnulífsins er að finna ítarlegar en aðgengilegar upplýsingar um ráðningar á starfsfólki og starfslok, launakostnað, orlof, hvíldartíma, veikindarétt, fæðingar- og foreldraorlof, jafnréttismál, vinnuvernd og margt fleira. Vinnumarkaðsvefurinn er opin öllum félagsmönnum SA. Leiðin inn á hann er í gegnum kjaramálasíðu á vef SA (bein leið er www.sa.is/vinnumarkadsvefur/). Þegar farið er inn á vefinn í fyrsta sinn úr tiltekinni vinnustöð þarf að slá inn notandanafn og lykilorð sem voru send aðildarfyrirtækjum og aðildarfélagum við opnun vefsins í nóvember 2001 og hafa jafnframt verið send til allra nýrra félagsmanna frá þeim tíma.

11.2 AF VETTVANGI

Rafrænt fréttabréf SA, *Af vettvangi*, samanstendur að stærstum hluta af stuttum fréttum, en hægt er að nálgast ítarlegri umfjöllun um hvert mál á vef samtakanna með einum músarsmelli. Þannig þjónar fréttabréfið öðrum þræði því hlutverki að minna á vefinn og það mikilvæga hlutverk sem hann gegnir í upplýsingamiðlun samtak-

anna og samskiptum við félagsmenn. Jafnframt er fréttabréfið nýtt til að koma sjónarmiðum og skoðunum SA á framfæri. Fréttabréfið er sent út fyrsta fimmtudag hvers mánaðar (nema í ágúst, vegna sumarleyfa). Hægt er að gerast áskrifandi að fréttabréfinu og fá það sent í tölvupósti, en einnig er hægt að nálgast það á vef SA.

Kannanir SA meðal aðildarfyrirtækja

Nokkrum sinnum á ári gera Samtök atvinnulífsins rafrænar kannanir meðal aðildarfyrirtækja sinna og eru niðurstöður flestra þeirra birtar í fréttabréfinu *Af vettvangi*. Undanfarin misseri hafa væntingar fyrirtækja um afkomu og áform þeirra um fjárfestingar verið könnuð árlega og áform um ráðningar á starfsfólki tvisvar á ári. Samhliða þessu eða þess á milli hafa önnur tilfallandi mál verið könnuð. Kannanirnar eru unnar með netforriti sem tryggir að svör verða ekki rakin til einstakra fyrirtækja. Kannanir sem fjallað var um í *Af vettvangi* á starfsárinu voru:

- 50 ára og eldri traustir starfskraftar, 7. tbl. 2004
- Hreyfing á vinnumarkaði, 7. og 11. tbl. 2004
- Afkomuvæntingar svipaðar milli ára, 11. tbl. 2004
- Hreyfing á vinnumarkaði, 11. tbl. 2004
- Aukin fjárfestingaráform fyrirtækja, 2. tbl. 2002

11.3 PRENTÚTGÁFA

Eftirlit með atvinnustarfsemi – tillögur til úrbóta

Í tengslum við aðalfund SA í maí 2004 kom út skýrsla þar sem fjallað er um eftirlit með atvinnustarfsemi og tillögur settar fram til úrbóta. Fjallað er almennt um málaflokkinn og viðmið sett fram sem hafa beri að leiðarljósi við ákvörðun um og framkvæmd eftirlits. Jafnframt er eftirlitsumhverfi nokkurra atvinnugreina skoðað og tillögur settar fram um úrbætur á einstökum sviðum. Fjallað er sérstaklega um eftirlit með starfsemi rafverkta, veitingahúsa, bensinstöðva og fjármálafyrirtækja, eftirlit í byggingariðnaði og fiskeldi og um skipaskoðun og matvælaeftirlit, auk dæma úr fleiri áttum (sjá samantekt í 12. kafla).


Viðhorf í samkeppnismálum

Í maí 2004 gaf GJ fjármálaráðgjöf út skýrsluna *Viðhorf í samkeppnismálum* sem unnin var að beiðni SA. Er skýrslunni ætlað að varpa ljósi á ýmis sjónarmið sem uppi eru á meðal fræðimanna um samkeppnislög, einkum hagfræðileg sjónarmið.



Viðhorf til vinnu

Starfsmenn 50 ára og eldri eru:



Skoðanir sem fram koma í skýrslunni þurfa ekki endilega að fara saman við skoðanir Samtaka atvinnulífsins.



Frá kreppu til þjóðarsáttar – Saga VSÍ 1934 til 1999

Í ágúst gáfu SA út bókina *Frá kreppu til þjóðarsáttar – Saga Vinnuveitendasambands Íslands 1934 til 1999*, sem skráð er af Guðmundi Magnússyni sagnfræðingi. Í bókinni er starfssaga Vinnuveitendasambandsins rakin allt frá upphafi og þar til sambandið var lagt niður með stofnun Samtaka atvinnulífsins haustið 1999. Guðmundur fjallar fyrstur sagnfræðinga um það hvernig kjarabaráttan hér á landi horfði við atvinnurekendum. Byggir höfundur verkið einkum á ítarlegri könnun frumheimilda um hugmyndir og starfshætti vinnuveitenda allt frá því á kreppuárunum.

Nordic Global Challenge

Í apríl gáfu SA, SI og systursamtök þeirra á hinum Norðurlöndunum út skýrsluna *Nordic Global Challenge* þar sem fjallað er um samkeppnisstöðu landanna, áskoranir og tækifæri á tímum hnattvæðingar. Í skýrslunni er meðal annars lögð áhersla á mikilvægi öflugs menntakerfis og rannsóknarstarfs, sveigjanlegs vinnumarkaðar, aðlaðandi skattkerfis og hagkvæmni í rekstri hins opinbera.

Útgefnir kjarasamningar

Samtök atvinnulífsins gefa út í bókarmyndum þá kjarasamninga SA sem gilda fyrir fleiri en eitt fyrirtæki og senda þá til aðildarfyrirtækjanna þeim að kostnaðarlausu. Þeir eru jafnramt aðgengilegir á vinnumarkaðsvef SA sem opinn er félagsmönnum. Á starfsárinu voru gefnir út eftirtaldir samningar:

- Samningur 2004–2007 milli SA og Eflingar, Hlífar og VSK (Flóabandalagsins)
- Greiðasölusamningur 2004–2007 milli SA og Eflingar og VSK
- Samningur 2004–2007 milli SA og Starfsgreinasambands Íslands, vegna aðildarfélaga SGS annarra en Eflingar, Hlífar og VSK
- Greiðasölusamningur 2004–2007 milli SA og Starfsgreinasambands Íslands vegna aðildarfélaga SGS annarra en Eflingar, Hlífar og VSK
- Samningur 2004–2007 milli Landsvirkjunar og SA vegna aðildarfyrirtækja annars vegar og ASÍ, SGS, Samiðnar og RSÍ hins vegar um virkjunarframkvæmdir á vegum Landsvirkjunar

- Samningur 2004–2007 milli SA og Samiðnar – sambands iðnfélaga f.h. aðildarfélaga í málmiðnaði, byggingariðnaði og skrudgarðyrkju
- Samningur 2004–2007 milli SA og Félags bókagerðarmanna
- Samningur 2004–2007 milli SA og Mjólkurfræðingafélags Íslands
- Samningur 2004–2007 milli SA og Verkstjórásambands Íslands
- Samningur 2004–2007 milli SA og LÍV/Verzlunarmannafélags Reykjavíkur
- Samningur 2004–2007 milli SA og Félags hársnyrtisveina
- Samningur 2004–2007 milli SA og Vélstjórufélags Íslands um kaup og kjör vélstjóra á kaupskipum

11.4 FUNDIR OG NÁMSKEIÐ


Traust í viðskiptalífinu – Getur gott siðferði borgað sig?

Þriðjudaginn 11. janúar stóðu SA, Verslunarráð Íslands og Glíman, óháð timarit um guðfræði og samfélag, fyrir fjölsóttum morgunverðarfundi um traust og siðferði í viðskiptalífinu. Frummælendur voru Halldór Reynisson, verkefnisstjóri á Biskupsstofu, Gylfi Magnússon, dósent við viðskipta- og hagfræðideild HÍ og Þróstur Olaf Sigurjónsson, aðjúntkt við viðskiptadeild HR. Eva Bergþóra Guðbergsdóttir fréttamaður sá um fundarstjórn og í pallborðsumræðum tóku þátt þau Benedikt Jóhannesson framkvæmdastjóri Talnakönnunar, Erlendur Hjaltason framkvæmdastjóri Meiðs, Guðfinna S. Bjarnadóttir rektor Háskólans í Reykjavík og Jón Sigurðsson Seðlabankastjóri. Á fundinum var meðal annars kynnt ný könnun á siðferði í íslensku viðskiptalífi þar sem fram kemur að stjórnendur segjast huga að siðferðilegum afleiðingum ákvarðana sinna og þeir segja stöðu siðferðismála betri nú en áður.

Kynningarfundir

Þá héldu SA ýmiss konar kynningarfundi og er nánar fjallað um suma þeirra í 7. kafla ársskýrslunnar um umhverfismál. Meðal fundanna má nefna:

- Flutningur hættulegra efna, 13. júlí
- Kynningarfundur um umhverfisstjórnunarkerfi 16. júní, haldinn með SI
- Ábyrgð mengunarvalds og viðbragðsáætlanir, 14. janúar
- Tilskipun ESB um almennan ramma um upp-





lýsingamiðlun til launamanna og samráð við þá, 15. september

- Mengun hafs og stranda, 14. janúar
- Umhverfisábyrgð, 14. september

Loks stóðu SA að fjölda funda og ráðstefna í samstarfi við aðra aðila. Má þar nefna:

- *Skattadagur*, haldinn 13. janúar í samstarfi Deloitte, SA, Verslunarráðs Íslands og Viðskiptablaðs Morgunblaðsins.
- *Alþjóðleg ráðstefna um samkeppnisreglur*, haldin 10. september af Lögfræðiskrifstofu Reykjavíkur og Euphoria, með stuðningi SA o.fl.
- *Veikindafjarvistir*, morgunverðarfundur Vinnueftirlitsins 4. júní, með stuðningi SA o.fl.
- *Staða miðaldra fólks á vinnumarkaði*, ráðstefna áhugahóps 19. maí í samvinnu við SA o.fl.
- *Sprotabing* Samtaka sprotafyrirtækja og SI 18. febrúar, í samstarfi við SA o.fl.

Auk framangreindra funda tóku Samtök atvinnulífsins þátt í fjölda funda og ráðstefna, meðal annars til að sinna fundarstjórn, flytja erindi og taka þátt í pallborðsumræðum. Þá styrktu samtökin ýmiss konar fundahald og kynningarátök á starfsárinu, þar á meðal áttak Samtaka um vinnu og verkþjálfun til eflingar á vitund um vinnustaði fatlaðra (sjá vefinn hlutverk.is), auglýsingaáttak Alþjóðahússins, *Eins og fólk er flest* og Viku símenntunar (sjá nánar í 10. kafla ársskýrslunnar um menntamál).

11.5 RANNSÓKNIR OG FLEIRA MEÐ STUÐNINGI SA

Samtök atvinnulífsins styðja við fjölda rannsókna og verkefna af ýmsu tagi. Má þar nefna:

- *Samanburður á greiddum sköttum íslenskra og erlendra fyrirtækja*, skýrsla unnin af Deloitte að beiðni og með stuðningi SA.
- *RSE, Rannsóknamiðstöð um samfélags- og efnahagsmál*. RSE er sjálfstæð og óháð sjálfseignarstofnun, sem hefur það að markmiði að auka skilning á mikilvægi frjálsra viðskipta og eignaréttinda fyrir lýðræðislegt og framsækið samfélag.
- *Evrópufræðasetur við Viðskiptaháskólann á Bifröst*, vettvangur fyrir rannsóknir og alhliða faglega umræðu fræðimanna og fagaðila á Íslandi um Evrópumál, þar sem sérstök áhersla er lögð á málefni sem snerta atvinnulífið.
- *Hagnýt viðmið – stjórnþæki í fyrirtækjum*. Iðntæknistofnun hefur innleitt aðferðafræði sem auðveldar íslenskum fyrirtækjum að bera rekstur sinn saman við önnur fyrirtæki og taka upp það besta sem þekkist í stjórnun.
- *Global Entrepreneurship Monitor*. Fjölpjöldlegt rannsóknarsamstarf sem gerir okkur kleift að bera saman frumkvöðlastarf hér og erlendis. Háskólinn í Reykjavík fer með framkvæmd fyrir Íslands hönd.
- *Tilraunaverkefni um rafrænt samfélag*, fjölpjöldlegt verkefni sem Staðlaráð Íslands hefur unnið í samstarfi við stjórnvöld og atvinnulíf.
- *Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands*. Vettvangur þverfaglegs samstarfs á sviði alþjóðamála og smárikjarannsókna sem meðal annars er ætlað að vinna þjónustuverkefni fyrir atvinnulíf og opinbera aðila.
- *Hið gullna jafnvægi*. Sjá nánar í 5. kafla ársskýrslunnar um jafnréttismál.
- *Íslensku gæðaverðlaunin*.

REKSTUR SAMTAKANNA, INNRA STARF OG SKIPULAG



12.1 STÖRF AÐALFUNDAR

Aðalfundur Samtaka atvinnulífsins var haldinn á Grand hótél Reykjavík, þriðjudaginn 4. maí 2004. Ingimundur Sigurpálsson formaður samtakanna setti fundinn kl. 11:30 og var Kristján Ragnarsson kjörinn fundarstjóri. Hann tilnefndi Álfheiði M. Sívertsen sem fundarritara.



Venjuleg aðalfundarstörf

Ingimundur Sigurpálsson formaður flutti fundinum skýrslu stjórnar fyrir næstliðið starfsár og fór yfir áherslur í starfi samtakanna á starfsárinu. Ari Edwald framkvæmdastjóri SA kynnti reikninga samtakanna og voru þeir samþykktir samhljóða. Þá kynnti Einar Benediktsson, fulltrúi kjörstjórnar, fundinum niðurstöðu úr beinni póstkosningu formanns SA, en Ingimundur Sigurpálsson hafði gefið kost á sér til áframhaldandi formennsku. Á kjörskrá voru 241.350 en greidd atkvæði voru 123.751, eða 51,7%. Af greiddum atkvæðum voru 123.204 greidd Ingimundi, eða 99,56% atkvæða. Auðir og ógildir voru 547. Ingimundur var því réttkjörinn formaður starfsárið 2004–2005. Umsjón með kosningu og talningu atkvæða hafði kjörnefnd sem skipuð var þeim Einari Benediktssyni, Helga Magnússyni og Páli Sigurjónssyni. Þá var samþykkt tillaga kjörnefndar um 20 menn til setu í stjórn SA starfsárið 2004–2005. Loks var samþykkt tillaga fundarstjóra um Stefán Bergsson hjá PricewaterhouseCoopers sem endurskoðanda SA starfsárið 2004–2005.



Opin dagskrá

Opin dagskrá aðalfundar hófst kl. 13:00 með ræðu nýkjörins formanns SA, Ingimundar Sigurpálssonar. Í ræðu sinni fjallaði Ingimundur meðal annars um það hversu mikið hefur áunnist í íslensku efnahagslífi á tiltölulega skömmum tíma. Hann lagði þó jafnframt áherslu á mikilvægi þess að sköpuð séu ný störf í íslensku atvinnulífi. Þá fjallaði Ingimundur um framlag stjórnvalda til gerðar kjarasamninga og sagði hann stöðugleikann mikilvægasta framlagið undanfarinn rúman áratug. Rifjaði hann upp hvernig aðilar vinnu-markaðarins tóku höndum saman við stjórnvöld við mótnum nýrrar efnahagsstefnu árið 1990, með ýmsar kröfur á hendur stjórnvöldum. Ingimundur sagði að frá árinu 1990 hefði smám saman dregið úr kröfum samningsaðila á hendur stjórnvöldum við gerð kjarasamninga. Þannig hefðu samtök atvinnurekenda ekki haft uppi neinar sértækar kröfur gagnvart ríkisvaldinu í tengslum við kjarasamninga síðasta áratuginn og væri það til vitnis um þær miklu skipulagsumbætur sem orðið hefðu

á efnahagsstjórninni hér á landi á þessum tíma. Þá fjallaði Ingimundur um nýgerða kjarasamninga og mikilvægi þess að forsendur þeirra haldi og lagði hann mikla áherslu á mikilvægi þess að hið opinbera léti af forystu sinni um kostnaðarhækkunarir í launum og öðrum starfskjörum. Enn fremur fjallaði Ingimundur um kaupmáttaraukningu síðustu ára, öflugt lífeyriskerfi og hátt gengi krónunnar, vöxt samneyslunnar skattamál og fleira. Að síðustu þakkaði hann Davíð Oddssyni forsætisráðherra samstarfið undanfarin þrettán ár, en á þeim tíma ávarpaði hann ávallt aðalfundi SA og forvera þeirra.

Þá ávarpaði fundinn Davíð Oddsson forsætisráðherra. Sagði hann meðal annars að ef við vildum halda forystuhlut okkar á sviði skattamála ættum við að stefna að því að skattar á fyrirtæki yrðu ekki yfir 15% í framtíðinni. Davíð fjallaði um góðan hagvöxt allt frá árinu 1995. „Mestu skiptir að kaupmátturinn hefur vaxið jafnt og þétt í heilan áratug. Þessi langi samfelldi tími vaxandi kaupmáttar sýnir svo ekki verður um villst mikilvægi þess að kjarasamningar séu í samræmi við greiðslugetu atvinnuveganna. Það er síðan verkefni okkar allra að búa atvinnulífinu þannig aðstæður að greiðslugetan verði sem mest. Þannig fær launafólk mest í sinn hlut. Nýgerðir kjarasamningar eru til langs tíma. Það er mikill kostur. Friður á vinnumarkaði er forsenda þess að fyrirtæki geti skipulagt starfsemi sína þannig að gagn sé að. Framundan er því mikið tækifæri fyrir Ísland og nú riður á að nýta það vel.“ Forsætisráðherra fjallaði enn fremur um fjölmiðlafrumvarp ríkisstjórnarinnar, stækkun Evrópusambandsins, stöðu EES-samningsins og fleira. Að lokum ítrekaði hann þakki sínar til forsvarsmanna Samtaka atvinnulífsins. „Samtökin gegna lykillhlutverki í íslensku atvinnulífi og á engan hallað þegar á það er bent hversu stóran þátt þau ásamt viðsejendum eiga í þeim ágæta stöðugleika sem nú ríkir í atvinnulífi þjóðarinnar. Ég óska forystumönnum samtakanna alls hins besta á nýju starfsári og óska þess að í störfum sínum verði þeir farsælir og gíftudrjúgir. Þegar þeim tekst best upp hagnast öll þjóðin.“

Að loknu ávarpi forsætisráðherra ávarpaði fundinn Göran Trogen, framkvæmdastjóri hjá sænsku samtökum atvinnulífsins, og fjallaði um leiðir til að efla traust almennings á atvinnulífinu. Trogen sagði frá því hvernig siðferði í viðskiptum hefur mikið verið til umræðu í Svíþjóð undanfarin ár, ekki síst í tengslum við kaupaukasamninga nokkurra stjórnenda Skandia tryggingafélagsins og mútumál sem tengjast sænsku ríkisáfgengis-

Eftirlit með atvinnustarfsemi – tillögur til úrbóta

Skýrsla SA frá maí 2004, samantekt:

Lágmarka ber umfang opinbers eftirlits, einfalda það og tryggja samræmda framkvæmd eins og framast er unnt. Þannig ber til dæmis að samræma veitingu skyldra leyfa og færa veitingu þeirra á færri hendur, gefa þau út til lengri tíma en nú er gert og sameina eftir því sem kostur er eftirlitskoðanir á vegum hinna ýmsu eftirlitsaðila. Brýnt er að auka fyrirsjáanleika í eftirliti og koma í veg fyrir að eftirlit sé ólíkt milli eftirlitsumdæma. Sums staðar þarf jafnframt að huga að gjaldtökunni, en óeðlilegt verður að teljast að fyrirtæki séu látin greiða eftirlitsgjöld umfram þann kostnað sem af viðkomandi eftirliti hlýst. Umbuna ber fyrirtækjum fyrir virkt innra eftirlit eða rekstur viðurkenndra gæðastjórnunarkerfa. Loks ber ávallt að skoða kosti þess að bjóða framkvæmdina út á markaði, sé eigið innra eftirlit fyrirtækja ekki talið nægilegt. Í þessari skýrslu er fjallað um eftirlitsumhverfi nokkurra atvinnugreina með hlíðsjón af framangreindum megináherslum og tillögur gerðar til úrbóta eftir því sem við á. Rafmagnseftirlitið er nefnt til sögunnar sem dæmi um skynsamlegt fyrirkomulag.

Eftirlit með starfsemi rafverktaka – jákvæðar breytingar á síðasta áratug

Faggiltar skoðunarstofur starfa í umboði Löggildingarstofu og framkvæma skoðanir á öryggisstjórnunarkerfum rafveitna og löggiltra rafverktaka, ásamt skoðunum neysluveitna. Einnig sinna þær eftirliti með rafföngum á markaði. Fyrirgreindum skoðunum var áður sinnt af eftirlitsmönnum Rafmagnseftirlits ríkisins og rafveitna. Skoðunarstofurnar vinna samkvæmt skilgreindum verklagsreglum, sem tryggir samræmt eftirlit um land allt. Tæknar hafa verið upp úrtaksskoðanir í stað alskoðana. Komi verktaki ítrekað vel út úr skoðunum fara líkurnar á að hann þurfi að sæta eftirliti minnkandi. Beinn kostnaður hefur lækkað um um það bil helming og er borinn af öllum raforkunotendum, en óbeinn kostnaður rafverktaka af innra gæðastjórnunarkerfi er borinn af viðskiptavinum þeirra hverju sinni.

Eftirlit með byggingariðnaði

Auka þarf innra samræmi í framkvæmd eftirlits af hálfu Vinnueftirlitsins, byggingarfulltrúa sveitarfélaganna og eldvarnaeftirlitsins. Auka þarf umbun til fyrirtækja fyrir rekstur virkra gæðakerfa. Lagt er til að kannaðir verði möguleikar á að sameina eftirlit byggingarfulltrúa og eldvarnaeftirlits, þar sem faggiltum skoðunarstofum yrði falið að sjá um framkvæmdina á grundvelli ítarlegra skoðunarhandbóka. Ekki verður séð að nauðsynlegt sé að ríkisstarfsmenn sinni vinnuvélaeftirliti og er lagt til að það verði fært á hendur faggiltra skoðunarstofa. Hið sama á við um eftirlit Vinnueftirlitsins með framkvæmd laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Lagt er til að kannaðir verði möguleikar á að fela faggiltum skoðunarstofum hvoru tveggja, í umboði Vinnueftirlitsins og á grundvelli ítarlegra skoðunarhandbóka.

Eftirlit með starfsemi veitingahúsa

Lagt er til að veitingaleyfi, starfsleyfi, vinveitingaleyfi og tóbakssöluleyfi verði felld í eitt leyfi og eftirlitið með þeim þar með samræmt, en það er hvort eð er mikið til á hendi sömu aðila. Sveitarstjórnir gætu gefið leyfið út að fenginni umsögn lögreglustjóra og eldvarnaeftirlits. Tryggja þarf samræmda og stöðuga framkvæmd alls eftirlitsins og mikilvægt er að skriflegar eftirlitsskýrslur séu gerðar á staðnum hverju sinni eftir skilgreindu kerfi. Ekki verður séð að nauðsyn krefji að opinberir starfsmenn sjái um framkvæmd eftirlitsins. Skemmtanaleyfi er rétt að leggja niður, en þau fela einungis í sér sérstaka skattheimtu á þau veitingahús sem hafa að minnsta kosti stundum opið lengur en til kl. 23:30.

Bensinstöðvar

Bensinstöðvar gegna margþættu hlutverki á sviði verslunar og þjónustu. Þær þurfa mörg starfsleyfi og búa við flókið eftirlitsumhverfi. Brýnt er að endurmeta þörfina fyrir utanaðkomandi eftirlit og framkvæma ekki eða innheimta eftirlitsgjöld fyrir eftirlit sem ekki er framkvæmt. Fyrirtæki sem reka margar starfsstöðvar og allar eftir sömu handbók þurfa að öllu jöfnu ekki ítarlegt eftirlit í öllum starfsstöðvum sínum á hverju ári. Taka mætti upp úrtaksskoðanir í staðinn. Eftirlitið þarf þannig í vaxandi mæli að taka mið af frammistöðu fyrirtækja og ágæti þeirra eigin gæðakerfa. Óskilvirkt er að beina eftirliti með sölu og merkingu eiturefna og hættulegra efna að sölustöðum á hverju eftirlitssvæði, þegar innflytjendur og framleiðendur vörunnar sæta eftirliti. Loks er brýnt að afnema fjölda ólíkra leyfa og gefa þess í stað út eitt leyfi fyrir hverja starfsstöð eða jafnvel fyrir hvert fyrirtæki sem rekur fleiri starfsstöðvar, og til lengri tíma en nú tíðkast eða ótímabundið.

Eftirlit með starfsemi fjármálafyrirtækja

Óeðlilegt er að fjármálafyrirtæki beri kostnað af þeirri vinnu Fjármálaeftirlitsins (FME) sem tengist setningu laga og reglna um markaðinn. Eðlilegt er að ríkið beri þann kostnað af almennu skattfé eins og á öðrum sviðum vinnu við laga- og reglusetningu. Sívaxandi rekrarkostnaður FME, 42% aukning umfram verðlag á fimm ára tímabili, gefur ástæðu til skoða gaumgæflega hvernig hægt sé að tryggja ríkara kostnaðaraðhald, til dæmis með ríkari kröfu um rökstuðning fyrir hækkun eftirlitsgjalda samhliða auknu vægi samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila.

Hugsanlega væri rétt að fjárlagaskrifstofa fjármálaráðuneytisins fjallaði um fjárhagsáætlanir stofnunarinnar með sama hætti og innan sama ramma og áætlanir annarra stofnana, í því skyni að efla kostnaðaraðhald. Brýnt er að hlutfall eftirlitskostnaðar sem lagður er á einstaka geira sé í sem mestu samræmi við raunverulegan tíma FME við að sinna hverjum þeirra fyrir sig. Nákvæm tímaskráning er meðal annars grundvöllur fyrir því. Þessu tengd er sú eðlilega krafa að góð innri eftirlitskerfi sem leiða til takmarkaðri

eftirlitsþarfar leiði jafnframt til afsláttar á eftirlitsgjöldum, sem ekki er raunin í núverandi kerfi.

Matvælaeftirlit

Ráðgjafarnefnd um opinberar eftirlitsreglur hefur lagt til að allt matvælaeftirlit verði sameinað undir einu ráðuneyti í sérstakri Matvælastofu. Tekið er undir þá tillögur, en matvælaeftirlit fellur nú undir fjórar stofnanir þriggja ráðuneyta, auk tíu heilbrigðisnefnda sveitarfélaga. Þetta fyrirkomulag hefur oft í för með sér ósamræmi í verklagi og eftirlitsaðferðum, ómarkvissa verkskiptingu, óljósa ábyrgð og flókna stjórnsýslu. Fjöldi dæma er um skörun og hættu á tvíverknaði. Stefna ber að því markmiði að allt vettvangseftirlit á vegum Matvælastofu geti farið fram í einni og samræmdri skoðun hverju sinni. Ágæt reynsla er af framkvæmd faggiltra skoðunarstofa á eftirliti með vinnslu sjávarafurða og full ástæða til að ætla að slíkt fyrirkomulag megi taka upp víðar, jafnvel við allt eftirlit sem hafa þarf með matvælaefyrirtækjum. Ströngum kröfum um virkt innra eftirlit matvælaefyrirtækja þyrfti að fylgja ríkari umbuna, líkt og heimilt er að veita eftirlitsþegum, í formi færri heimsóknna eftirlitsaðila eða lægri gjaldtöku.

Eftirlit með fiskeldi

Faggiltar skoðunarstofur annast eftirlit í umboði Fiskistofu, á grundvelli ítarlegra skoðunarhandbóka. Gera þarf skoðunarstofunum kleift að annast nær allt utanaðkomandi eftirlit í hverju fyrirtæki, að svo miklu leyti sem utanaðkomandi eftirlit þykir nauðsynlegt. Þannig mætti semja við eina skoðunarstofu um framkvæmd þess eftirlits sem þegar er framkvæmt af þeim í umboði Fiskistofu, en jafnframt um framkvæmd eftirlits Veioðmalastjóra og heilbrigðiseftirlits eða Umhverfisstofnunar. Þegar er gerð rík krafa um innra eftirlit fiskeldisfyrirtækja og auka þarf umbun fyrir rekstur slíkra kerfa.

Skipaskoðun

Hagsmunaaðilar í útgerð og siglingum hafa verið mjög hlynntir því að einkaaðilar sæju um skoðun skipa, samanber starfsemi svonefndra flokkunarfélaga. Þann 1. mars síðastliðinn var hluti skipaskoðunar færður frá Siglingastofnun til faggiltra skoðunarstofa. Hagsmunaaðilar hafa gert alvarlegar athugasemdir við breytinguna og telja hana ekki undirbúna með fullnægjandi hætti. Bent er á að regluverkið sé flókið og efasemdir eru um kostnaðarþáttinn. Ekki er komin teljanleg reynsla á framkvæmdina en ljóst er að ekki verður snúið aftur til þess kerfis sem buið er að leggja af og óskandi að breytingarnar reynist farsælar. Í skyni hagræðingar og til að forðast tvíverknað ber hins vegar að heimila flokkunarfélögum að annast framkvæmd allra lögbodinna skoðana þeirra skipa sem þau hafa eftirlit með. Þá ber að hætta útgáfu hinna séríslensku haffærisskirteina og taka þess í stað upp útgáfu svonefndra öryggisskirteina með fimm ára gildistíma og árlegri áritun.

einkasölu. Samhliða alþjóðlegri umræðu um Enron, Worldcom og fleiri fyrirtæki hafi verulega dregið úr trausti sænsks almennings til atvinnulífsins. Í ljósi þessarar umræðu hafi sænska ríkisstjórnin skipað nefnd stjórnámalamanna og fulltrúa atvinnulífs til þess að semja drög að síðareglum

fyrir stjórnir fyrirtækja, sem snúa meðal annars að samskiptum stjórnar og aðalfundar og að ákvörðun launakjara æðstu stjórnenda. Þá sagði Trogen frá því hvernig sænsku samtök atvinnulífsins hafa samþykkt viðmiðunarreglur sem snúa að ákvörðunartöku um launakjör æðstu stjórnenda

fyrirtækja þar sem áherslan er lögð á gagnsæi, upplýsingagjöf og sjálfstæði við ákvörðunartöku. Meðal annars er mælt með því að allir kaupréttarsamningar þarfnist samþykkis hluthafafundar. Sænsku samtök atvinnulífsins hafa jafnframt haldið veglegar ráðstefnur um traust almennings til atvinnulífsins og að sögn Trogens telja samtökin sig hafa náð árangri í að ná skilningi fólks á því að fyrrnefnd mál séu undantekningin en ekki reglan og að ötullega sé unnið að því innan atvinnulífsins að efla siðferði í viðskiptum.

Loks kynnti Ari Edwald framkvæmdastjóri SA nýja skýrslu samtakanna, *Eftirlit með atvinnustarfsemi – tillögur til úrbóta*, en samantekt skýrslunnar er að finna í ramma hér til hliðar. Í skýrslunni er fjallað með almennum hætti um fyrirkomulag slíks eftirlits og sett fram almenn viðmið og tillögur til úrbóta þar að lútandi. Áhersla er lögð á að sýna hvernig þessi almennu viðmið geta átt við um einstakar atvinnugreinar og það eftirlit sem viðhaft er með þeim. Fjallað er um eftirlit með starfsemi rafverktaka, byggingarverktaka, veitingahúsa, bensinstöðva, fjármálafyrirtækja og fiskeldisfyrirtækja, og um skipaskoðun og matvælaeftirlit. Jafnframt eru dæmi tekin úr öðrum áttum um skynsamlegt fyrirkomulag eftirlits, óþarft eftirlit og um íþyngjandi reglubyrði fyrir atvinnulíf. Ari sagði meðal annars víða vera svigrúm til hagræðingar á þessu sviði. Þannig mætti sameina eftirlit, samræma framkvæmd, sameina leyfisveitingar, auka umbun fyrir virkt innra eftirlit fyrirtækja og lækka kostnað. Hann sagði það vera von Samtaka atvinnulífsins að skýrslan nýtist við slíka hagræðingu.

12.2 STÖRF FRAMKVÆMDASTJÓRNAR

Framkvæmdastjórn SA stýrir starfsemi samtakanna í samræmi við stefnumörkun stjórnar og hélt hún níu fundi á starfsárinu. Auk fastra liða, það er efnahags- og kjaramála, var meðal annars fjallað um áherslur SA í starfi árin 2004–2005, áform stjórnvalda um skattalækkanir, reglur SA um tilnefningar í stjórnir lífeyrissjóða, viðræður við ASÍ um lífeyrismál, starfsumhverfi viðskiptalífsins og skýrslu nefndar þar um, málefni erlends starfsfólks, sameiningu HR og THÍ og aðild SA að ýmsum rannsóknarstofnunum.

12.3 STÖRF STJÓRNAR

Stjórn SA kom fjórum sinnum saman á starfsárinu. Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra kom á fund stjórnarinnar í byrjun október og fjallaði um stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahags- og skattamálum. Á fundum stjórnarinnar var fjallað um áherslur í

starfi SA, lífeyrismál, atvinnuréttindi útlandinga, kjaramál og um efnahags- og skattamál.

12.4 FUNDIR MEÐ FRAMKVÆMDASTJÓRUM AÐILDARFÉLAGA SA

Framkvæmdastjórn SA og aðildarfélaganna sjö hittast fyrsta mánudag hvers mánaðar á formlegum fundum. Á fundum á starfsárinu var fjallað um fjölda mála sem tengjast starfi samtakanna, rekstri og stefnu. Meðal umfjöllunarefna, auk efnahags- og kjaramála, var stefnumörkun samtakanna varðandi vörugjöld og virðisauka-skatt, samkeppnismál, áform um olíugjald í stað þungaskatts, tollamál, Úrvinnslusjóður, þjónustutillskiptun ESB, nýr og sameinaður háskóli, kerfisbreyting hjá lífeyrissjóðum, samkeppni Íbúðalánasjóðs og banka, styrking krónunnar, gjaldskrár orkufyrirtækja og hafna, vörumerkið „Iceland“ og verkaskipting SA og aðildarféлага.

12.5 MÁLEFNASTARF SA

Málefnaþópar SA eru tíu talsins og fjalla um efnahagsmál, vinnumarkað, skatta, menntun, jafnrétti, umhverfismál, lífeyrismál, samkeppnislög, alþjóðamál og um rannsóknir og nýsköpun. Flestir hóparnir funda að jafnaði um það bil tvisvar á ári, en í tengslum við endurútgáfu ritsins *Áherslur atvinnulífsins* í maí 2005 voru fleiri fundir í flestum hópanna. Í ritinu er fjallað um áherslur atvinnulífsins í umræddum tíu málaflokkum, auk þess ellefta sem er reglubyrði og eftirlit. Er sú umfjöllun byggð á skýrslunni *Eftirlit með atvinnustarfsemi – tillögur til úrbóta*, sem SA gáfu út í maí 2004 og fjöldi aðila kom að. Samantekt þeirrar skýrslu er að finna í ramma hér til hliðar.

12.6 STARFSFÓLK SA

Nokkrar breytingar urðu á skrifstofu samtakanna á starfsárinu. Þrír nýir starfsmenn voru ráðnir á stefnumótunar- og samskiptasvið, þau Ástfríður M. Sigurðardóttir matvælafræðingur, Hörður Vilberg blaðamaður og Pétur Reimarsson efnaverkfræðingur. Ástfríður starfar á Evrópuskrifstofu atvinnulífsins í Brussel í hlutastarfi. Þá var Guðlaugur Stefánsson hagfræðingur ráðinn til starfa á hagdeild samtakanna og María Huldarsdóttir var ráðin sem móttökuritari á skrifstofusviði. Helga Jóhannesdóttir bókari, Kristófer Már Kristinsson sem starfað hafði í Evrópuskrifstofu atvinnulífsins og Vilborg H. Júlíusdóttir hagfræðingur létu af störfum hjá SA, sem og Óskar Mariusson efnaverkfræðingur sem lét af störfum fyrir aldurs sakir. Eru þeim öllum þökkú vel unnin störf í þágu samtakanna.



Skipurit Samtaka atvinnulífsins

Helstu hlutverk skrifstofu Samtaka atvinnulífsins eru að hafa fyrir hönd samtakanna umsjón með gerð og túlkun kjarasamninga, gæta hagsmuna félagsmanna í málaflokkum sem varða atvinnulífið í heild og veita félagsmönnum þjónustu og ráðgjöf eftir þörfum. Þá hefur hún umsjón með sameiginlegri stefnumótunar- og málefnavinnu innan SA og sér um að fylgja stefnunni eftir með upplýsingamiðlun og öðrum hætti.

Helstu ábyrgðarsvið vinnumarkaðssviðs eru að stuðla að framgangi hagkvæmra lausna á vinnumarkaði sem varðveita sveigjanleika og viðhalda stjórnunarrétti fyrirtækja, stuðla að bættum samskiptum fyrirtækja og starfsmanna, koma í veg fyrir ágreining á vinnustöðum og að leysa úr ágreiningi og stuðla að vinnufriði.




Helstu ábyrgðarsvið stefnumótunar- og samskiptasviðs eru að samtökin sýni frumkvæði og hafi ævinlega skýra stefnu, að tryggja miðlun réttra upplýsinga um stefnu og starfsemi, byggja upp og viðhalda góðri ímynd SA, og að koma SA í fremstu röð við að nýta upplýsingatækni.

Helstu ábyrgðarsvið hagdeildar eru að bregðast við óskum og kröfum um verkefni af hálfu stjórnar eða annarra eininga innan SA og að færa umræðu um efnahagsmál inn á nýjar brautir þar sem þörf krefur.

Helstu ábyrgðarsvið skrifstofusviðs eru að tryggja skilvirgni í rekstri SA og að veita öðrum sviðum á skrifstofu SA almenna skrifstofuþjónustu.

Skipurit skrifstofu Samtaka atvinnulífsins



ÁRITUN ENDURSKOÐANDA

Við höfum endurskoðað ársreikning Samtaka atvinnulífsins fyrir árið 2004. Ársreikningurinn hefur að geyma áritun framkvæmdastjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning 31. desember 2004, sjóðsstreymi, yfirlit yfir reikningskilaaðferðir og skýringar. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum Samtaka atvinnulífsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka. Endurskoðunin, sem tekur mið af mati okkar á mikilvægi einstakra þátta og áhættu, felur í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar sem koma fram í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Samtaka atvinnulífsins á árinu 2004, efnahag þess 31. desember 2004 og breytingu á handbæru fé á árinu 2004, í samræmi við lög, samþykktir Samtaka atvinnulífsins og góða reikningskilavenju.

Reykjavík, 4. apríl 2005.

PricewaterhouseCoopers hf


Stefán Bergsson
löggiltur endurskoðandi



REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2004

	2004	2003
Rekstrartekjur		
Árgjöld aðildarfélaga	198.200.184	183.744.920
Þjónustusamningar	7.780.108	3.922.550
Styrkur til hag- og tæknideildar	2.400.000	2.400.000
Félagsheimilásjóður	3.605.995	3.861.328
Þóknun frá Vinnudeilusjóði v. fjárvörslu	2.500.000	2.500.000
Aðrar tekjur	2.736.177	2.494.627
	<u>217.222.464</u>	<u>198.923.425</u>
Rekstrargjöld		
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	131.859.526	127.947.431
Kostnaður v. funda og móta	18.294.456	15.906.595
Útbreiðslu- og félagsmál	25.625.373	12.558.102
Rekstur húsnæðis og annarra eigna	9.274.010	9.518.169
Fyrningar	9.367.225	9.386.575
	<u>194.420.590</u>	<u>175.316.873</u>
Hagnaður fyrir fjármunatekjur og (-gjöld)	22.801.874	23.606.552
Fjármunatekjur og (-gjöld)		
Vaxtatekjur	2.958.637	561.671
Vextir og verðbætur	(95.412)	(151.328)
	<u>2.863.225</u>	<u>410.344</u>
Hagnaður ársins	<u>25.665.099</u>	<u>24.016.896</u>

**Greidd árgjöld 2004
Flokkun eftir atvinnugreinum**



EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2004

EIGNIR

Fastafjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir:

Fasteign, Borgartún 35	161.311.076	164.742.030
Sumarhús	4.351.711	5.373.124
Tölvubúnaður, innréttingar og skrifstofuáhöld . . .	8.188.517	14.032.198
	<u>173.851.304</u>	<u>184.147.352</u>

Áhættufjármunir og langtímakröfur:

Eignarhlutur í Fræðslumiðstöð atvinnulífsins	250.000	250.000
--	---------	---------

Fastafjármunir samtals	174.101.304	184.397.352
-------------------------------------	-------------	-------------

Veltufjármunir

Viðskiptamenn	1.156.224	2.551.716
Sjóður og bankainnstæður	118.382.705	81.309.548
	<u>119.538.929</u>	<u>83.861.264</u>

Eignir samtals	<u>293.640.233</u>	<u>268.258.616</u>
-----------------------------	--------------------	--------------------

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2004

EIGIÐ FÉ OG SKULDIR

Eigið fé

Óráðstafað eigið fé	284.326.220	258.661.121
	<u>284.326.220</u>	<u>258.661.121</u>

Skammtímaskuldir

Ýmsar skammtímaskuldir	9.314.013	9.597.495
	<u>9.314.013</u>	<u>9.597.495</u>

Eigið fé og skuldir samtals	<u>293.640.233</u>	<u>268.258.616</u>
--	--------------------	--------------------

ÁRITUN FRAMKVÆMDASTJÓRNAR

Meðfylgjandi ársreikningar Samtaka atvinnulífsins voru samþykktir á framkvæmdastjórnarfundi þann 4. apríl 2005.

F.h. framkvæmdastjórnar,

Ingimundur Sigurpálsson, formaður sign.

Ari Edwald, framkvæmdastjóri sign.

RÉTTARVERNDARSJÓÐUR SA ÁRIÐ 2004


	2004	2003
Höfuðstóll 01.01.	12.281.379	11.000.000
Ávöxtun ársins	1.802.395	1.281.379
Úthlutað úr Réttarverndarsjóði 2004	(150.000)	0
Höfuðstóll 31.12.	<u>13.933.774</u>	<u>12.281.379</u>

VINNUDEILUSJÓÐUR SA

REKSTRARREIKNINGUR ÁRIÐ 2004

	2004	2003
Rekstrartekjur		
Árgjöld aðildarféлага	42.145.533	39.806.280
Húsaleiga	19.296.168	17.253.529
Fjármunatekjur	195.658.914	121.345.179
	<u>257.100.615</u>	<u>178.404.988</u>
Rekstrargjöld		
Greiðslur til NEMIA	9.614.658	7.359.561
Stjórnarfundur NEMIA	0	535.760
Rekstrarkostnaður húsnæðis	13.100.209	12.738.064
Þóknun til SA vegna fjárvörslu	2.500.000	2.500.000
Innh.kostnaður, endurskoðun o.fl.	2.752.798	2.059.568
	<u>27.967.665</u>	<u>25.192.954</u>
Rekstrarhagnaður	229.132.950	153.212.034
Fjármagnsgjöld		
Vaxtagjöld	(6.208.946)	(3.870.230)
Hagnaður tímabilsins	<u>222.924.004</u>	<u>149.341.804</u>

Skipting verðbréfaeignar
Vinnudeilusjóðs 31.12. 2004



Rúmlega 340 m.kr. af 1.763 m.kr. eigin fé sjóðsins eru bundnar í fasteigninni Borgartúni 35, en aðrar eignir eru ávaxtaðar í innlendum og erlendum verðbréfum. Nafnávöxtun var 15,69% á síðasta ári.

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2004

EIGNIR

Fastafjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir:

Fasteign	336.505.215	343.543.759
Áhöld, tæki og innréttingar	5.061.452	5.962.544
	<u>341.566.667</u>	<u>349.506.303</u>

Áhættufjármunir og langtímakröfur:

Hlutabréf	1.158.192.332	656.928.522
Skuldabréf	429.756.134	564.366.574
Næsta árs afborgun skuldabréfa	(23.952.293)	(42.133.147)
	<u>1.563.996.173</u>	<u>1.179.161.950</u>

Fastafjármunir samtals 1.905.562.840 1.528.668.253

Veltufjármunir

Skammtímakröfur:

Víxileign og viðskiptakröfur	1.789.427	937.575
Gjaldf. afborganir og vextir skuldabréfa	525.816	1.134.546
Næsta árs afborgun skuldabréfa	23.952.293	42.133.147
Bankainnstæður	9.503.845	55.368.620
	<u>35.771.381</u>	<u>99.573.888</u>

Eignir samtals 1.941.334.221 1.628.242.141

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2004

EIGIÐ FÉ OG SKULDIR

Eigið fé

Óráðstafað eigið fé	1.767.289.169	1.544.365.169
---------------------	---------------	---------------

Skammtímaskuldir

Skammtímalán í erlendri mynt	63.391.759	79.575.580
Ógreiddur fjármagnstekjuskattur	7.700.759	2.184.696
Víxilskuld v. fjárvörslu	100.000.000	0
Ýmsar skammtímaskuldir	2.952.534	2.116.696
	<u>174.045.052</u>	<u>83.876.972</u>

Skuldir samtals 174.045.052 83.876.972

Eigið fé og skuldir samtals 1.941.334.221 1.628.242.141

Samþykkt í stjórn sjóðsins þann 6. apríl 2005.

Starfsfólk Samtaka atvinnulífsins



Ari Edwald,
framkvæmdastjóri



Arndís Arnardóttir,
ritari




Auður Guðmundsdóttir
bókari



Álfríður M. Sívertsen,
lögmaður



Ástfríður Sigurðardóttir
Evrópuskrifstofa SA



Erlen Jónsdóttir,
móttökuritari



Guðlaugur Stefánsson
hagfræðingur



Gústaf Adolf Skúlason,
forstjóri stefnumót-
unar- og samskiptasviðs



Hannes G. Sigurðsson,
aðstoðarframkvæmdastjóri



Hrafnhildur Stefánsdóttir,
yfirhöfðingur



Hörður Vilberg
blaðamaður



Jón H. Magnússon,
lögmaður



Jón Rúnar Pálsson,
lögmaður



Jónína Gissurardóttir,
félagsfræðingur



Kristín Jónsdóttir
forstjóri skrifstofusviðs



María Huldarsdóttir
móttökuritari



Pétur Reimarsson
efnavekrfræðingur



Ragnar Árnason,
forstjóri vinnumarkaðssviðs

Samtök atvinnulífsins

Samtök atvinnulífsins voru stofnuð í september 1999 sem heildarsamtök íslenskra atvinnurekenda. Meginmarkmið SA er að skapa fyrirtækjum hagstæð skilyrði til að vaxa, þróast og bera arð. Samtökin kappkosta að veita félögum góða þjónustu og að vera öflugur málsvari atvinnulífsins gagnvart stjórnvöldum og almenningi.

Tvíþætt aðild

Fyrirtæki verður aðili að SA með því að ganga í eitthvert aðildarfélaganna og öðlast þar með tvíþætta aðild. Alls eiga um 2000 fyrirtæki aðild að samtökunum.

Aðildarfélög SA eru sjö og starfa á grundvelli atvinnugreina.

Þau eru:

- Landssamband íslenskra útvegsmanna
- Samtök ferðaþjónustunnar
- Samtök atvinnurekenda í raf- og tölvuiðnaði
- Samtök fiskvinnslustöðva
- Samtök fjármálafyrirtækja
- Samtök iðnaðarins
- SVP-Samtök verslunar og þjónustu

Samtök atvinnulífsins

Borgartúni 35
105 Reykjavík
Sími 591 0000
Myndsendir: 591 0050
Veffang: www.sa.is
Netfang: sa@sa.is

Evrópuskrifstofa atvinnulífsins

Avenue de Cortenbergh 168
B-1000 Brussel
Belgium
Sími: 322 280 0852
Myndsendir: 591 0050
Netfang: asta@sa.is



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Borgartún 35, 105 Reykjavík
www.sa.is